



SKOÐUN BIN-hópurinn skrifar um brandara borgarfulltrúa Besta flokksins. **15**



MENNING Kórstelpurnar úr Graduate Nobili myndaðar með heitasta pípar-sveininum í Hollywood. **34**



SPORT Ísland getur tryggt sér sigur í sínum riðli í undankeppni EM 2014 í Hvíta-Rússlandi í dag. **30**

HEILSURÆKT & SUND

SUMARTILBOÐ
Mánaðarkort aðeins
kr. 7.490,- *World Class ICELAND*

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
12. júní 2013
136. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefniáskiptinum Casapremi Cellup, janúar - mars 2012

FRÉTTIR



Fín fiskveiði í túnum

Fjölskyldan á Finnsstöðum við Lagarfljót heldur í gamlar hefðir og veiðir urriða sem leitar í skurði í heimatúnum bæjarins. **2**

Neita báðir Annþór Karlsson og Börkur Birgisson neita því báðir að hafa ráðist á samfanga sinn og valdið honum áverkum sem drógu hann til dauða. **4**

Óvissa um gildi Líklegt er að fjöldi lagaákvæða og reglugerða hér sé ógildur vegna þess að gleymski hafi að senda upplýsingar til ESA. **6**

Deila við eigendur Mikil óánægja ríkir meðal rekstraraðila á Hljómálandarreitnum með framferði nýrra eigenda lóðarinnar. **10**



| | | | |
|----------------|-----|-----|---|
| Bolungarvík | 10° | S | 3 |
| Akureyri | 14° | SSA | 5 |
| Egilsstaðir | 12° | ASA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | ASA | 3 |
| Reykjavík | 12° | SA | 3 |

Bjart með köflum og skúrir vestan til en dálítill rigning suðaustanlands. Hægur eða fremur hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 8 til 20 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Stöð 2 | Fólk



www.kaupungull.is

Græddu á gulli

Kringlunni

3. hæð þri. mið. frá kl. 11.00 til 18.00

Upplýsingar og tímapantanir: Sverrir s. 661-7000



ÓVISSAN RÍKIR ENN Íbúar á hjúkrunarheimilinu Eir fjölmenntu á kröfuhafafund í gær. Enn ríkir mikil óvissa um hvað verður um þær fjárhæðir sem þeir lögðu í íbúðar-réttinn. Eiginfjárstaða Eirar er neikvæð um 881 milljónir og hefur hjúkrunarheimilið ekki greitt af lánum frá því í september. sjá síðu 12

Segir útspil OR í ætt við pólitíska refsakák

Fyrirverandi forstjóri Orkuveitunnar segir Hellisheiðarmálið snúast um að drepa, eða seinka, Hverahlíðarvirkjun. Hluti af öfugsnúinni umhverfisumræðu, segir hann. Ekkert nýtt sé að fréttu í Hellisheiðarvirkjun og engan vanda að leysa.

ORKUMÁL „Fyrir mér hljómar þetta allt sem pólitísk leikflétta í baráttu gegn fleiri álverum á Íslandi. Þetta lyktar allt af því að menn séu að reyna að drepa, eða seinka, Hverahlíðarvirkjun. Það er þáttur í baráttu gegn alþjóðafyrirtækjum á heimsvísu, sem mér þykir öll umhverfisumræða hér lituð af. Reynt er að stilla málum þannig upp að álver séu af hinu illa,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Reykjavík Geothermal og fyrirverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR).

OR hyggst tengja Hellisheiðarvirkjun við háhitasvæðið í Hverahlíð með gufulögn til að tryggja full afköst. Verði þessi leið farin setur það spurningarmerki við uppbyggingu virkjunar í Hverahlíð. Orka þaðan er ætluð álveri Norðuráls í Helgúvík. Guðmundur segir þessa framsetningu OR ekki standast skoðun og staðan á Hellisheiði sé máluð of



Hraðinn við Hellisheiði óheppilegur

Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur og fyrirverandi rektor Háskóla Íslands, segir að jarðvarmavirkjanir þurfi að byggja upp í áföngum. Óheppilegt hafi verið að byggja jafn stóra einingu og Hellisheiðarvirkjun á sínum tíma. „Á jarðhitavirkjanirnar er ekki að treysta nema að þeim sé gefinn tími til að byggja þær upp í áföngum svo menn skilji hvað þær þola,“ segir Sveinbjörn og telur að hver áfangi ætti að vera um 50 megavött.

svörtum litum. Ekkert hafi breyst, en aldrei hafi verið farið í að bora viðhaldsholur á mótí minnkandi þrýstingi eins og alltaf stóð til.

„Þetta á við um allar jarðhitavirkjanir,“ segir Guðmundur og bendir á að hægt sé að koma fyrir a.m.k. níu til tíu viðhaldsholum á besta svæðinu við Hellisheiðarvirkjun. Það myndi duga til að viðhalda þrýstingi í jafn mörg ár miðað við 2,3% samdrátt eins og nú er [6 megavött].

„Að segjast eiga blásandi holur í Hverahlíð, og að skynsamlegra sé að nota þær en að fjárfesta í nýjum holum er eitt. Eins að

rekstrarlega hagkvæmara sé að hafa virkjunina við hliðina á Hellisheiðarvirkjun, en það er allt önnur umræða en að ekki sé til næg orka.“

Guðmundur segist engin gögn hafa séð sem benda til þess að svæðið sé að dala hraðar en reiknað var með og að enginn hafi haldið því fram að orka sé að ganga til þurrðar á Hellisheiðarsvæðinu.

„Svo er það dapurlegt að með þessu gáleysistali setja menn útflutning jarðhitabekkingar, sem skilar milljörðum á ári til þjóðarbúsins, í hættu. Allt svona er dregið fram af samkeppnisaðilum okkar erlendis. Það verða menn að athuga.“

- shá / sjá síðu 6

Nýtt frumvarp frá ráðherra: Þingið skipi eitt í stjórn RÚV

FJÖLMIDLAR Stjórn RÚV verður framvegis kjörin af Alþingi ef frumvarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra nær í gegn.

Núgildandi lög, sem samþykkt voru í mars, kveða á um að ráðherra velji formann stjórnar, starfsmenn RÚV einn áheyrnarfulltrúa og hinir fimm séu tilnefndir af valnefnd skipaðri fulltrúum ráðherra, Alþingis, Bandalags íslenskra listamanna og Samstarfsnefndar háskólastigs. Nýja frumvarpið kveður hins vegar á um að valnefndin verði slegin af og allir stjórnarmenn séu tilnefndir af Alþingi. - þj

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

KASTANÍA
HÖFÐATORG

NÝJAR VÖRUR
KLÚTAR · SKART · ÚR · TÖSKUR

Opið mán - fös 11-18 lau 12-16
S. 577-5570 | Erum á facebook

SPURNING DAGSINS



Guðni, gengur söfnunin ekki eins og í sögu?

„Jú, eins og í lygasögu.“

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra og formaður Framsóknarflokksins, hyggur á útgáfu sagnabálks í haust. Hann safnar nú skemmtilegum sögum í bókina.

Tyrkneska lögreglan réðst af hörku gegn mótmælendum á Taksim-torgi í Istanbul í gær:

Skutu plastkúlum á fólk og beittu táragsasi

TYRKLAND Lögreglumenn í Istanbul réðust til atlögu við mótmælendur á Taksim-torgi snemma í gærmorgun. Þeir beittu táragsasi, vatnsbyssum og plastkúlum til að dreifa mótmælendum. Einhverjir svöruðu með því að kasta steinum í lögreglumenn og kveikja í flugeldum og bílum.

Forsætisráðherra landsins, Tayyip Recep Erdogan, sagði á fundi með flokksfélögum sínum í gær að mótmælin yrðu ekki umborin lengur. Þau væru skipu-

lögð tilraun til að grafa undan valdi og orðspori Tyrklands.

Mótmælendur bæði í Istanbul og Ankara létu þó engan bilbug á sér finna. Þeir gagnrýna það sem þeir segja einræðistilburði forsætisráðherra.

„Þetta er fasismi. Okkar barátta mun halda áfram. Við höldum áfram að streitast á móti. Það verður missir forsætisráðherra ef hann breytir ekki viðhorfi sínu,“ sagði mótmælandi á Taksim-torgi í gær.

- þeb



TAKSIM-TORG Táragsasprenning og brennandi sendiferðabíll á Taksim-torgi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÍSLANDSSKAFLINN Heimamenn á Húsavík eru ánægðir með að hafa Ísland í bæjarfjallinu. MYND/GAUKUR HJARTARSON

Skemmtilegt fyrirbrigði vekur lukku á Húsavík:

Sjá Íslandskort í fönn

UMHVERFISMÁL Sérkennilegur snjóskafli í Húsavíkurfjalli vekur nú aðdáun bæjarbúa. Sjá heimamenn fönnina mynda skýrar útlínur Íslands.

Magnað, flott, skemmtilegt og snilld, segir í umræðum um skafllinn á sérstakri Húsavíkursíðu á Facebook. „Er ekki upphaf Íslands á Húsavík?“ spyr einn. „Þess vegna heitir það Ísland!“ segir annar. „Snæland“ leggur einn til og annar dregur þessa ályktun: „Ísland er í Húsavíkurlandi!“

- gar

1,6 milljónir á vergangi: SP vill flóttamenn til Evrópu

SVISS, AP Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ræðir nú við ýmis Evrópuríki um að taka við flóttamönnum frá Sýrlandi.

Adrian Edwards, talsmaður stofnunarinnar, segir málefni flóttamanna brýnt. 1,6 milljónir manna séu á vergangi og Sameinuðu þjóðirnar telja að sjá fjöldi muni tvöfaldast á næstu mánuðum. Flóttamannastofnunin hyggst halda fund með stjórnvöldum ýmissa ríkja vegna þessara mála í lok mánaðarins.

„Við viljum taka ábyrgð. Þetta er spurning um hvernig alþjóðasamfélagið styður við þetta stóra mannúðarmál.“

- þeb

Féll í Hjaltadalsá í gærdag:

Minkaskyttan enn ófundin

LEIT Leitinn að minkaveiðimanni sem féll í Hjaltadalsá í Hjaltadal eftir hádegi í gær hafði enn engan árangur borið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Til stóð að halda áfram leit í nótt en um 70 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni í gær og þyrta Landhelgisgæslunnar leitaði einnig úr lofti.

Maðurinn hvarf sjónum veiðifélaga síns stuttu eftir að hann féll í ána. Sá var ekki með síma og þurfti að sækja hjálp til Sauðárkróks.

Áin er í miklum vexti og mórauð þessa dagana og aðstæður til leitar því erfiðar.

- þj

Fiskveiði í túnum við Lagarfljót gengur vel

Fjölskyldan á Finnsstöðum við Lagarfljót heldur í gamlar hefðir og veiðir urriða sem leitar í skurði í heimatúnum bæjarins í vorleysingum. Vel veiddist í þetta sinn. Sonur hjónanna á bænum skipti silungi fyrir hamborgara á hótelinu á árum áður.

UMHVERFISMÁL „Það var meiri veiði núna en verið hefur undanfarin ár enda vatnið náttúrulega margfalt meira,“ segir Svanur Hallbjörnsson bifvélavirki sem gerði ágæta silungsveiði á túni við Lagarfljót um síðustu helgi.

Svanur er fæddur og uppalinn á Finnsstöðum rétt utan við Egilsstaði og sonur hjónanna sem þar búa enn. Um helgina var Svanur þar með konu sinni og börnum þegar Lagarfljót flæddi yfir bakka sína og inn yfir engi og upp á tún bæjarins. Tækifærið var notað til að leggja silunganet í kíll sem liggur að fljótinu.

„Þetta hefur verið gert síðan ég man eftir mér og alveg frá því í tíð forfeðra minna,“ segir Svanur sem kveður árangurinn nú hafa verið býsna góðan þær tvær nætur sem net voru lögð. Stærsti fiskurinn að þessu sinni hafi verið rúmlega tvö pund.

„Þegar snjóá leysir hækkar yfirborðið í fljótinu, mismikið eftir snjómagni. Þá flæðir vatnið upp á nesið fyrir neðan bæinn og er eins og hafsjór að horfa yfir,“ útskýrir Svanur sem kveður vaðið og veitt í kílum sem venjulega sé hægt að stökkva yfir. Þar sé moldarbotn sem fiskur leiti alla jafna ekki mikið í.

„En um leið og vatnið hækkar þá kemur fiskurinn og þá alveg inn á tún. Þarna hendir maður bara netinu niður,“ segir Svanur.

Í ljósi nýlegra fregna um bágst ástand lífríkis Lagarfljóts er Svanur spurður hvort hann, í gegnum þennan árlega veiðiskap, hafi tekið eftir breytingum. Hann segist ekki átta sig á þeim.



HAFDÍS ANNA SVANSDÓTTIR Þessi litla hnáta tók fagnandi urriðunum sem vorleysingar úr Lagarfljóti skiluðu upp á tún á Finnsstöðum. MYND/HJÓRDIS ÓLAFSDÓTTIR



LAGARFLJÓTSFISKUR Urriðinn sem veiddist um helgina var á bilinu eitt til rúmlega tvö pund.

„Þó fannst mér á tímabili veiðast færri fiskar en vatnið var þá að vísu minna,“ svarar hann.

Tólf til fjórtán fiskar komu í netin hvora nótt hjá Svani og fjölskyldu. Nánast full net, segir hann. En er urriðinn úr Lagarfljóti góður matfiskur?

„Nei, hann er það náttúrulega ekki þanneginn,“ játar Svanur. „En fiskurinn er misjafn. Það hefur

Maður fékk tíu hamborgara fyrir höldupoka af silungi.

Svanur Hallbjörnsson bifvélavirki

alltaf verið moldarbragð af sumum en aðrir eru ágætir.“

Sem fyrr segir hefur þessi veiðiskapur, sem heimafélkið kallar „túnfiskveiðar“, verið stundaður um langan aldur á Finnsstöðum.

„Þegar ég var þjakkur var maður með tvö til þrjú net og veiddi kannski 100 til 150 fiska. Þá var farið með fiskinn og býttá við kokkinn á Hótel Herðubreið á Seyðisfirði. Maður fékk tíu hamborgara fyrir höldupoka af silungi. Það var ágætt þegar maður var krakki,“ segir Svanur Hallbjörnsson.

gar@frettabladid.is

Ákvörðun Skipulagsstofnunar felld úr gildi varðandi sjóeldi í Ísafjarðardjúpi: Sjókvíaeldi skal í umhverfismat

FISKELDI Fyrirhugað sjó þúsund tonna sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi, þar á meðal á laxi, skal háð mati á umhverfisáhrifum. Landssamband veiðifélaga (LV) telur um áfangasigur að ræða.

Á síðasta ári ákvað Skipulagsstofnun að fyrirhugað 7.000 tonna sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. LV kærði þá ákvörðun.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur kveðið upp úrskurð sinn og eru úrskurðarorð nefndarinnar eftirfarandi: „Fellð er úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 4. apríl 2012 um að 7.000 tonna áframeldi á eldisfiski í Ísafjarðardjúpi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Í tilkynningu frá LV segir að um mikinn áfangasigur sé að ræða fyrir sambandið og aðra sem



FISKELDI Til stendur að ala 7.000 tonn af fiski. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kærðu úrskurðinn. „Þó er ekki um fullnádarsigur að ræða enn. Gera verður ráð fyrir að nú verði farið í umhverfismat á áhrifum stórfellds fiskeldis á þessum slóðum. Óvíst er hvernig niðurstöður þess mats verða, og uns það liggur fyrir er of

snemmt að fagna fullum sigri. En við vonum hið besta og þótt ekki sé annað er það mikill sigur að hafa á endanum fengið viðurkennt að framkvæmdir af þessum toga séu háðar umhverfismati,“ segir í tilkynningu LV.

- sha

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekkur 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

4G

Hringdu núna
78-12345

& FÁÐU
NETIÐ
SENT
HEIM
innan 60 mínútna



Frí heimsending á höfuðborgar-
svæðinu. Við komum með 4G
netið rakleiðis heim að dyrum
á innan við 60 mínútum.

4G box

1.690 kr. /mán. í 12 mán.

Með þjónustusamningi í áskrift.

Fullt verð í áskrift og frelsi: **2.190 kr./mán.**



15 GB
3.990 kr.

50 GB
4.990 kr.

100 GB
5.990 kr.

4G Netið hjá Nova – 3X meiri hraði en í ADSL!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Heimsending í síma 78- 12345 | Opið frá kl. 9–21 virka daga og 10–18 um helgar

Þjónustusamningur í áskrift er til 6 mánaða, greitt með kreditkortu auk 325 kr. greiðsludreifingargjalds.

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



35.410 var samanlagður fjöldi gesta sem sóttu leiksfélagi á Íslandi leikári 2011-2012.

Flestir leikhúsgesta fóru á sýningu á höfuðborgarsvæðinu eða 9.759.

Ríkissaksóknari gefur út ákæru í risavöxnu e-töflumáli tæpum tveimur árum eftir að það kom upp: Segist hafa ætlað að smygla kíló af kókaíni

DÓMSMÁL Nítján ára piltur, sem ákærður er fyrir að flytja til landsins um 30 þúsund e-töflur síðsumars 2011, játaði að hluta sök við þingfestingu málsins í gær. Hann sagðist þó hafa haldið að hann væri að flytja inn eitt kíló af kókaíni.

Tæp tvö ár eru síðan málið kom upp. Þá greindi Fréttablaðið frá því að sautján ára piltur hefði verið gripinn með efnin falin í farangri sínum í Leifstöð við komuna frá Kaupmannahöfn.

Pilturinn, Einar Örn Adolfsson, hefur nú loksins verið ákærður fyrir smyglið eftir volk í kerfinu – málið hefur meðal annars

verið sent aftur til rannsóknar hjá lögreglu.

Annar maður, hinn 21 árs gamli Finnur Snær Guðjónsson, er ákærður fyrir skipulagningu smyglisins en neitaði sök við þingfestinguna í gær. Þriðji maðurinn er einnig ákærður fyrir að skipuleggja smyglið. Hann er þeirra elstur, 32 ára, og heitir Einar Sigurður Einarsson. Hann var ekki viðstaddur þingfestinguna í gær þar sem hann er staddur erlendis.

26. ÁGÚST 2011 Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu á forsíðu í ágúst 2011.

Tugþúsundir e-taflna í farangri 17 ára pils

Unglingspiltur var í gær úrskurður á gæsluvarðhald til 7. september. Hann var tekinn með 30 þúsund e-töflur og fimmt kíló af íblöndunarefnum í Leifstöð við komuna frá Kaupmannahöfn. Pilturinn hefur ekki áður komist í kast við lög.

A þungan dóm yfir höfði sér

Tölvverðir í Leifstöð og Lögreglan á Suðurnesjum hafa á undanföllum mis- eum og árum þrjú margar stórnar flöðunarmengingar. Líst er að sautján ára pilturinn sem nú situr á gæsluvarðhald, grunaður um að hafa reynt að smygja til landsins um þrjú þúsund e-töflur, getur átt yfir höfði sér þungan dóm ef sök samast. Helstu máli þvi sambandi dóm yfir löngun Kára Párllo þvinn, sem var 8 júlí ákærður dæmdu í sex og hálfs ára fangelsi fyrir að flytja nær 37 þúsund e-töflur og 4,471 skammt af LSD til landsins.



RJÚPA Að svo stöddu er ekki vitað hvers vegna rjúpunni hefur fjölgað.

Fækkunarskeiði lýkur óvænt:

Rjúpnastofninn styrkist töluvert

NÁTTÚRA Rjúpu fjölgar samkvæmt tölum rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meðalfjöldun rjúpna var 47 prósent samandregið fyrir öll talningarsvæði.

Niðurstöðurnar koma á óvart þar sem fækkunarskeiðið sem nú lýkur var tæp þrjú ár en fyrri fækkunarskeið hafa varað í fimm til sjö ár. Ástæða fjölgunar er ekki ljós og mun ekki liggja fyrir fyrr en farið hefur verið í útreikninga á afföllum rjúpna og mat á veiði 2012.

Sjúkratryggingar Íslands: Skrá þarf börn hjá tannlækni

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkratryggingar Íslands taka ekki þátt í greiðslu tannlækninga barna nema barnið sé skráð hjá heimilistannlækni. Tannlækningar barna sem hafa heimilistannlækni verða greiddar að fullu af Sjúkratryggingum fyrir utan 2.500 kr. árlegt komugjald, að því er segir á vef landlæknis.

Forráðamenn geta skráð börn sín hjá heimilistannlækni á vef Sjúkratrygginga og valið tannlækni af lista. Hafi barn ekki verið skráð þegar það kemur í tannfettir-lit getur tannlæknir gengið frá skráningunni.

Samningurinn milli Sjúkratrygginga og Tannlæknafélags Íslands tekur gildi fyrir einstaka aldurshópa í áföngum.

Ný könnun í Svíþjóð: Yfir 80 prósent vilja ekki evru

SVÍÞJÓÐ Ef haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla núna myndi 81 prósent Svía greiða atkvæði gegn því að sænsku krónunni yrði skipt úr fyrir evru.

Aðeins 11% vilja að evra verði gjaldmiðill Svíþjóðar en 8% hafa engan skoðun á málinu. Þetta eru niðurstöður könnunar sænsku hagstofunnar. Karlar eru hlynntari upptöku evru en konur. Af þeim rúmlega fimm þúsundum sem spurð voru kváðust 44% vera hlynnt aðild að ESB, 27% eru andvíg en 29% óákveðin.

Krefst milljóna í bætur: Orðuð við vændi á korti sveitarfélagsins

SVÍÞJÓÐ Kona í Svalöv í Svíþjóð fer fram á jafngildi 2,3 milljóna íslenskra króna í bætur frá sveitarfélaginu. Á korti sveitarfélagsins af bænum Röstanga voru ýmis vandamálsvæði merkt samkvæmt ábendingum bæjarbúa.

Eftir var til göngu um svæðin og fengu þátttakendur kort sveitarfélagsins. Í texta um eitt húsanna sagði að því væri illa við haldið og að þar væru leigutakar sem ónaði stafaði af, árásargjarnir hundar og að orðrómur væri á kreiki um fíkniefnaviðskipti og vændi. Konan sem krefst nú bóta er íbúi hússins.

SUÐUR-AFRÍKA

Mandela enn á spítala

Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, hefur nú verið á spítala í á fimmta sólarhring vegna alvarlegrar sykingar í lungum. Íbúar Suður-Afríku fylgjast grannt með heilsu hans, en stjórnvöld segja hann alvarlega veikan.



MIKIÐ UMSTANG Annþór, til vinstri, var til friðs á leiðinni inn og út úr dómshúsi. Börkur, til hægri, hljóðaði hins vegar og var á endanum fluttur brott í sjúkrabíl.



MIKIÐ UMSTANG Annþór, til vinstri, var til friðs á leiðinni inn og út úr dómshúsi. Börkur, til hægri, hljóðaði hins vegar og var á endanum fluttur brott í sjúkrabíl.

Börkur neitaði og fór á Hraunið í sjúkrabíl

Annþór Karlsson og Börkur Birgisson neita því báðir að hafa ráðist á samfanga sinn og valdið honum áverkum sem drógu hann til dauða. Mikill viðbúnaður var í Héraðsdómi Reykjaness. Börkur kenndi sér meins og var fluttur burt í sjúkrabíl.

DÓMSMÁL Ofbeldismennirnir Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson neituðu því báðir við þingfestingu í Héraðsdómi Suðurlands í gær að hafa ráðist á samfanga sinn í maí í fyrra og valdið honum áverkum sem drógu hann til dauða skömmu síðar.

Sigurður Hólm Sigurðsson fannst látinn í klefa sínum um miðjan maí í fyrra. Síðar hefur komið í ljós að það var vegna þess að milta hans hafði rofnað. Annþór og Börkur, sem afplána nú sjö og sex ára fangelsidóma sem þeir fengu í desember fyrir nokkrar hrottafengnar líkamsárásir, voru handteknir inni í fangelsinu nokkrum dögum síðar og færðir í einangrun, grunaðir um að hafa valdið dauða Sigurðar.

Tvímennigarnir voru nýverið ákærðir vegna málsins, ekki fyrir manndráp heldur sérstaklega hættulega líkamsárás sem leiddi til dauða.

Annþór og Börkur voru leiddir fyrir dómara á Selfossi í gær þar sem ákæran var þingfest. Lögregla meinaði fréttamönnum aðgang að dómshúsi, að sögn að beiðni dómara, en Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari upplýsti um það að þinghaldinu loknu að Annþór og Börkur hefðu báðir lýst sig saklausa af ákæru-efninu.

Mikill viðbúnaður var við dómshúsið, átta lögreglumenn stóðu þar vörð og sersveitarmenn fluttu tvímennigana inn og út. Börkur taldi

sér ekki fært að ganga sökum bakveggja lögreglumanna.

Inni tók ekki betra við, Börkur kallaði eftir lækni og dómari sá sér ekki annað fært en að láta boða sjúkrabíl á staðinn, sem síðan flutti Börk aftur á Litla-Hraun.

„Það liggur fyrir og lá fyrir að hann er sjúklingur,“ segir Sveinn Guðmundsson, verjandi Barkar. „Hann er með mjög mikið brjóstsklos á háu stigi og það ber þar af leiðandi að meðhöndla hann eftir því.“

Verjendur tóku sér frest fram á mitt sumar til að kynna sér gögn málsins og ákveða hvort þeir vilja skila greinargerð. Aðalmeðferð í málinu fer líklega fram í haust.

stigur@frettabladid.is

Nicorette® QuickMist munnholsúði 20% afsláttur af 1 og 2 stk. pakkningum. Tilboðið gildir til 30. júní. Lyf & heilsa Við hlustum!

Veðurspá. Hæglætisveður verður á landinu næstu daga og væta en ekki útilokað að sólin láti sjá sig á milli skúra. Þótt vætan geti fallið um allt land eru meiri líkur á rigningu austanlands en skúrum vestan til. Hljást veður í innsveitum norðan- og vestanlands. Á morgun Hæg eða fremur hæg breytileg átt víðast hvar. Föstudagur Hæg eða fremur hæg breytileg átt víðast hvar. Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður.

HÚSGAGNADAGAR!

30% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM

15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU



Candy tungusvefnsófi með rúmfatageymslu

Tveir höfuðpúðar fylgja. Lausir púðar fylgja ekki með.

Stærð: 260 x 164 cm

Litir í leðri; svart, grátt og brúnt

Verð: 695.000,- nú 486.500,-.



tommy m buster leðursófi

Stærð: 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm, stóll 81 cm

Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt

Verð: 4ra 841.000,- nú 588.700,-, 3,5 sæta 719.000,- nú 503.300,-, stóll 353.000,-, nú 247.100,-. Lausir púðar fylgja ekki með.



Cam Crescent sófar

Stærð: 3ja 228 x 93 cm, 2,5 sæta 198 x 93 cm.

Verð í áklæði: 3ja 498.000,- nú 348.600,-, 2,5 sæta 338.000,- nú 236.600,-



idp Sphera sófasett í leðri 3+1+1

Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm

Litir; svart, grátt og dökkbrúnt

Verð: 949.000,- nú 664.300,-



HTL 2335 tungusófi í leðri

Stærð: 260 x 165 cm

Litir; svart og brúnt

Verð: 495.000,- nú 346.500,-



HTL 9610 tungusófi í leðri

Stærð: 276 x 167 cm

Litir; svart og brúnt

Verð: 549.000,- nú 384.300,-



HTL 9759 tunguhornsófi í leðri

Stærð: 267 x 212 cm

Litir; svart og brúnt

Verð: 624.000,- nú 436.800,-

HEIMA HÚSIÐ

VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

VEISTU SVARID?



1. Hvaða stjörnuþáttur líkti íslensku söngkonunni Grétu Karen Grétarsdóttur við söngstjörnuna Taylor Swift?
2. Hvaða takmark hafa Íslendingarnir sem róa yfir Atlantshafið frá Noregi?
3. Hvers konar bók er Guðni Ágústsson að rita?

SVÖR
stjálum sér.
1. Perez Hilton 2. Áð komast í heimsmetna-
bók Guinness 3. Sagabálk með sögum af

Fæstir borgarbúar kjósa að búa í Breiðholti þrátt fyrir að fasteignaverð sé með því lægsta sem þekktist: Bættar almenningssamgöngur lykilatriði

SKIPULAGSMÁL Fasteignaverð í Breiðholti er með því lægsta á höfuðborgarsvæðinu. Framboð á íbúðum þar er mikið og fjarlægð frá miðju borgarinnar töluverð.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir að bættar almenningssamgöngur séu veigamikili atriði til að auka áhuga fólks á íbúðarkaupum í Breiðholti.

„Ef fólk fær ódýrari og mun skjótari almenningssamgöngur hefði það áhrif á að það sæi sér hag í að búa þarna,“ segir hún. „Ég tel

einnig að vinsældir hverfisins fari mikið eftir því hvernig borgaryfirvöldum tekst til við að gera hverfið aðlaðandi og gott fyrir þennan mikla íbúafjölda.“

Hún undirstrikar þó að það sé engin leið að spá fyrir um hvernig svæðið muni þróast.

„Hverfið er á falletum stað og Breiðhýltingar búa yfir og njóta mikilla lífsgæða eins og útivistarsvæða og náttúrufergurðar,“ segir hún og bendir einnig á að framboð á íbúðum í hverfum 111 og 109

Óvinsælasta hverfi Reykjavíkurborgar

Breiðholt var óvinsælasta hverfi borgarinnar árið 2007 og þar hefur ekki orðið breyting á þar sem hlutfallslega fæstir íbúar Reykjavíkur kjósa að búa í Breiðholti miðað við önnur hverfi og af rúmlega 20.000 íbúum Breiðholts kjósa einungis 45 prósent að búa þar ef þeir fengu að velja.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun á húsnæðis- og búsetuókum borgarbúa 2013 sem unnin var fyrir rannsóknarhópið Betri borgarbragur og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur og notuð var til hliðsjónar við framkvæmd aðalskipulags borgarinnar og greint var frá í fréttum Stöðvar 2 fyrir helgi.

hafi verið mikið og það lækki sjálfkrafa fasteignaverð. Svo megi ekki gleyma því heimslögmáli að eftir

því sem fjær dregur miðju stórborga, þeim mun lægra sé fasteignaverðið.

VORHREINSUN

Aðeins 4 verð í búðinni
2000 kr. - 3000 kr.
4000 kr. - 5000 kr.

Mind Xtra

Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Herra
hafnarfirður

S. 572 3400

Samskiptaleysi við ESA gæti ógilt fjölda laga

ESA telur líklegt að íslensk stjórnvöld hafi vanrækt tilkynningaskyldu sína til stofnunarinnar á síðustu árum. Fyrir vikið gætu ýmis lagaákvæði og reglugerðir verið felld fyrir dómstólum. Lögmaður segir slík ákvæði á víð og dreif í lagasafninu.

STJÓRNSÝSLA Líklegt er að fjöldi lagaákvæða og reglugerða sem íslensk stjórnvöld hafa lögfest á síðustu árum yrði felldur fyrir dómstólum þar sem farist hefur fyrir að tilkynna reglurnar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Á þetta við um ýmiss konar takmarkanir á fjórfrelsisákvæðum Evrópuréttar.

„Samkvæmt tilskipunum sem Íslandi ber að fylgja í samræmi við EES-samninginn skulu íslensk stjórnvöld bera undir ESA lög og reglugerðir sem varða ákveðna málaflokka. ESA fær hins vegar mjög fá slík erindi frá Íslandi, mun færri en stofnunin fær frá samanburðarlöndum,“ segir Xavier Lewis, forstöðumaður framkvæmda- og lögfræðisviðs ESA, og bætir við að þetta bendi til þess að íslensk stjórnvöld hafi vanrækt tilkynningaskyldu sína til ESA.

Þá segir Lewis að þetta skapi ákveðin vandamál því EFTA-dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að reglugerðir á þessum sviðum sem ekki hafi verið tilkynntar til ESA séu í raun óvirkar. Þær geta því ekki lagt skyldur á herðar einstaklingum og rekstraraðilum.

Dómafordæmið sem Lewis vísar til varðar mál sem íslenska heildverslunin HOB-vín höfðaði gegn ÁTVR eftir að verslunin hafnaði því að selja ákveðnar vörur þar sem umbúðir þeirra þóttu kynferðislegar.

Ákvörðun ÁTVR byggði á ákvæði í lögum um verslun með áfengi og tóbak en eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur bað um ráðgefandi álit frá EFTA-dómstólum komst síðarnefndi dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að löggin væru ógild þar sem ESA hefði ekki borist tilkynning um þau.



ÁTVR EFTA-dómstóllinn komst í fyrra að þeirri niðurstöðu að ákvæði í lögum um verslun með tóbak og áfengi væru ógild þar sem ESA hefði ekki fengið tilkynningu um ákvæðin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérreglur draga úr samkeppnishæfni

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, tekur undir með Páli Rúnari og bendir á að innflytjendur þurfi til dæmis oft að sérmerkja vörur fyrir íslenskan markað vegna innlendra reglna.

„Ég get tekið dæmi um að gerð var krafa um að innihaldslýsing hundamats yrði birt á íslensku en þessi sama krafa hefur ekki verið gerð um innihaldslýsingu á mannmat. Svona reglur valda því að það ríkir ekki sú eðlilega samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu sem EES-samningurinn á að tryggja,“ segir Almar og bætir við að í mörgum tilfellum hafi íslensk stjórnvöld ekki heimild til þess að setja viðkomandi reglur. Þá séu sérreglur jafnan til þess fallnar að draga úr hagkvæmni og framleiðni í íslensku efnahagslífi sem dragi úr samkeppnisstöðu landsins.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur, segir að mikið sé um ákvæði sem þessi sem enginn fótur sé fyrir. Slík ákvæði séu á víð og dreif, einkum þegar kemur að réttarumhverfi fyrirtækja og innflutnings á vörum til landsins.

„Íslensk stjórnvöld virðast gjörn á að sérsauma hinar ýmsu reglur sem ekki taka mið af innri markaðnum og skuldbindingum okkar

samkvæmt EES-samningnum. Í þessum tilvikum ofmeta stjórnvöld gjarnan svigrúm sitt og hunsa þar að auki oft tilkynningaskyldu sína,“ segir Páll.

Þá segir Páll að skort hafi á að einstaklingar og fyrirtæki láti reyna á reglur fyrir dómi. Þangað til það sé gert muni þessi ákvæði standa óhögguð, þessum aðilum og oft samfélaginu öllu til tjóns.

magnusl@frettabladid.is

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

15% afsláttur
af öllum pakkningum

Nicotinell
Fruit 2 mg

Afslátturinn gildir út júní.

Lyfjaval
Mjódd Álftramýri
Bilaapótek Hæðasmára

APÓTEK
Lyfjaval.is • sími 577 1160

NÝTT HAFRAKEX

ÍSLANDSKEX
KEX smíðjan

Ílmandi Ljuffengt

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

Fyrirverandi háskólaþak og starfsmaður Orkustofnunar:

Jarðhiti nýtist varla í Helguvík

ORKUMÁL Endurhugsa þarf orkugjafa til álvers í Helguvík þar sem vandséð er að jarðvarmavirkjanir geti nýst því í náinni framtíð. Þetta segir Sveinbjörn Björnsson, fyrirverandi rektor Háskóla Íslands, sem vann lengi hjá Orkustofnun.

Sveinbjörn segir að jarðvarmavirkjanir þurfi að byggja upp í áföngum. Óheppilegt hafi verið að byggja jafn stóra einingu og Hellsheiðarvirkjun á sínum tíma.

„Það er alveg ljóst og hefur alltaf verið að jarðhitavirkjanir henta ekki til stórra áfanga í álverum. Það er eðlilegast að byggja þær

virkjanir upp á nokkuð mörgum árum. Stíga kannski skref á borð við 50 megavött í hvert sinn og þannig láta reynsluna skera úr um hversu stór stöðin getur orðið. Vatnsaflsvirkjanir eru annars eðlis, það er hægt að meta strax hve mikið afl þær gefa,“ sagði Sveinbjörn í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Sveinbjörn segir að kröfur áliðnadarins séu nú hins vegar svo miklar að mjög erfitt gæti verið að afla nægrar orku sem gæti nýst Helguvík.

„Við eigum enga vatnsaflsvirkjun sem nær því afli, þess vegna verðum við að smala saman úr mörgum virkjunum. Það er hugsanlegt að það megi smala saman einhverjum vatnsaflsvirkjunum en á jarðhitavirkjanirnar er ekki að treysta nema að þeim sé gefinn tími



FRÁ HELGUVÍK Óvíst er hvort jarðvarmavirkjanir muni nýtast álveri sem Norðurál reisir í Helguvík í Reykjanesbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

til að byggja þær upp í áföngum svo menn skilji hvað þær þola,“ segir Sveinbjörn.

- kk

BLÓÐGJAFADAGURINN

Fimmtudaginn 13. júní kl. 16-19

Við hús Blóðbankans á Snorrabraut 60

Dagskráin:

8-19: Blóðbankinn tekur á móti blóðgjöfum.

11-13: Blóðgjafafélagið grillar pylsur í hádeginu fyrir blóðgjafa.

16-19: Aðaldagskrá Blóðgjafadagsins:

Vöflubakstur, pylsur, hoppukastali, andlitsmálning og tónlistaratriði með Bigga í Maus. Emmess býður öllum upp á ís.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mætir með slökkvibíl, sjúkrabíl, mótörhjól og reykkafarabúning.

Bangsaspítali Lýðheilsufélags læknanema verður á svæðinu og tekur á móti böngsum í lækni skoðun.

Blóðbankabíllinn verður til sýnis og allir blóðgjafar fá rós í boði íslenskra blómabænda.

Allir velkomnir!



Nýir tímar í aðgengi að sjónvarpsefni

Nýtt app frá OZ gerir sjónvarpsáhorfendum kleift að taka upp og safna sjónvarpsefni, bæði þáttum og kvikmyndum. Áskrift að þjónustunni má nálgast á áskriftarvef Stöðvar 2. „Stigið inn í framtíðina,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

TÆKNI Nýir tímar eru runnir upp í sjónvarpsáhorfi landsmanna að sögn framkvæmdastjóra OZ, sem býður nú upp á háskerpusjónvarpsútsendingar í gegnum smáforrit, svokallað app.

„Við höfum verið með lítinn hóp notenda til að prófa kerfið, en erum nú að taka skrefið til fulls,“ segir Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri OZ, um nýja kerfið sem hleypt verður af stokkunum í dag.

OZ er í nánu samstarfi við Stöð 2, sem heyrir undir 365 miðla hf. líkt og Fréttablaðið, en með þjónustunni býðst áskrifendum OZ og Stöðvar 2 að nálgast háskerpusjónvarpsefni af stöðvum Stöðvar 2 og RÚV í snjalltækjum; sínum og spjaldtölvum, með OZ-appinu sem hægt er að sækja í forritaveitu Apple, App Store.

Meðal þess helsta sem þjónustan felur í sér er að áskrifendur OZ og Stöðvar 2 geta safnað saman þáttum, barnaefni og bíómyndum sem verða svo aðgengileg til áhorfs úr skýinu. Þá er möguleiki á að fara allt að klukkustund aftur í tímann til að byrja að horfa, ef komið er inn í miðja mynd eða þátt. Þá er einnig hægt að streyma útsendingunni áfram á hefðbundinn sjónvarpsskjá í gegnum Apple TV.



SJÓNVARPIÐ Í GEGNUM OZ-APPIÐ Áskrifendur stöðva Stöðvar 2 geta nú notið sjónvarpsefnis á nýjan hátt í gegnum OZ-appið. Meðal annars safnað þáttum, barnaefni, íþróttaútsendingum og kvikmyndum.

„Það má svo sannarlega segja að áskrifendum okkar bjóðist að stíga inn í framtíðina,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365, um nýja OZ-appið. Fyrirtækið sé afar stolt af þessari nýju þjónustu sem sé viðbót við aðrar dreifileiðir sjónvarpsefnis sem þegar eru í boði.

„Þessi frábæra þjónusta nýtist öllum, börnum sem fullorðnum, og á vafalaust eftir að slá í gegn. Í gegnum þessa græju upplifir fólk fyrir alvöru gæðin á dagskrá Stöðvar 2 og fylgistöðvanna,“ segir Ari.

Guðjón segir að þetta sé upphafið að enn meiri útbreiðslu OZ.

„Ísland er okkar fyrsta markaðssvæði, sem er eðlilegt þar sem við erum íslenskt sprotafyrirtæki, og hér erum við að læra af markaðnum í hvaða átt er mest spennandi að fara.

Það sem við erum að bjóða upp á núna er nokkuð stórt skref í því hvernig fólk nýtur efnis frá sjónvarpsstöðvum og næsta skref hjá okkur verður að efla það viðmót.“

Guðjón segir að næstu mánuði verði tekin ákvörðun um hvaða markaðssvæði verði næst ráðist í. Þar komi fjögur til greina, meðal annars í Evrópu og Suður-Ameríku.

thorgils@frettabladid.is

HOLLIR NAGGAR

Krakkarnir elska grænmetisnaggana frá Hálsans Kök. Prófaðu með góðri samvisku. Holl og bragðgóð tilbreyting.

INNIHALD
Prótein úr soja (35%) og hveiti (15%).
Brauðrasp (hveiti og sesam), vatn, jurtaolía, laukur, eggjahvítuþvott, hveiti, ger, salt (1,5%), laukduft, maltódestrín, sterkja.

Hálsans Kök
Sesam Nuggets
Seesaminuggar

heilsurettir.is

FRAMÚRSKARANDI

www.landrover.is



NÝR RANGE ROVER EVOQUE – VERÐ FRÁ 8.770.000 KR.

4x4 - TD4 2,2 dísil, sjálfskiptur - Eyðsla 6,5 l/100 km.*

Þú veist það strax og þú sérð hann. Það er eitthvað sérstakt við Range Rover Evoque. Hönnunin togar í þig um leið. Útlitið hvíslar að þér einhverju um ævintýri, þægindi og óbeislaða upplifun. Búnaðurinn er á heimsælikvarða, hvort sem um ræðir aksturseginnleika, fjöðrunarbúnað, drifkerfi eða afl.

Leyfðu honum að heilla þig. Komdu og reynsluaktu Evoque. Hafðu samband í síma 525 8000 eða komdu í heimsókn.

**OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12-16**



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070



DO YOU HAVE A PASSION FOR PERFORMANCE?

SENIOR WEBMASTER

We are looking for a Senior Webmaster who will be responsible for developing current group websites and run a creative process of building new sites for markets and products. We are looking for a team player who excels in concept development, as well as world class production on the web.

The Senior Webmaster needs to have exceptional talent with at least five years of experience in the field and a bachelor's degree in a relevant field. We need a proactive and highly motivated individual with a solid foundation in multiple principles including web management on a day-to-day basis and concept development.

This is what we are looking for:

- » Someone with a big heart
- » Experience with HTML and image processing
- » 5+ years of work experience
- » Excellent experience with web management tools
- » Strong communication, leadership, and team working skills
- » Sense of humor, maturity and vision

GLOBAL CONTROLLER

We are looking for someone to provide overall management of the Global Accounting area.

The successful candidate has excellent knowledge of IFRS, leadership skills and experience in an international business environment.

This is what we are looking for:

- » Someone with a passion for high standards
- » 10 years of experience of consolidations
- » CPA (lögiltur endurskoðandi), with strong understanding of IFRS and knowledge of US GAAP
- » Excellent understanding in financial reporting and intercompany pricing
- » Has a passion for policies and procedures
- » Lives for tax and audit
- » Strong communication, leadership, and team working skills

Application deadline is June 19th. Apply on www.capacent.is. The new positions will be based in Iceland.

Alvogen is an international specialty pharmaceuticals company focused on the development, manufacturing and marketing of generic pharmaceuticals. The company has 1,800 employees in 30 countries. Robert Wessman is the Chairman and CEO of Alvogen and leads its global expansion.

Alvogen has offices around the world, from Bangalore to Bulgaria, but regardless of where we are, we nurture our values and a positive working environment by hiring street smart, innovative, local people who share our competitive spirit and passion to stand out and succeed.

ESB-lönd semja eftir 13 ár: Reglur um hælisleitendur

SVÍPJÓÐ Eftir 13 ára samninga-
viðræður hafa Evrópusambands-
ríkin loks náð samkomulagi um
hvernig samræma eigi reglur um
móttöku hælisleitenda.

Á vef Göteborgs-Posten er haft
eftir Evrópuþingmanninum Cecilíu
Wikström frá Svíþjóð að um
sé að ræða sögulegan samning
sem öll aðildarríkin geti verið
stolt af. Í nýju samræmdu regl-
unum er meðal annars kveðið á
um hversu langan tíma afgreiðsla
hælisumsóknar megi taka. - ibs

Niðurstöður rannsóknar vísindamanna í Svíþjóð á íslenska hestinum:

Vindóttir hestar taldir síður þola áreiti

VÍSINDI Vindóttir íslenskir hestar
virðast viðkvæmari fyrir um-
hverfisáreiti en aðrir íslenskir
hestar. Tengsl vindótta erfðavísis-
ins og augnsjúkdóms kunna að vera
skýringin, að því er haft er eftir
vísindamanninum Emmu Brunberg
á vefnum forskning.no.

Þar kemur fram að vísbend-
ingar hafi verið um að erfiðara
væri að eiga við vindótta hesta
en aðra. Brunberg tók þátt í rann-
sókn sænskra vísindamanna á 27
íslenskum hestum, þar af níu vind-

óttum. Hún segir frekari rannsókn
þörf til að hægt sé að færa óygg-
andi sönnur á viðkvæmni vindóttra
hesta. Kanna þurfi hvort augnsjúk-
dómurinn MCOA leiði til sjónskerð-
ingar. Jafnframt þurfi að rannsaka
vindótta hesta af öðrum tegundum.

Greint er frá því að tengsl milli
erfðavísis og augnsjúkdóma hafi
fundist í öðrum dýrategundum, til
dæmis hundum og sebrafiskum.
Sýnt hefur verið fram á að tengslin
hafi haft áhrif á atferli hæna.

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir,

ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins, kveðst hafa vitað
af slíkum rannsóknum.

„En ég hef aldrei séð óyggjandi
sönnur færðar á þetta. Ég veit ekki
til þess að menn hafi merkt að vind-
óttir hestar séu viðkvæmari en
aðrir.“

Grein Brunberg og samstarfs-
manna hennar, Icelandic horses
with the silver coat colour show
altered behaviour in a fear reaction
test, hefur verið birt í ritinu Applied
Animal Behaviour Science. - ibs



VINDÓTTUR HESTUR Viðkvæmni
vindóttra hesta er viðfangsefni vísinda-
manna. MYND/GÍGJA DÖGG EINARSÓTTIR

Spennugolf 2013

Afmælis mótið verður á Garðavelli Akranesi 14. júní

Þáttföngjald er kr. 5.000,- pr. einstakling

Innifalið er : Rúta, Golf, og grill að hætti hússins
Rúta frá RSÍ Stórhöfða 31 kl. 12:15

Áætlað er að hefja leik kl. 14:00
Skráningu lýkur 12. júní kl. 16:00

Skrá hjá : gudmund@rafis.is eða Guðmundur sími 8931400
Vinsamlega skráið : Nafn – Kennitölu – Grunnförgjöf - GSM

jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði

**20%
AFSLÁTTUR**

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Hálfgerð olnbogabarn á Hljómalindarreit

Mikil óánægja ríkir meðal rekstraraðila á Hljómalindarreitnum með framferði
nýrra eigenda lóðarinnar. Villy Þór Ólafsson, eigandi Hemma og Valda, neyðist til
að loka staðnum í lok þessarar viku en sex ár eru síðan hann var opnaður.

SKIPULAGSMÁL Ekki eru allir á
eitt sáttir um fyrirhugaðar fram-
kvæmdir við Hljómalindarreit í
miðborg Reykjavíkur. Rætt hefur
verið um að reisa þar hús undir
atvinnurekstur, hótél og íbúðar-
húsnæði, svo eitthvað sé nefnt. Þá
ríkir óánægja meðal rekstraraðila



**VILLY ÞÓR
ÓLAFSSON**

á reitnum, sem
sumir hverjir
kvarta undan
samskiptaleysi
á milli eigenda
og þeirra sem
starfrækja
rekstur við
reitinn.
Fasteigna-
félagið Reginn
sá um söluna á
eignunum fyrir
hönd Landsbankans, og stofnaði
til þess dótturfélagið Laugavegs-
reitir ehf. Svo fór fasteignafé-
lagið Reginn á markað, og þá var
annað dótturfélag Landsbankans,
Hömlur, látið selja eignina. Reginn
var þó með söluna í umslu. Nýir
eigendur reitsins eru Þingvangur,
en þar fer fremstur í flokki Pálmar
Harðarson. Hann vildi ekkert
láta hafa eftir sér þegar fréttastofa
365 falaðist eftir viðbrögðum.
Það er ljóst að boðleiðirnar
eru ansi margar.

„Nýir eigendur hafa bæði boðið
mér að kaupa húsið að Laugavegi
21, sem ég vildi og bauð í í október
í fyrra, og svo dregið það til baka –
boðist til að framlengja
leigusamninginn, sem hefur enn
ekki orðið – og boðið mér að kaupa
húsnæðið við Laugaveg 23, en



Á SÉR SÖGU Kaffihúsið Hemmi og Valdi hefur verið starfrækt í gamla Hljómalindar-
húsinu við Laugaveg 21 í sex ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hættu líka við það. Það er erfitt
að vera með lítinn rekstur í svona
umhverfi,“ sagði Villy Þór Ólafsson,
eigandi kaffihússins Hemma
og Valda.

Leigusamningur Hemma og
Valda rann út þann 1. apríl síðast-
liðinn. „Ég hef reynt margt að
ná í nýju eigendurna til þess að
finna út úr þessu en þeir hafa
aldrei viljað hitta okkur. Þess í
stað höfum við bara fengið óljós
svör frá ósýnilegum mönnum í
gegnum tölvupóst. Svo var það
í lok maí sem ég fékk tölvupóst
frá Landsbankanum um að ég
skyldi rýma strax,“ sagði Villy
jafnframt. „Þetta er búið að vera

rosalega erfitt í allan vetur. Við
erum með fólk í vinnu og þetta
eru engar aðstæður til þess að
starfa í, að lifa milli vonar og ótta
með það hvort menn séu á vöktum
út vikuna eða ekki.“

Húsið sem Hemmi og Valdi er
starfrækt í er friðað. „Þetta er
hálfgerð olnbogabarn. Það má
ekki breyta húsinu að utan, það
má ekki byggja við það og ekki
rifa það,“ segir Villy sem hefur
engin svör fengið um hvað skuli
gera við húsið eftir að honum
verður hent út. „Allir segja mér
að halda áfram að berjast, en við
verðum að loka,“ sagði Villy að
lokum. olof@frettabladid.is

Vitahverfi vekur athygli fyrir litadýrð:

Litríkir vitar á Laugavegi

MENNING Vegfarendur ofarlega
á Laugavegi hafa vafalaust tekið
eftir skrautlegum staurum sem
skotið hafa upp kollinum þar síð-
ustu daga. Staurarnir eru hugs-
aðir sem vitar og eru hluti af
samstarfsverkefni nýstofnaðs
Vitahverfis, en undir það heyrir
verslanirnar Kron Kron, Kiosk,
GK og Herrafataverslun Kormáks
og Skjaldar, ásamt Kexi hosteli.

„Við fengum þá hugmynd að
skilgreina hverfið betur og setja
þessar verslanir undir sama hatt.
Það er ekki nógu mikil kynning
á þessu svæði, en fókusinn er oft
frekar á neðri hluta Laugavegar.
Þess vegna var upplögð hugmynd
að teygja aðeins úr miðbænum,
lifga upp á svæðið og gera eitthvað
saman,“ segir Guðbrandur
Bragason, kaupmaður í Herrafata-
verzlun Kormáks og Skjaldar og
forsprakki Vitahverfisins.

Staurarnir, sem nú er búið að



LÍFLEGT Guðbrandur kaupmaður segir
að götuvatarnir séu gerðir til að afmarka
Vitahverfið. Þar að auki eru þeir fallegir.

breyta í vita, þjónuðu upphaflega
þeim tilgangi að afmarka gang-
stéttina. Til stóð að fjarlægja
alla staurana en Vitahverfið fékk
að halda þeim til að lifga upp á
hverfið.

Verslanirnar fengu listamann-
inn Sigga Odds til liðs við sig við
hönnun litlu vitanna. - þp/hó

Jubilantahátíð

ÍÞRÓTTAHÖLLINI Á AKUREYRI 16. JÚNÍ 2013

Hátíðin hefst með fordrykk kl. 18. Glæsilegur
matseðill og frábær skemmtidagskrá. Dansað
verður fram á nótt við undirleik hljómsveitar-
innar **Í svörtum fötum**. Á efri hæð hússins
leika **Hemmi Ara, Sælusveitin** og
Nilli Ragnars fyrir dansi.

Upplýsingar á
ma88.org
Miðapantanir á
bautinn.muna.is

MA

Miðaverð á dansleik
kr. 4000 eftir kl. 23



BÍLA KAFFI

VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG



NISSAN QASHQAI DÍSIL 4.990 þús. kr.

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá 4,6 l/100 km*



DÍSIL

RENAULT MEGANE SPORT TOURER, SJÁLFSKIPTUR DÍSIL 3.890 þús. kr.

Fullvaxinn fjölskyldubíll sem fer hringinn á einum tanki.

Eldsneytisnotkun frá 3,7 l/100 km*



SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR 5.390 þús. kr.

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stop“ búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá 5,5 l/100 km*



NISSAN JUKE 3.990 þús. kr.

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar. Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá 5,2 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

Dauðsfall á Suður-Jótlandi: Ungur drengur lést í dagvistun

DANMÖRK Eins árs gamall drengur lést á mánudagsmorgun í Danmörku. Ekki liggur ljóst fyrir hvað olli því að drengurinn lést.

Samkvæmt lögreglu á staðnum fékk hann aðskotahlut í hálsinn þar sem hann var í dagvistun. Hann var fluttur í snarhasti á sjúkrahús en þrátt fyrir skjót viðbrögð dagmómmu drengsins, sem hafði veitt honum skyndihjálp, tókst ekki að bjarga lífi hans. Málsatvik verða rannsökuð nánar af lögreglunni á Suður-Jótlandi. - ne

Samkvæmt alþjóðlegri friðarvísitölu eru mestu átökin í Afganistan:

Ísland er friðsælasta land í heiminum

ALPJÓÐAMÁL Heimurinn er sífellt að verða ofbeldisfyllri segir í nýrri skýrslu frá Global Peace Index. Ísland er friðsælast en mestur ófriður ríkir í Afganistan.

Samkvæmt alþjóðlegu friðarvísitölunni hefur alheimsfriður fallið um fimm prósent síðan árið 2008, en átökin í Sýrlandi hafa mikil áhrif á niðurstöðuna. Ofbeldi innan ríkja er meira en á milli þeirra og hefur tíðni morða aukist verulega.

Vísitalan tekur til 162 landa og er Ísland talið friðsamast af þeim öllum annað árið í röð. Fram kemur í skýrslunni að á Íslandi ríki pólitískur stöðugleiki og að verulega hafi

dregið úr kostnaði til varnarmála sem eru helstu forsendur þess að landið trónir á toppnum. Á eftir Íslandi kemur Danmörk og Nýja-Sjáland er í þriðja sæti.

Ef á heildina er litið hefur ástandið batnað í aðeins 48 ríkjum á síðustu fimm árum en átök hafa aukist í 110 ríkjum.

Átakamestu svæðin samkvæmt skýrslunni eru Afganistan, Sýrland og Sómalía en þau ríki sem hafa sýnt mesta framför í friðar-átt eru Tsjad, Georgía og Haítí. Í skýrslunni kemur einnig fram að Evrópa sé friðsamasta heimsálfan og að þau lönd sem sitja í tíu fyrstu sætunum á listanum séu öll fremur lítil. - le



STRÍÐ Í SÝRLAND Sýrland er eitt af þeim löndum þar sem hvað mest átök ríkja. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra Ísraels: Ræðst gegn þeim sem ógna

ÍSRAEL Ísraelski herinn fylgist nú grannt með landamærum Ísraels og Sýrlands, þar sem átök í Sýrlandi hafa í vaxandi mæli farið fram í nágrenni landamæra.

Forsætisráðherra Ísraels, Benjamín Netanjahú, segist tilbúinn að ráðast gegn hverjum þeim sem ógnar öryggi ríkisins. Ísraelar hafa gert að minnsta kosti þrjár loftárásir á sýrlensk skotmörk, en hafa þó alltaf haldið því fram að þeir muni ekki láta draga sig inn í stríðið.

„Það sem vakir fyrir okkur er fyrst og fremst að viðhalda öryggi borgara okkar,“ sagði Netanjahú í fyrradag. Hann sagði Ísraela munu mæta árásum af fullum krafti. - þeb

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka þarfið tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010

Enn óvissa í Eirarmálinu

Húsfyllir var á fundi kröfuhafa Eirar í gær. Fjöldi íbúðarréttarhafa eða fulltrúa þeirra var mættur. Flestir eru í óvissu um hvað verður um þær fjárhæðir sem þeir lögðu í íbúðarréttinn á hjúkrunarheimilinu Eir.

SAMFÉLAGSMÁL Fundarmenn á kröfuhafafundi hjúkrunarheimilisins Eirar sem haldinn var í gær, ellilífeyrisþegar með íbúðarrétt á Eir og fulltrúar þeirra, samþykktu áframhaldandi greiðslustöðvun hjúkrunarheimilisins, en það var forsenda áframhaldandi nauðasamningsumleitana.

Nokkur hiti var í fundarfólki, en málefni sjálfseignarstofnunarinnar Eirar hafa verið til umræðu síðan í vetur og enn er óljóst hver niðurstaðan verður. Nú er útlit fyrir að tekist verði á fyrir dómstólum um lögmæti veðkrafna sem Íbúðalánasjóður (ÍLS) annars vegar og nokkrir lífeyrissjóðir hins vegar eiga í fasteignum Eirar.

Nokkrir íbúðarréttarhafar sem réðu sína eigin lögmenn freistuðu þess að veðskuldbréf ÍLS og lífeyrissjóða yrðu afmáð af fasteignunum á þeirri forsendu að til þeirra hefði ekki verið stofnað með lögmætum hætti.

Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði þessu í gær með bréfi til lögmanna íbúðarréttarhafa sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Stefnir í að ágreiningurinn verði til lykta leiddur fyrir dómstólum.

Fram kom í máli margra fundarmanna að óvissan væri verst, enda liggur ekkert fyrir enn um hversu miklum peningum þetta fólk muni tapa.

Eiginfjárstaða Eirar er neikvæð um 881 milljón króna og hefur hjúkrunarheimilið ekki greitt af lánum frá því í september síðastliðnum.

Helgi Jóhannesson, ráðgjafi stjórnar Eirar, segir að gangi nauðasamningsumleitani eftir gætu menn séð til lands í málinu innan sex mánaða. thorbjorn@365.is



HÚSFYLLIR Á FUNDI KRÖFUHAFA EIRAR Í flestum tilvikum voru íbúðarréttarhafar sjálfir mættir en sumir sendu fulltrúa sína á staðinn. Flestir þessara einstaklinga eru í óvissu um hvað verður um þær fjárhæðir sem þeir lögðu í íbúðarréttinn á hjúkrunarheimilinu Eir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kunna að hafa brotið eigin siðareglur

Helgi Sigurðsson, hrl. og fyrrverandi yfirlögfræðingur Kaupþings, var á fundinum í gær til að gæta hagsmuna skjólstæðings síns sem á kröfu á Eir.

„Þarna er verið að ná fram hagsmunum á kostnað þessa fólks,“ sagði Helgi á fundinum um veðrétt ÍLS og lífeyrissjóða í eignum Eirar.

Helgi sagðist velja því fyrir sér hvort lánveitendur; ÍLS og lífeyrissjóðir, kunni að hafa, í þessu sambandi, brotið eigin siðareglur við lánveitingar þegar gengið var frá veðsetningu á eignarhlutum sem aldráð fólk hafði greitt fyrir en hafði ekki tryggingu fyrir eignarétti sínum.

Flækjustigið er hátt þegar málefni Eirar eru annars vegar. Eitt sem veldur íbúðarréttarhöfum gremju er sú staðreynd að þeir greiða enn fasteignagjöld af íbúðunum, þótt þeir eigi þær ekki. „Það skýtur auðvitað skökku við að fólk sé að borga fasteignagjöld af íbúð sem það á ekki,“ sagði Helgi.

**POTTURINN ER FJÓRFALDUR
OG STEFNIR Í**

800 MILLJÓNIR

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 450 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 350 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

**450.000.000
+350.000.000**



MYTA/USIB/BSA - 13-1155

TAKK FYRIR DAGINN!

Frábær þátttaka var í

Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí á laugardaginn.

Um 14.000 konur tóku þátt í hlaupinu á 81 stað um land allt og á 17 stöðum í 11 löndum erlendis. Skoðið myndirnar á sjova.is

**Sjáumst hress á næsta ári
í 25 ára afmæli Kvannahlaupsins!**



HREYFUM OKKUR SAMAN

Pólítísk réttarhöld komu Íslandi í vandan félagsskap:

Aukið á skömm Alþingis

Enga sérstaka spekinga þurfti á sínum tíma til að sjá að réttarhöldin yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, voru pólítísk. Þannig var til þeirra stofnað, þegar þingmenn kusu eftir flokkslínunum um ákærur á hendur fyrrverandi ráðherra. Atkvæði nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar, sem vildu ákæra fyrrverandi forystumann annars flokks en hlífa samflokksmönnum sínum, réðu því að Geir var einn ákærður.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það er heldur ekki frétt að mannréttinda Geirs hafi ekki verið gætt sem skyldi við málsmeðferðina; á það var margt bent að lögin um Landsdóm væru gömul og úrelt og tryggðu ekki sama rétt til réttlátrar málsmeðferðar og nýrri lagaákvæði um meðferð sakamála.

Þeim hefur raunar fækkað stórum, jafnvel í hópi þeirra sem upphaflega studdu ákærur fyrir Landsdómi, sem telja að þar hafi verið valin rétt leið til að gera upp við efnahagshrunið. Þverpólítísk samstaða er um að endurskoða lögin um Landsdóm.

Engu að síður hlýtur það að vekja athygli, þegar í drögum að skýrslu laga- og mannréttindanefndar þings Evrópuráðsins um pólítísk réttarhöld í aðildarríkjunum er í nánast öllum atriðum tekið undir þá gagnrýni sem sett hefur verið fram hér innanlands á Landsdómsmálið.

Allir nefndarmennirnir áttatíu og fjórir skrifuðu upp á drögin, utan Þuríður Backman, þingmaður Vinstri grænna, sem skilaði séráliti og lýsti sig andvíga niðurstöðunum hvað réttarhöldin yfir Geir H. Haarde varðaði.

Í drögnum segir að í lýðræðis- og réttarríkjum verði stjórn-málalæmni að vera fríur af refsíbyrgð vegna pólítískra ákvarðana sinna. Menn eigi að bera pólítíska ábyrgð á pólítískum ákvörðunum og dómarnir í því máli séu kjósendurnir. Hins vegar beri að saksækja stjórn-málalæmni fyrir raunveruleg afbrot sem þeir fremja, hvort heldur sem einstaklingar eða í krafti embættis síns. Þeir beri refsíbyrgð á afbrotum sínum, rétt eins og venjulegir borgarar.

Pieter Omtzigt, hollenzki þingmaðurinn sem er höfundur skýrslu laga- og mannréttindanefndarinnar um málið, segir að svo virðist sem meirihluti Alþingis hafi viljað „glæpavæða“ með einhverjum hætti þá frjálslýndu efnahagsstefnu sem hafi stuðlað að uppgangi og hrúni íslensku bankanna. Saksóknari Alþingis hafi farið offari er hann reyndi að klína á Geir því „broti“ að fylgja venju sem viðhöfð hafði verið áratugum saman á Íslandi við framlagningu mála á ríkisstjórnarfundum – en það var hið afkárlega aukaatriði, sem Geir var á endanum sakfelldur fyrir í Landsdómi. Omtzigt segir að Landsdómsmálið brjóti gegn þeirri grundvallarreglu að aðskilja eigi pólítíska ábyrgð og refsíbyrgð.

Omtzigt fjallar í sömu skýrslu um saksókn nýrra stjórnvalda á hendur fyrrverandi ráðamönnum í Úkraínu vegna pólítískra ákvarðana. Þótt hann taki fram að mál þeirra og Geirs Haarde séu ekki sambærileg, er einkar vandræðalegt fyrir þau íslensku stjórnvöld sem tóku ákvörðun um ákæru á hendur Geir að vera í þeim vonda félagsskap.

Umfjöllun laga- og mannréttindanefndar þings Evrópuráðsins eykur enn á skömm Alþingis í Landsdómsmálinu. Og var hún þó ærin fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI og ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sniðugt

Guðmundur Steingrímsson og félagar í Bjartri framtíð vilja ekki sætta sig við að Evrópusambands-umsókn Íslands verði kastað fyrir róða, eins og margt bendir til að ný ríkisstjórn hyggist gera. Þess vegna tilkynnti Guðmundur um það í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi í fyrrkvöld að þingflokkur Bjartrar framtíðar hygðist nú strax á sumarþingi leggja fram þingsályktunartillögu um að þjóðin fengi fljótlega að greiða atkvæði um hvort haldið skyldi fram á veginn eða ekki. Þetta er auðvitað eina rétta leiðin, vilji menn á annað borð fá úr þessu skorið.

Fyrri til

Liðsmönnum Samfylkingarinnar leist raunar svo vel á þessa hugmynd kollega sinna í Bjartri framtíð að þeir ákváðu að vera bara fyrri til- og lögðu í gærmorgun fram nákvæmlega eins tillögu og Guðmundur hafði boðað kvöldi áður. Þetta kallar maður góðan starfsanda.

Umrenningurinn og íkorninn

Nýbakaður þingmaður, Óttarr Proppé, stal senunni eftir-



minnilega með jómfrúarræðu sinni á Alþingi í fyrrkvöld. Ræða hans var í senn skemmtileg og vakti áheyrendur til umhugsunar, auk þess sem hún var listavel skrifuð án nokkurrar uppskafningar og skættings. Það er hins vegar umhugsunarvert og segir margt um orðfæri þingmanna síðustu misseri að slík ræða skuli vekja eins mikla athygli og raun ber vitni.

stigur@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Fríverslun en áfram tvítollun

VIÐSKIPTI



Margrét Kristmannsdóttir formaður SVP, Samtaka verslunar og þjónustu

Íslensk verslun og íslenskir neytendur hafa í langan tíma búið við tvítollun á mörgum vörum. Til að útskýra ástæðu þess í örstuttu máli þá leggur ESB verndartolla á margar vörur sem fluttar eru inn til Evrópu.

Íslenski markaðurinn er það lítilt að fyrirtæki flytja sjaldan inn stórar sendingar í gámavis frá Kína til dæmis, heldur kemur megnið af innflutningi okkar frá löndum í ESB. Þegar vörur koma hingað frá ESB með uppruna utan svæðisins þá eiga birgjar okkar í Evrópu að fá þennan ytri toll endurgreiddan – en flækjustigið er svo hátt að nær allir birgjar í Evrópu neita að standa í því og velta kostnaðinum einfaldlega yfir á okkur. Því lenda fyrirtæki á Íslandi í því að greiða tollinn tvisvar, fyrst inn á ESB-svæðið og svo aftur hér heima, sem hækkar vöruverð til Íslendinga algjörlega að óþörfu.

Noregur er í sömu stöðu og við og því sendi SVP ásamt systursamtökum sínum í Noregi erindi til Brussel þar sem þess var formlega farið á leit við ESB að það einfaldaði endurgreiðsluferlið. Var vitað að þetta yrði erfið brekka enda gefur fyrsta svar frá Brussel ekki tilefni til bjartsýni.

Að leysa þetta mál gæti hins vegar lækkad vöruverð sem við Íslendingar greiðum verulega enda eru tollarnir t.d.: Fatnaður og skór 15%, búsáhöld 10%, leikföng 10%, hús-

→ Var vitað að þetta yrði erfið brekka enda gefur fyrsta svar frá Brussel ekki tilefni til bjartsýni.

gögn 10%, reiðhjól 10%, hjólbarðar 10% og raftæki 7-15%.

Íslenskir neytendur borga því meira en þeir ættu að gera fyrir þessar vörur án nokkurra gildra ástæðna, eingöngu vegna flækjustigs kerfisins.

Íslenskir innflytjendur urðu bjartsýnir þegar fríverslunarsamningur við Kína var undirritaður í vor. Vitað er að margar vörur sem fluttar eru hingað til lands eru framleiddar í Kína og töldu flestir að þannig væri vandinn í sambandi við tvítollunina að nokkru leystru.

SVP fékk það hins vegar staðfest í síðustu viku frá tollayfirvöldum hér heima að niðurfelling tolla mun eingöngu eiga sér stað þegar um beinan innflutning frá Kína er að ræða. Tollfrelsið glattist hafi vara verið tollafgreidd inn á yfirráðasvæði annars ríkis. Þetta eru mikil vonbrigði fyrir innflytjendur en ættu að vera ekki síður mikil vonbrigði fyrir íslenska neytendur og íslensk heimili.

Slagurinn við óréttlæti tvítollunar heldur því áfram.

Elsku bestu Reykvíkingar

SKIPULAG

Fyrir hönd BIN hópsins – Björgum Ingólfs-torgi og Nasa.

Áshildur Haraldsdóttir
Björn B. Björnsson
Guðríður Adda Ragnarsdóttir
Halla Bogadóttir
Helgi Þorláksson
Páll Óskar Hjálmtýsson
Ragnheiður Þorlákssdóttir
Samúel Jón Samúelsson
Þóra Andrésdóttir

Borgarfulltrúar Besta flokksins skrifuðu stórskemmtilega grein í Fréttablaðið um skipulag á Landsímareitnum. Margt í greininni var ekki bara skemmtilegt heldur bráðfyndið.

Þannig segja fulltrúarnir að helsta niðurstaða þeirrar vinnu sem borgin hafi farið í sé þessi: „Gamli Kvennaskólinn mun áfram þrýða Austurvöll en það hús er framhlið skemmtistaðarins sem nefndur er NASA.“ Þetta á örugglega að vera brandari því gamli Kvennaskólinn var friðaður fyrir nokkrum árum!

Fleiri brandarar fylgja í kjölfarið eins og sá að nýir kvistir ofan á Landsímahúsinu og nýbyggingar fyrir aftan Nasa og við Kirkjustræti muni ekki auka skuggavarp á útivistarsvæðum! Það hlýtur öllum að vera ljóst að ef byggt er hús varpar það skugga.


Það er líka skemmtilegt hjá fulltrúunum að segja: „Engar breytingar verða á Ingólfstorgi.“ Hvert mannsbarn sem skoðar teikningarnar sér að hér eru á ferðinni bráðfyndin öfugmæli því steypit fjögurra hæða hús verða byggð milli timburhúsanna við Vallarstræti og fyrir aftan þau

og munu þannig skemma gömlu götumyndina við sunnanvert Ingólfstorg. Þetta grín er notað aftur þegar sagt er að viðbyggingin við viðbyggingu Landsímahússins, sem mun ná alveg að Kirkjustræti, verði „sambærileg gömlu húsunum sunnan við götuna og styrki því götumyndina“. Gömlu húsinn sem standa á móti fyrirhugaðri nýbyggingu eru nett timburhús með kvistum en nýbyggingin er ferkantað ferlíki.

En grínið er ekki búið. Áformin um risahótelíð hafa verið gagnrýnd vegna þeirra umferðarvandamála sem það skapar. Fram til þessa hafa borgarfulltrúar svarað því á þann veg að umferðin verði „annars staðar“ og hótelgestir muni alltaf labba til þessa „annars staðar“ þegar þeir þurfa að fara um borð í rútu, fjallabíl eða leigubíl.

En nú hafa fulltrúarnir snúið vörn í sókn og fullyrða að með tilkomu hótelsins muni draga mjög úr umferð á svæðinu! Hótelíð skapar með öðrum orðum ekki lengur nein umferðarvandamál heldur mun það þvert á móti minnka mjög umferð á svæðinu! Og hlæi nú allir eins hátt og þeir geta.

En með gríninu skín líka í einlægni. Þannig viðurkenna fulltrúarnir að deiliskipulagstillagan muni ganga af dauðu tónleikahaldi eins og verið hefur í NASA. Þeir segjast „að vandlega athuguðu máli“ ekki styðja að NASA fái að lifa sem tónleikastaður í núverandi mynd. Afstaða borgarfulltrúa Besta flokksins liggur þá fyrir. Hún er þveröfug við afstöðu yfir 200 tónlistarmanna og hljómsveita sem hafa lýst skoðun sinni



opinberlega – ásamt þúsundum annarra Reykvíkinga.

Í berhögg við vilja Alþingis

En eins og í öllu góðu gríni sleppa fulltrúarnir því sem ekki er fyndið.

Þannig hefst greinin á því að borgarfulltrúarnir lýsa því að þeir hafi staðið fyrir alþjóðlegri samkeppni um skipulag Landsímareits og Ingólfstorgs en minnst ekkert á að nú er ekki lengur ætlunin að gera neitt fyrir Ingólfstorg – sem sannarlega þarf á andlitslyftingu að halda. Nú á bara að breyta því sem þarf til að þarna geti risið hótel.

Borgarfulltrúarnir sleppa líka því óskemmtilega atriði að deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að stígurinn milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs verði hluti af hótelinu. Framkvæmdaaðilinn fær þennan göngustíg Reykvíkinga til eigin nota.

Borgarfulltrúarnir nefna í greininni þau tvö hótel í Reykjavík sem hafa markaðssett sig sem skemmtistaði fyrir heimamenn, Kex og Marina, sem dæmi um hvað það verði gaman að hafa

Í MIÐBORGinni

„Enginn ætlar sér að kæfa miðborgina með hótélum,“ segja borgarfulltrúar Besta flokksins í grein sinni en á þessari mynd eru rauðlituð þau hús í miðborginni þar sem verður hótelstarfsemi og íbúðaleiga til ferðamanna, ef áform þeirra ná fram að ganga.

hótel á þessum stað. Það er ekkert sem segir að jarðhæð risahótelsins verði rekin eftir sömu viðskiptahugmynd. Því ræður rekstraraðili hótelsins sem ekki er vitað hver verður.

En skemmtilegast (eða leiðinlegast) af öllu er að þessir borgarfulltrúar Reykvíkinga nefna ekki að með tillögunni eru þeir að ganga í berhögg við yfirlýsttan vilja Alþingis sem hefur mótmælt henni harðlega vegna þess að með henni er þrengt verulega að þinghúsinu og byggingum þess við Kirkjustræti.

Besti flokkurinn fékk rúmlega 20 þúsund atkvæði í síðustu kosningunum og Samfylkingin 11 þúsund. En þessir flokkar taka ekkert tillit til vilja yfir 17 þúsund Reykvíkinga sem hafa mótmælt fyrirhugaðri hótelbyggingu á vefsíðunni www.ekkihotel.is.

Skemmtuninni er ekki lokið. Á laugardaginn klukkan tvö ætlum við að mótmæla þessari hlægilegu vitleysu með baráttutónleikum á Austurvelli með mörgu af okkar besta tónlistarfólki. Það verður ósvikin skemmtun. Sjáumst þar með bros á vör!

AF NETINU

15 milljónir á ári

Fyrir fáeinum vikum var kynnt skýrsla nefndar sem fallið var að gera úttekt á stjórnkerfi og stjórn-sýslu Reykjavíkurborgar. Í skýrslunni er meðal annars harðlega gagnrýnt hvernig borgarstjórnin í Reykjavík sinnir ekki starfi sínu líkt og honum ber að gera samkvæmt 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fyrir að sinna ekki starfi sínu þiggur borgarstjórnin um fimmtán milljónir króna á ári úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa.

Tökum til samanburðar laun ræstingarfólks. Byrjunarlaun þess eru 193.317 krónur á mánuði. Konan sem þrífur skrifstofu Jóns Gnarr borgarstjóra þarf að strita alla daga og ber úr bítum laun sem nema vel innan við sjötta hluta þeirra launa sem borgarstjórnin fær þrátt fyrir að hann sinni ekki starfi sínu.

<http://www.pressan.is/pressu-pennar>

Björn Jón Bragason

Virðing fyrir náttúrunni

Áhugavert að opinberað sé að menn hafi gengið of harkalega að náttúrunni í tengslum við Hellið-heiðarvirkjun. Teygt sig lengra í nýtingu jarðvarmarýma en þau leyfðu. Ekki tók það langan tíma.

Ómar Ragnarsson er ítrekað búinn að vara við þessu og menn úr orkuveiranum hafa afgreitt þá gagnrýni sem óparfa áhyggjur. Nú kemur í ljós að hann hafði rétt fyrir sér. Ætli það sama eigi við um önnur svæði, þar sem Ómar hefur bent á svipaða hluti, sbr. Reykjanes-virkjun.

<http://marinogn.blog.is>

Marínó G. Njálsson

Einstök lóð til leigu eða sölu! Frábær staðsetning



Fasteignir Gámaþjónustunnar hf. að Súðarvogi 2 eru til leigu eða sölu ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Um er að ræða hornlóð, rúmlega hektara að flatarmáli og hús sem eru alls 1924 fermetrar.

Staðsetningin er hreint frábær með hafnir og helstu flutningafyrirtæki landsins innan seilingar.

Tilboð óskast fyrir 1. júlí n.k.

Upplýsingar um eignina gefur Sveinn Hannesson hjá Gámaþjónustunni hf. í síma 535 2575.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Svo öllu sé til haga haldið

Nú þegar nýkjörið þing kemur saman að loknum þingskosningum hefur nokkur umræða orðið um samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu og fyrirheit í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar um að gera betur í þeim efnum en áður. Einkum er horft til ábyrgðar- og verkaskiptingar á Alþingi. Í umfjöllun fjölmiðla og einstakra stjórn- málanna er því sérstaklega fagnað að núverandi ríkisstjórnarflokkar „hafi boðið“ stjórnarandstöðunni formennsku í tveimur nefndum og varaformennsku í þremur nefndum. Hér gætir mikils misskilnings.

Þingskópum Alþingis var breytt vorið 2011. Þá var nefndum fækkað úr tólf í átta og sett inn ákvæði í þingskóp um að fjöldi nefndarsæta í fastanefndum þingsins, auk alþjóðanefnda, skyldi ráðast af hlutfallslegum þingsstyrk hvers flokks og hið sama ætti við um formanns- og varaformannsembætti. Þannig er það einfaldlega réttur hvers flokks að fá hlutdeild í störfum þingsins í samræmi við þingsstyrk hverju sinni. Um þessar breytingar varð

STJÓRN MÁL



Árni Þór Sigurðsson
alþingismaður

einhugur milli stjórnsmálaflokkanna.

Í kjölfar þessara breytinga var kosið í nefndir á nýjan leik. Reiknað var út hver hlutdeild hvers flokks ætti að vera. Þannig var sætafjöldi hvers flokks ákveðinn í bæði fastanefndum og alþjóðanefndum. Þá var einnig ákveðin hlutdeild hvers flokks í formennskum og varaformennskum, bæði í fastanefndum og alþjóðanefndum.

Hlutdeildin minni

Enginn ágreiningur varð um þessa útreikninga. Samkvæmt þeim átti Sjálfstæðisflokkurinn rétt á formennsku í tveimur fastanefndum og tveimur alþjóðanefndum og Framsóknarflokkurinn átti rétt á formennsku í einni fastanefnd og einni alþjóðanefnd. Þáverandi stjórnarflokkar, Samfylking og Vinstrigræn, voru samþykktir þessari niðurstöðu. Þegar á hölmunn var komið ákvæði núverandi ríkisstjórnarflokkar að nýta ekki þennan rétt sinn og því kom það í hlut þáverandi stjórnarflokka að axla þessa ábyrgð á störfum þingsins sem Sjálfstæð-

→ Þannig er það einfaldlega réttur hvers flokks að fá hlutdeild í störfum þingsins í samræmi við þingsstyrk hverju sinni.

isflokkur og Framsóknarflokkur hlupust undan, að segja má í gamaldags átakastjórnsmálastíl.

Núverandi stjórnarandstöðuflokkar voru einhuga um að nýta rétt sinn skv. þingskópum nú við upphaf nýs þings. Niðurstaðan er þó sú að hlutdeild þeirra verður minni en réttur þeirra segir til um og helgast það af því að núverandi stjórnarflokkar voru ekki reiðubúnir að fara að fullu eftir þingskópum. Miðað við sömu aðferðafræði og notast var við 2011, ættu núverandi stjórnarflokkar að fá formennsku í fimm nefndum (fá sex) og sómuleiðis í fimm alþjóðanefndum (fá allar átta). Það er miður að þingræðið fái ekki að njóta sín eins og breytingunum á þingskópum 2011 var ætlað.

Svo öllu sé til haga haldið þá er það svo að samstarfs- og samvinnuviljinn á síðasta kjörtímabili hvað þetta varðar var meiri hjá þáverandi stjórnarflokkum en reyndin er nú með nýrri ríkisstjórn.

Tilgangurinn helgar meðalið!

Refa- og minkaveiðar eru hitamál á Íslandi. Báðar tegundirnar eru sagðar skaðvaldar í íslensku vistkerfi, skaði t.d. fuglalíf. Kröf- ur um útrýmingu minks eða minnkun á stofnstærð refs er ekki megininntak þessarar greinar heldur veiðiaðferðirnar sem tókast hérlendis og siðferði þeirra.

DÝRAVEIÐAR



Anna Berg Samúelsdóttir
meistaraniemi í landfræði við HF

→ Maðurinn er talinn vera siðferðisvera og einn af grunneiginleikum siðferðis er skynsemi. Dýr eru ekki talin hafa siðferðisvitund heldur skynvit og frumhvöt. Samkvæmt þessu þá er ekki réttlæt看legt að drepa dýr á kvalafullan hátt þrátt fyrir að við teljum rándýrin, sem drepa skal, vera grimm og óvæginn. Í reglugerðum um slátrun dýra eiga dýr rétt á því að vera aflífuð með sómsamlegum hætti.

Óargadýr drepur

Í umræðunni í dag er minkur sagður skepna sem engu eiri, drepri bara til að drepa. Hagsmunaaðilar krefjast þess að fá leyfi til þess að verja sig og sín svæði fyrir ágangi minks og refs, það er skiljanlegt. En er það virkilega þannig að tilgangurinn helgi meðalið og að við getum leyft okkur að drepa skepnurnar með hvaða tólum og tækjum sem við viljum? Er réttlæt看legt að drepa skepnu með bogagildru eða drekkja henni? Hver eru siðferðilegu rökin sem réttlæta að drepa skepnu á kvalafullan hátt? Skipir það kannski engu máli hvernig minkur eða refur er drepinn, bara að dýrið drepist, því það er hvort sem er að okkar mati grímt og óvægindi? Er það réttlæt看gingin?

Maðurinn er talinn vera siðferðisvera og einn af grunneiginleikum siðferðis er skynsemi. Dýr eru ekki talin hafa siðferðisvitund heldur skynvit og frumhvöt. Samkvæmt þessu þá er ekki réttlæt看legt að drepa dýr á kvalafullan hátt þrátt fyrir að við teljum rándýrin, sem drepa skal, vera grimm og óvæginn. Í reglugerðum um slátrun dýra eiga dýr rétt á því að vera aflífuð með sómsamlegum hætti. Á það ekki líka við um villt dýr?

Til að stöðva illa meðferð á dýrum þarf góða löggjöf. Núverandi lög hamla ekki drekkjum á mink og það gera nýju lög (nr. 55/2013) ekki heldur sem er umhugsunarvert.

Heimildir:

1. Naturstyrelsen, á.á. Minkbekæmpelsen. Skoðað á vef 23.09.2012: <http://www.naturstyrelsen.dk/Naturbeskyttelse/Invasivearter/Myndighed/Minkprojekt/>
2. Bekendtgørelse om vildtskader nr. 259/2011
3. Reglugerð um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995.

Iðngrein framtíðarinnar

Málm- og véltækni- iðnaðurinn býr við traustan gjaldmiðil og góð ytri starfskilyrði. Höft hafa verið afnumin, verðbólga lítil, stöðugleiki ríkir og skattumhverfið hagstætt. Allt leikur í lyndi í þessari tæknigrein og hún stækkar sem aldrei fyrr, þrátt ört og er í flokki helstu útflutningsgreina Íslands. Vel menntað iðnaðar- og tæknifólk kemur í auknum mæli til starfa enda tryggir mikill virðisauki í þessari tæknigrein ágæta afkomu fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Þannig hljómar sú framtíðarsýn sem fyrirtæki í málm- og véltækni- iðnaði sjá fyrir sér að verði að veruleika árið 2017 ef rétt er haldið á málum hjá þeim sjálfum og stjórnvöldum.

IÐNAÐUR



Ingólfur Sverrisson
forstöðumaður Málm- og véltækni- sviðs hjá Samtökum iðnaðarins

keppni við alþjóða gjaldmiðla lætur einlægt undan síga og er helsta ástæða óstöðugleika í starfsumhverfinu. Það fljót verður að stemma að ósi; að öðrum kosti er flest annað unnið fyrir gýg og álitlegir möguleikar til að efla arðvænlega atvinnugrein kodna niður. Tæknigrein sem stefnir að því að treysta samkeppnisstöðu sína og auka útflutning verulega verður að búa að þessu leyti við sama umhverfi og helstu keppinautar hennar. Annað er ávísun á lakari lífskjör landsmanna. Þetta er aukin heldur grundvöllur þess að þjóðinni takist að víkja frá þeirri stefnu að nýta eingöngu náttúruauðlindir sínar til betri lífskjara en styrkja frekar tækni- og hugverka- iðnað til þess arna, enda er hér um að ræða skapandi iðngrein í bestu merkingu orðsins.

Fleiri í iðn- og tækninám

Sú bjarta framtíðarsýn sem nefnd var í upphafi þessarar greinar byggist einnig á því að stjórnvöldum, fyrirtækjum og skólum takist á allra næstu árum að efla verk- og tæknimenntun svo um munar. Enn fremur auðnist að auka áhuga unga fólksins á að læra þær tæknigreinar sem heyra til málm-, véltækni- og rafíðna. Allra síðustu árin má greina aukna aðsókn að málm- og

→ Þeir sem hafa lokið slíku námi eru og verða mjög eftirsóttir starfskraftar í tæknivæddum fyrirtækjum.

véltækni- greinum enda eru margir skólanna sem kenna þær sífellt að bæta tækjakost sinn og aðlagast nýrri tækni. Þannig geta þeir boðið mjög áhugavert nám sem byggir í grunninn á handverkinu og þróast til þess að ná tökum á flóknum tölvustýrðum vélum og tækjum. Þeir sem hafa lokið slíku námi eru og verða mjög eftirsóttir starfskraftar í tæknivæddum fyrirtækjum.

Betri stjórn – meiri framleiðni

Mikið hefur verið unnið innan Samtaka iðnaðarins með fyrirtækjunum að því að koma á betri skipan mála hjá þeim með svonefndri áfangaskiptri gæðavottun. Hún hefur leitt til umtalsverðra framfara í stjórnun og þau fyrirtæki sem lengst eru komin í þeim efnum hafa nú fengið svonefnda ISO-vottun. Viðleitni af þessu tagi er grundvöllur sífelldra umbóta til aukinnar framleiðni sem tryggir afkomu fyrirtækja í harðri samkeppni á innanlands- og alþjóðamarkaði. Það er galdurinn við að bæta lífskjörin og vera fær um að nýta þau arðvænlegu atvinnutækifæri sem liggja fyrir fótum okkar í dag og næstu árin.

Eðlilegt starfsumhverfi

Vissulega verður ýmislegt að breytast til batnaðar til þess að sýnin gangi eftir og því er nauðsynlegt að vinna skipulega á öllum vígstöðvum. Til að mynda er gengið út frá því að forsenda stöðugs starfsumhverfis til lengri tíma litið sé að Ísland gangi í ESB og að evran verði tekin upp svo fljótt sem aðstæður leyfa. Ekki hefur verið bent á aðrar leiðir til að tryggja hinn lífsnauðsynlega stöðugleika og fullreynt að íslenska krónan í sam-



Landsvirkjun

Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynna Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu

Kröflustöð

Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka

Nánari upplýsingar á

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Stefna eða stefnuleysi

Ísland hefur ekki þörf fyrir að hér verði hver einasta lækjarspræna virkjuð og stóriðja rísi hægri vinstri.

ATVINNA



Ásta Hafberg S. viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri

Vandamálið við þessa hugmyndafræði í atvinnuuppbyggingu, burtséð frá öðrum sjónarmiðum, er sú að hún skilar ekki miklu þegar til lengri tíma er lítið. Hún er of einhæf þegar kemur að atvinnuþróun og hagvaxtaráhrifin eru ekki stöðug til langs tíma.

Afleidd störf eru til staðar en spurningin er kannski á kostnað hvers þau eru. Einnig má velta alvarlega fyrir sér að þegar svo einhæf atvinnuuppbygging og þróun á sér stað í svona litlu samfélagi hve viðkvæmt það verður fyrir utan- aðkomandi áhrifum á markaði og í efnahagslífi.

Ef lítið er austur til Reyðarfjarðar virðist það vera svo að afleidd störf hafi fæðst á þann máta að smíðjur, rafvirkjar, bílaverkstæði og aðrir verktakar hafi mikið til sameinast af fjórðunum og stofnað stærri fyr-

irtæki sem voru nógu stór til að þjónusta álverið.

Þetta þýddi að störf sem voru til fyrir álversbyggingu fluttust öll á einn stað í stað þess að vera dreifð um firðina.

Auðvitað er viss hagræðing í þessu en þetta gerir það að verkum að firðirnir í kringum Reyðarfjörð verða að einhvers konar svefnþorpum með lítið sem ekkert atvinnulíf.

Heildstæð stefna

Sem betur fer hefur líka önnur þróun átt sér stað þarna, það er að firðir eins og til dæmis Fáskrúðsfjörður hafa lyft grettistaki í að koma af stað „einhverju öðru“.

Í þeirra tilfelli er þetta „eithvað annað“ að halda lífi í Franska safninu, vera með í að fá Franska spítalann aftur inn í þorp og byggja hann upp og síðast en ekki síst setja á stofn handverksmarkað. Þetta er heildstæð stefna sem til lengri tíma mun gefa samfélaginu á Fáskrúðs-

firði meiri stöðugleika í atvinnuþróun og vexti. Afleidd störf geta orðið þó nokkur. Til dæmis má nefna öflugt tjaldsvæði, matsölustaði, gistiheimili, fleiri markaði, skipulagðar göngur um fjöll og firnindi með leiðsögn og svo má lengi telja.

Það góða við þessa þróun er að þó að eitt fyrirtæki fari halloka eða lendi í fjárhagslegum vandræðum þá verða hin ekki sérstaklega fyrir áhrifum af því og munu halda lífi.

Ef Alcoa á Reyðarfirði fer á hausinn þá er þorri þeirra sem starfa við álverið eða í afleiddum störfum atvinnulaus.

Því miður skil ég vel af hverju álver reis á Reyðarfirði. Ástæðan fyrir því að það reis var einfaldlega sú að Ísland og íslenskt samfélag líður fyrir áratuga stefnuleysi í atvinnuþróunarmálum, fyrirtækjarekstri og fyrirtækjamenningu. Það var aldrei búin til nein heildarstefna sem tók mið af fjölbreytileika í atvinnurekstri á landsvísu. Það var aldrei sett upp neitt sem hafði lengri líftíma en fjögur ár í þessum efnun, engin umhverfisstefna til langframa, engin stefna yfirhöfuð.

Svo lengi sem þessu verður haldið áfram mun Ísland bara enda eins og

→ Afleidd störf geta orðið þó nokkur. Til dæmis öflugt tjaldsvæði, matsölustaðir gistiheimili, fleiri markaðir, skipulagðar göngur um fjöll og firnindi með leiðsögn og svo má lengi telja.

enn eitt landið þar sem skammsýni stjórnmalamanna og vinsældaveiðar þeirra ráða ríkjum.

Er þetta í alvöru það sem við viljum?

Hvað gerir forsetinn?

Í Icesave-samningunum, sem vísað var til í þjóðaratkvæðagreiðslu, var tekstist á um hvort almenningur tæki á sig ábyrgð á fjárskuldbindingum sem samið hafði verið um við erlenda aðila ef eignir þrotabús Landsbankans dygðu ekki til. Þjóðin hafnaði ábyrgð á þeirri fjárskuldbindingu.

SJÁVARÚTVEGUR



Bolli Hédinsson hagfræðingur

Nú eru aftur uppi hugmyndir um að leggja byrðar á þjóðina sem Alþingi hefur samþykkt að útgerðin í landinu beri. Stjórnvöld hafa sett fram hugmyndir um að láta almennings taka á sig þessar byrðar en létta þeim af útgerðinni. Spurningin sem við stöndum því frammi fyrir er sú hvort forsetinn muni reynast brjóstvörn almennings gegn íþyngjandi álögum stjórnvalda með ámóta hætti og í Icesave. Fjármunir sem létt er af útgerð verða ekki sóttir annað en í vasa almennings. Veidigjaldi sem aflétt er af útgerð verður ekki ráðstafað til skuldalækkunar heimilanna heldur verður það, þvert á móti, lagt á herðar almennings, þó síðar verði. Hverjir höldum við að séu betur aflögufærir, almenningur eða útgerðin?

Á að rjúfa sáttina um veiðigjaldið?

Þrátt fyrir þá ágalla sem kunna að vera á því kerfi veiðigjalda sem fyrri ríkisstjórn stóð fyrir þá er sú leið sem farin var samt sem áður

→ Spurningin sem við stöndum því frammi fyrir er sú hvort forsetinn muni reynast brjóstvörn almennings gegn íþyngjandi álögum stjórnvalda með ámóta hætti og í Icesave? Fjármunir sem létt er af útgerð verða ekki sóttir annað en í vasa almennings.

fyrsta alvöru tilraunin til að ná sátt við þjóðina um að útgerðin greiði eitthvað sem kalla mætti sanngjarnt verð fyrir afnot sín af auðlindinni. Hugmyndir núverandi ríkisstjórnar um veiðigjald virðast hins vegar ganga út á að gjaldið sé einhver afgangsstærð og fjárhæð gjaldsins eigi að ráðast af því hvernig fyrirtækið stendur þegar allur kostnaður og misvitur ráðstöfun fjármuna fyrirtækisins hefur verið dregin frá. Með því er í raun fallið frá auðlindagjaldi.

Eigi auðlindagjald að rísa undir nafni þá ræðst upphæð þess fyrst og fremst af því magni sem sótt er í auðlindina, en ekki af afkomu fyrirtækjanna, frekar en önnur aðföng. Þannig ráðast vextir, afborganir og kaup á veiðarfærum alls ekki af hagnaði útgerðarinnar heldur er það einfaldlega kostnaður sem standa verður skil á svo hægt sé að halda áfram rekstri. Utgerðir verða að greiða reikning veiðarfærasalans hvort sem útgerðin er rekin með reiknuðu tapi eða gróða. Hví skyldi annað gilda um kostnaðinn við aðganginn að fiskveiðiauðlindinni?

SUMARTILBOÐ



Heilir sturtuklefar

Hert öryggisgler
allan hringinn

Sturtustangarsett með
sturtuhaus

Sturtubotn með
vatnslás &
lausri svuntu að framan.

Verð frá stgr.41.900

www.i-t.is


INNRETTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Bogaklefar stærð: 80x80 & 90x90cm

* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opíð kl. 9-18 * laugardaga kl. 11-15 *





Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

JÓN GUNNARSSON
flugstjóri,

lést 4. júní síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. júní klukkan 11.00.



Gunnar Brendan Gunnarsson
Nick Jón Gunnarsson
Priscilla Petra Jónsdóttir
Hlíf Petra Valdimarsdóttir
Valdimar Gunnarsson
Rósa Marta Gunnarsdóttir
Sigrún Hlíf Gunnarsdóttir
Helga Valgeirsdóttir
og aðrir vandamenn.

Guðrún H. Björgólfssdóttir

Bergur Reynisson

PETTA GERÐIST: 12. JÚNÍ 1942

Anna Frank hóf að halda dagbók

Gyðingastúlkan Anna Frank fékk dagbók í afmælisgjöf þennan dag árið 1942 þegar hún varð þrettán ára. Hún tók hana umsvifalaust í notkun og trúði henni fyrir upplifunum sínum meðan hún var í felum í Amsterdam, ásamt fjölskyldu sinni, í seinni heimsstyrjöldinni. Sumarið 1944 var fjölskyldan svikin og flutt í útrýmingarúbir en sjö mánuðum síðar lést Anna úr flekkusótt, nokkrum

dögum á undan systur sinni, Margot Frank. Otto Frank, faðir þeirra, var sá eini úr fjölskyldunni sem sneri aftur til Amsterdam eftir að stríðinu lauk. Þar komst hann að því að dagbók Önnu hafði verið varðveitt og árið 1947 gaf hann hana út, ritskoðaða. Bókin varð ein sú mest lesna í heiminum. Hún kom síðar út óritskoðuð, meðal annars á íslensku.



Hvetur fólk til að skella sér í fjörðinn

Jónína Erna Arnardóttir er listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar IsNord sem hefst í níunda sinn í Borgarfirðinum á morgun.

„Í gegnum tíðina höfum við leitast við að hafa norrænan fókus á þessari hátíð en líka íslenskan og ég hef lagt áherslu á að fá listafólk sem annaðhvort býr í Borgarfirði eða er ættað héðan,“ segir Jónína Erna Arnardóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar IsNord sem fer fram í níunda sinn dagana 13. til 16. júní. „Ég hef líka reynt að hafa að minnsta kosti eina úti-tónleika á hverri hátíð, sem er nokkuð bjartsýnt hér á Íslandi,“ bætir Jónína Erna við, „en það hefur yfirleitt gengið eins og í sögu. Tvisvar sinnum voru úti-tónleikarnir reyndar inni í Surtshell og þar er auðvitað alltaf logn.“

Jónína Erna telur tilvalið fyrir allt tónlistarhugafólk að fá sér bíltúr í Borgarfjörðinn yfir helgina, enda sé þar ýmislegt skemmtilegt við að vera fyrir utan tónlistina sjálfa. „IsNord-hátíðin stendur auðvitað yfir fram á sunnudag, en svo er líka haldið mjög veglega upp á 17. júní sem er mánudaginn þar á eftir. Allir ferðaþjónustuaðilar eru komnir á fullt hér og það er frábært að heimsækja Húsafell, Reykholt, Fossatún og fleiri staði,“ segir hún. Meðal nýjunga sem boðið verður upp á á hátíðinni að þessu sinni eru svokallaðir stofutónleikar, þar sem tónlistarkonurnar Theodóra Þorsteinsdóttir og Zsuzsanna Budai bjóða gestum heim til sín. „Þessir stofutónleikar eru minni, persónulegri og vonandi skemmtilega öðruvísi. Söngkonan Theodóra Þorsteinsdóttir kemur fram með mannum sínum og tveimur dætrum sem öll syngja. Við erum líka svo heppin að hafa afar hæfileikaríkt erlent tónlistarfólk sem hefur sest hér að eins og Zsuzsönnu Budai. Það verður eflaust gaman fyrir fólk af svæðinu að heyra hana spila einleik heima í stofu,“ segir Jónína Erna.

Sjálf kemur Jónína Erna fram ásamt Margréti Brynjarsdóttur kontraaltsöng-



ISNORD Jónína Erna Arnardóttir og Margrét Brynjarsdóttir eru meðal þeirra sem koma fram á IsNord-hátíðinni. MYND/VÍFILL KARLSSON

konu, en hún er að útskrifast í vor með meistaragráðu í söng frá Tónlistarháskólanum í Ósló og hefur meðal annars sungið með norska einsöngvarakórnum og komið fram með Royal Liverpool Philharmonic Orchestra í Betlaraóperu B. Britzens. Allar nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu IsNord og heimasíðunni isnord.is. kjartan@frettabladid.is

→ „Þessir stofutónleikar eru minni, persónulegri og vonandi skemmtilega öðruvísi.“



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELLEN BJARNADÓTTIR

(LELLA)

Naustahleini 22, Garðabæ,

lést 3. júní sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.



Guðmundur Sigurjónsson
Rannveig Guðmundsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Alma Guðmundsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Símon Ægir Gunnarsson
Jón Guðmundsson
Björn Jóhann Björnsson



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

ÓSKAR EINARSSON

Túngötu 12, Álftanesi,

andaðist á Landspítala Fossvogi þann 8. júní síðastliðinn. Jarðarförin fer fram þann 18. júní kl. 13.00 frá Garðakirkju í Garðabæ.



Guðrún María Hjálmsdóttir
Haukur Óskarsson
Bryndís Óskarsdóttir
og barnabörn.

Ragnheiður Thoroddsen
Egill Hafsteinsson



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra,

GUNNARS PETERSEN
Mánatúni 6, Reykjavík.

Dóra Scheving Petersen
Jóna Rún Gunnarsdóttir
Rut Petersen
Hannes Petersen
Katla, Hera, Sandra, Gunnar, Iðunn og langafabörn.

Sigurður Jónmundsson



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

ELÍNBERG REYNISDÓTTIR

sem andaðist föstudaginn 24. maí í Noregi verður jarðsöngin frá Fossvogskapelnu fimmtudaginn 13. júní klukkan 15.00.

Aðstandendur.



Faðir okkar,

SIGURBERG ÞÓRARINSSON
Fögruhlíð 5, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 8. júní á heimili sínu.

Jóhann Snorri Sigurbergsson
Katrín Sigurbergsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

SVEINSÍNA TRAUSTADÓTTIR

sem lést 3. júní, verður jarðsöngin frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 14. júní klukkan 11.00.

María Kristín Jónasdóttir
Trausti Hólm Jónasson
Örn Ármann Jónasson
og fjölskyldur.



Graníthöllin
Legsteinar

ÁVÍSUN

35.000.-

35.000.- krónur

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innaborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutgreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutgreiðsla við kaup á einum legsteini.

Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is



OYSTER PERPETUAL SUBMARINER DATE

ROLEX



MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. júní 2013 | 22. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FINGRAFÖRIN
OKKAR ERU
ALLS STAÐAR!

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN


NÝ SÓKNARFÆRI Í GRÆNUM SJÁVARÚTVEGI

→ Íslensk tæknifyrirtæki í fremstu röð í sjávarútvegi

→ Tilraunaverkefnið Græna fiskiskipið opnar sóknarfæri á alþjóðamarkaði

→ Umhverfisvænar lausnir gætu minnkað olíu- notkun fiskiskipaflorens um fimmtung

SÍÐA 4



Félag Árna og Hallbjörns fær 50 milljónir í arð frá Högum

Aðalfundur Haga samþykkti á föstudag samhljóða tillögu stjórnar félagsins um greiðslu arðs sem nemur 0,5 krónum á hlut. Arðsréttindadagur vegna arðgreiðslunnar er í dag, arðleysisdagur var á mánudag og útborgunardagur er 26. júní. Tveir stærstu eigendur Haga eru Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Þeir fá 62,8 milljónir og 52,7 milljónir í sinn hlut. Þriðji stærsti eigandinn er Hagamelur ehf. sem er að helmingi í eigu fjárfestanna Hallbjörns Karlssonar og Árna Haukssonar. Hagamelur fær tæpar 48 milljónir. - mþl

Ör hagvöxtur í Japan á fyrsta ársfjórðungi þessa árs

Hagvöxtur í Japan mældist 4,1% á fyrsta ársfjórðungi ársins. Þetta leiða nýjar hagtölur frá landinu í ljós en þetta er umtalsvert örrari hagvöxtur en bráðabirgðatölur höfðu bent til. Ríkisstjórn Shinzo Abe forsætisráðherra hefur á síðustu mánuðum hrint í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum með það fyrir augum að koma hagvexti af stað á ný og binda enda á verðhjöðnun í landinu. Verðlag í Japan hefur lækkað flest ár frá því seint á tíunda áratug síðustu aldar. Eru aðgerðir ríkisstjórnar Abe þrjúþættar; efnahagslegar örvunaraðgerðir fjármagnaðar af hinu opinbera, ný og frjálsslyndari stefna hjá seðlabanka landsins til að auka peningamagn í umferð og frekari aðgerðir til að styðja við langtímahagvöxt. - mþl

Össur út úr úrvalsvisitölunni

VÍS og TM koma ný inn í OMX16 úrvalsvisitölu Kauphallarinnar frá og með 1. júlí næstkomandi. Á móti detta út Reginn, sem kom beint inn í visitölu um mitt ár í fyrra, og Össur, sem hefur verið hluti af visitölu frá því að hún var endurræst í upphafi árs 2009. Eimskip, Hagar, Icelandair Group og Marel eru eftir sem áður í visitölu. Úrvalsvisitölan er endurskoðuð tvisvar á ári en hún er samsett af þeim sex félögum sem hafa mestan seljanleika í Kauphöllinni. Vægi félaga í visitölu ræðst af flotleiðréttu markaðsvirði sem þýðir að einungis það hlutfé sem ætla má að myndi grunn að virkum viðskiptum í Kauphöllinni er hluti af visitölu. - mþl

TOK Laun & TOK Bókhald

Íslensku viðskiptakerfin TOK Bókhald og TOK Laun henta vel fyrir sjálfstætt starfandi aðila og lítil fyrirtæki í einföldum rekstri. Nota má snjallsíma og spjaldtölvur til að skrá beint í verkboðhald. Kynntu þér mánaðartilboðið okkar!

Nánar á www.advania.is/varamanadarins


30%
afsláttur í
júní



advania
Welcome to IT

Fróðleiksmolinn DataMarket


Spá um hagvöxt og einkaneyslu 2013-2015



Hagvöxtur og spá

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var hagvöxtur í fyrra undir væntingum eða 1,6%. Mismuninn má að mestu rekja til minni samneysluútgjalda og minni útflutnings en gert var ráð fyrir í október 2012. Samkvæmt spá ASÍ, sem gerð var í mars 2013, er gert ráð fyrir að efnahagslífið muni reisa sig við og að hagvöxtur verði rétt um 3% árin 2014 og 2015. Þá telur ASÍ að staðan á vinnu- markaði muni batna og að heimili muni halda áfram að rétta úr kútnum.

Einkaneysla



Einkaneysla og spá

Í skýrslu ASÍ kemur fram að þrátt fyrir batnandi stöðu á vinnu- markaði, lengri vinnutíma og launahækkanir, muni kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna dragast saman á þessu ári og því næsta. Skýringin er að sértækum aðgerðum til stuðnings skuldugum heimilum lýkur að mestu á árinu, auk þess sem mikil verðbólga mun rýra kaupmátt ráðstöfunartekna. Hagdeild ASÍ spáir því að einkaneysla aukist um 2% í ár, 1,4% á árinu 2014 og 2,6% árið 2015.

Dagatal viðskiptalífsins keldan dagatal viðskiptalífsins

- Miðvikudagurinn 12. júní**
 - Vísitala launakostnaðar á fyrsta ársfjórðungi birt
 - Vaxtaákvörðun hjá Seðlabankanum
- Fimmtudagurinn 13. júní**
 - Útboð Ríkisvíxla
- Föstudagurinn 14. júní**
 - Hagtölur um fjármál ríkisins á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs í apríl birtar
- Mánudagurinn 17. júní**
 - Þjóðhátiðardagur Íslendinga
- Þriðjudagurinn 18. júní**
 - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu birt
 - Samræmd vísitala neysluverðs í maí birt
- Miðvikudagurinn 19. júní**
 - Upplýsingar um leiguverð húsnæðis birtar
 - Hagtölur um verðmæti sjávarafli í janúar til mars birtar
- Föstudagurinn 21. júní**
 - Útboð Ríkisbréfa
 - Vísitala kaupmáttar launa í maí 2013 birt
 - Vísitala líffeyrisskuldbindinga í maí 2013 birt
 - Greiðsluöfnunarvísitala í júlí birt
 - Mánaðarleg launavísitala í maí birt
 - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí birt
- Þriðjudagur 25. júní**
 - Tölur um viðskipti með atvinnuhúsnæði í maí birtar

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

vísir FASTEIGNIR.IS

Sveifla milli ára er 398 milljarðar

Bein fjárfesting íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í útlöndum fór úr tveimur milljörðum 2011 í að fluttir voru inn 400 milljarðar í fyrra. Bein fjárfesting útlendinga hér dróst saman á sama tíma.

EFNAHAGSMÁL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Markverður samdráttur er í nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands um erlenda fjárfestingu innan landsteinanna og innlenda fjárfestingu í útlöndum. Umsvif vegna slita á þrotabúum föllnu bankanna gera þó að verkum að torvelt getur verið að draga út frá tölunum víðtækar ályktanir um stöðu fjárfestingar.

Tölur Seðlabankans um erlenda fjárfestingu ná yfir eignir og fjárfestingu þar sem eignarhald í fyrirtækjum fer yfir tíu prósent, að sögn Lárusar Jóhannessonar á deild gagnasöfnunar og upplýsingavinnslu í Seðlabankanum.

Lárus bendir á að fjárfestingar í útlöndum í „útrásinni svokölluðu“ hafi í mörgum tilvikum lent í ranni slitastjórna föllnu bankanna íslensku en bankarnir hafi gjarnan lánað út á veð í viðkomandi fyrirtækjum. „Svo selja slitastjórnið“ segir hann. Við þá sölu myndist neikvæð stærð í tölum um beina fjárfestingu innlendra aðila erlendis. „Það er í rauninni verið að affjárfesta, losa eignir.“

Um leið sýna tölurnar að

Erlend fjárfesting Íslendinga

| Ár | Hlutabréfaviðskipti | Endurfjárfesting | Lánaviðskipti | Samtals |
|------|---------------------|------------------|---------------|----------|
| 2001 | 26.803 | 4.449 | 2.273 | 33.525 |
| 2002 | 21.982 | 12.547 | -4.851 | 29.678 |
| 2003 | 20.417 | 13.914 | -5.443 | 28.888 |
| 2004 | 143.431 | 9.576 | 27.036 | 180.043 |
| 2005 | 323.531 | 54.428 | 67.473 | 445.433 |
| 2006 | 248.880 | 80.550 | 54.651 | 384.082 |
| 2007 | 638.224 | 32.043 | -22.756 | 647.512 |
| 2008 | -178.946 | -114.962 | -80.130 | -374.038 |
| 2009 | 306.361 | -1.907 | -26.424 | 278.030 |
| 2010 | -109.586 | -32.059 | -147.806 | -289.451 |
| 2011 | 24.209 | 27.772 | -49.934 | 2.047 |
| 2012 | -508.822 | -158.809 | 267.616 | -400.014 |

Heimild: Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla Seðlabankans

í beinni erlendri fjárfestingu hafi útlendingar fest 83,92 milljarða króna á Íslandi árið 2012, miðað við 128,42 milljarða árið áður.



Gylfi Magnússon

Þarna geta þó einnig orðið nokkrar sveiflur milli ára, til dæmis vegna lána- viðskipta stórra fyrirtækja.

„En það er samt vitað að með fjárfestingarleið Seðlabankans er í einhverjum mæli að koma inn fjármagn,“ segir Lárus. Fjárfestar eða fyrirtæki koma þá inn í landið með svonefndar „aflandskrónur“ í skilgreind fjárfestingar- verkefni og 15 prósentu gjald- eyrisálag

að auki. „Í því er núna talsverður gangur.“

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, tekur undir að erfitt sé að draga ályktanir af tölum Seðlabankans um beina fjárfestingu. „En hins vegar er náttúrulega alveg rétt að erlend fjárfesting er eiginlega engin á Íslandi, þótt liggja þurfi yfir þessum tölum til þess að sjá það,“ segir hann. Höftin séu þar ein skýring, en um leið megi horfa til þess að fjárfesting hafi dregist mikið saman. „Þetta er því ekki séríslenskt að fjárfesting sé lítil, þótt höftin bæti sjálfsgagt ekki úr hér.“



FÖLLNU BANKARNIR Slitaferli föllnu bankanna veldur miklum sveiflum í tölum Seðlabanka Íslands um fjárfestingu innan og utan landsteinanna. MYND/SAMSETT

Ísland er í hópi þeirra ríkja heimsins þar sem atvinnuleysi er einna minnst:

Óbreytt atvinnuleysi innan OECD

Ísland er í hópi þeirra ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, þar sem atvinnuleysi er hvað minnst.

Í nýjum tölum OECD kemur fram að fyrstu þrjú mánuði ársins hafi atvinnuleysi hér verið 5,6 prósent. Á því tímabili eru ekki mörg lönd undir fimm prósentu atvinnuleysi. Aðeins er þar um að ræða S-Kóreu með 3,3 prósent, Noreg með 3,6 prósent, Japan með 4,2 prósentu atvinnuleysi og Austurríki þar sem atvinnuleysi mældist 4,9 prósent.

Hér hefur atvinnuleysi farið minnkandi síðan þá og mældist 4,9 prósent í apríl, samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar.

Í nýjum tölum OECD kemur fram að atvinnuleysisstig innan landa stofnunarinnar hafi verið óbreytt milli apríl og mars, 8,0 prósent. Í löndum evrunnar náði atvinnuleysi hins vegar nýju meti í apríl með 0,1 prósentu hækkun milli mánaða og fór í 12,2 prósent. Er það 1,3 prósentustigum yfir fyrra meti á miðjum tíunda áratug síðustu aldar.

Þá dró úr atvinnuleysi í Bandaríkjunum í apríl þar sem það fór í 7,5 prósent. Lækkunin nam 0,1 prósentustigi.



MÓTMÆLI Á SPÁNI Efnahagsástand á Spáni er mjög bágborið. Hér krefst fólk þess að stjórnendum Santander-bankans verði refsað. Í landinu er yfir fjórðungur án atvinnu. NORDICPHOTOS/AFP

ATVINNULEYSI Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI 2013

| Valin lönd/svæði | Verðbólga |
|------------------|-----------|
| OECD samtals | 8,1% |
| Evrópusambandið | 10,9% |
| Evrulöndin | 12,1% |
| Bandaríkin | 7,7% |
| Írland | 13,7% |
| Ísland | 5,6% |
| Japan | 4,2% |
| Noregur | 3,6% |
| Spánn | 26,6% |

Heimild: OECD

Sambærileg lækkun átti sér stað í S-Kóreu þar sem atvinnuleysi mældist 3,3 prósent og í Japan þar sem atvinnuleysi fór í 4,1 prósent.

„Nýrri tölur frá því í maí benda til þess að atvinnuleysi hafi aukist á ný í Bandaríkjunum um 0,1 prósentustig,“ segir í nýjustu umfjöllun OECD. „Þróun atvinnuleysis innan OECD hefur verið mjög mismunandi frá upphafi fjármálakreppunnar,“ segir þar jafnframt.

Alls eru 48,5 milljónir manna sagðar hafa verið án atvinnu innan landa OECD í apríl á þessu ár, 200 þúsundum fleiri en í mars og 13,7 milljónum fleiri en í júlí 2008. -óka

„Netbankinn sparar mér gríðarlega mikinn tíma.“

Í **Netbanka fyrirtækja** hjá Landsbankanum færðu betri yfirsýn yfir fjármál fyrirtækisins, sem skilar sér í hagræðingu og tímasparnaði. Með stillanlegri forsiðu og beintengingu við bókhaldskerfi eru helstu aðgerðir alltaf við höndina. Kynntu þér netbankann á landsbankinn.is.

Alexander Stefánsson
Frákvæmdastjóri Köfunarþjónustunnar



Græna byltingin að hefjast á hafinu

Íslenski sjávarklasinn stefnir að því að fá útgerðir og stjórnvöld með sér í tilraunaverkefnið Græna fiskiskipið. Það miðar að því að sýna það besta sem íslensk tæknifyrirtæki hafa upp á að bjóða í umhverfisvænum lausnum.

SJÁVARÚTVEGUR

Porgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Áratugareynsla Íslendinga af fiskveiðum og bátaútgerð, auk nýstárlegra og frumlegra lausna í þróun tækja og búnaðar, gæti verið lykkillinn að nýrri markaðssókn íslenskra tæknifyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi. Nýtt verkefni Íslenska sjávarklasans sem kallast „Græna fiskiskipið“ miðar að því að setja saman, í samstarfi við íslenskar útgerðir, eins konar tilraunaskip í kynningarskygni fyrir íslenska umhverfisvæna tækni. Græna fiskiskipið, með sparneytnari vélum og markvissari veiðafærum, er talið geta markað upphaf nýrra tíma og bæði eflt ímynd Íslands sem leiðandi þjóðar í sjávarútvegi og skapað mörg dýrmæt störf hér á landi.

Milljarðahagsmunir

Íslenski fiskiskipaflostin er árlega knúinn áfram með um 160.000 tonnum af olíu (miðað við árið 2011), sem er um fjórðungur af heildarolíunotkun Íslendinga, og nemur um tuttugu milljörðum króna á ári. Öll framþróun að því marki að auka orkunýtingu flotans er því beintengd gríðarlegum hagsmunum, ekki bara fyrir útgerðirnar heldur fyrir þjóðarþúið í heild sinni.

Samkvæmt úttekt sjávarklasans, sem byggir á upplýsingum frá tæknifyrirtækjunum sjálfum og tilraunum sem gerðar hafa verið með búnað þeirra og hönnun, má áætla að hægt sé að spara að minnsta kosti fimmtung af olíukostnaði, eða um fjóra milljarða króna.



HÚS SJÁVARKLASANS Innan Sjávarklasans eru tugir fyrirtækja sem vinna saman að því að auka virði fyrirtækjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Blómlegur tækniðnaður

Í greinargerð sem sjávarklasinn hefur tekið saman um Græna fiskiskipið segir að tæknilausnir sem þróaðar hafa verið hér á landi hafi oftast en ekki farið hljótt, enda séu mörg fyrirtækjanna sem um ræðir enn þá lítil. Meðal þess sem þegar liggur þó fyrir er hönnun á skipum sem skila miklum togkrafti miðað við orkunotkun, aflstýrikerfi sem dregur úr olíunotkun, stýranlegir toghlerar sem miða að því að vernda lífríki hafsbotnsins, rafknúnar togvindur og allt niður í umhverfisvæn hreinsiefni. Auk þess býður nýleg tækni upp á frekari fullvinnslu afurða og íslensk kælifyrirtæki hafa náð árangri í því að auka gæði og orkunýtingu.

Tæknifyrirtæki í sjávarklas-

HVAÐ ER SJÁVARKLASINN?

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur íslenskra fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi og hefur það að markmiði að auka virði þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Íslenski sjávarklasinn varð til sem rannsóknarverkefni við viðskiptafræðideild HÍ árið 2010. Fyrirtækið var svo stofnað árið 2011 á grundvelli svokallaðrar klasafræði. Samstarfsfyrirtæki Sjávarklasans eru nú á fimmta tug.

Sjávarklasinn er einnig samstarfsvettvangur þar sem reglulega eru haldnir fundir og vinnustofur hagsmunahópa innan sjávarklasans þar sem leitast er við að knýja fram hugmyndir og efla traust.

anum eru 70 talsins. Velta þeirra á síðasta ári var 66 milljarðar króna, sem er aukning upp á 16% frá árinu á undan. Marel og Hampiðjan eru stærstu tæknifyrirtækin í sjávarklasnum, en velta þeirra nemur um 58% af heildarveltu geirans að því er fram kemur í nýrri úttekt.

Byggt verði tilraunaskip

Græna fiskiskipið er hugsað sem næsta skrefið í því að þróa og sannreyna búnað frá íslenskum fyrirtækjum, en að því er höfundar greinargerðarinnar segja þarf að koma til frekari fjárfesting. Íslenskar útgerðir hafi sýnt nýsköpun í geiranum áhuga

en raunverulegar fjárfestingar hafi verið litlar „vegna óhagstæðs skattaumhverfis og neikvæðrar umræðu“, eins og þar segir. Græna fiskiskipið verði eins konar tilraunaskip til að prufukeyra nýjan búnað.

Mælst er til þess að útgerðir taki sig saman um að ein útgerð framkvæmi umræddar breytingar á einu skipi og starfræki Græna fiskiskipið. Um verður að ræða gríðarmikla fjárfestingu og því mikilvægt að beita klasa- aðferðarfræði þar sem margir koma að. Tæknifyrirtæki veiti þá afslátt af vinnu, útgerðir dreifi áhættu af rekstri skipsins og rannsóknarsjóðir og stjórnvöld komi einnig að verkefninu.

Ef og þegar Græna fiskiskipið kemst á reksþöl sé hægt að hefja markaðsáttak fyrir íslenska hönnun á grænu fiskiskipi erlendis, í samstarfi við Íslandsstofu.

Horft til hagkvæmninnar

Gunnar Ellert Geirsson, sem fer fyrir hópi tæknifyrirtækja í sjávarklasnum, segir í samtali við Markaðinn að vinnan að baki þessu verkefni hafi staðið um nokkra hríð.

„Menn hafa mikið verið að horfa í hagkvæmnina síðustu ár. Að skipin eyði minni olíu og að allir þessir hlutir, veiðarfæri, vélar, skráfur og fleira, séu settir rétt saman til að skila sem mestri hagkvæmni í rekstri,“ segir Gunnar.

„Lengi vel var hugsunin sú að eftir því sem þú varst með stærri og öflugri skip, hengdir þú bara stærri og þyngri veiðarfæri aftan í, óháð því hvort það skilaði sér í meiri afla eða verðmætari afla. En það hefur verið mikil hugarfarsbreyting síðustu ár og menn eru að átta sig á því að það borgi sig kannski frekar að hafa minni vélar í skipunum og stærri skráfur og hafa veiðarfærin léttari og láta þau virka betur í sjónum. Þannig má nýta orkuna betur og sjá til þess að það sem brennt er fari í það að knýja skipið áfram.“

Útgerðirnar hafa tiltrúna

Gunnar segir að engin ný vísindi felist í þessari hugsun. Íslendingar verði þó að horfa á heildar-samsetninguna þegar skip er sett upp. Tæknifyrirtækin í Sjávarklasnum séu að horfa til þess að íslenskir hönnuðir, og þekkingin sem er til staðar á Íslandi, fái að njóta sín í þeirri endurnýjun á flotunum sem þau telja vera óumflýjanlega, enda sé meðalaldur stærri skipa hér á landi um 33 ár, miklu hærri en í flestum nágrannalöndunum. Mikil tækifæri eru til staðar, þrátt fyrir að smíði skipsins sjálfs og stálvinnu fari fram erlendis, því að kostnaður við búnað og uppsetningu er um 80% af heildarbyggingarkostnaði skipa.

Lykilatriðið til að koma Græna fiskiskipinu á reksþöl er þó að fá útgerðirnar til að taka þátt og fjárfesta í verkefninu, en til þess er leikurinn auðvitað gerður.

„Í tæp þrjú ár höfum við verið að kynna þetta verkefni fyrir öllum útgerðum í landinu og svarið er næstum alltaf það sama; menn sjá ekki fram á að geta fjárfest fyrir milljarða í skipi, en ég vona að það fari að breytast núna. Þörfin er til staðar og það skortir ekkert á tiltrú útgerðanna á tækniþekkingu innanlands, en framhaldið snýst um hvort útgerðirnar hafi svigrúm til að fjárfesta eða ekki.“

GRÆNA FISKISKIPIÐ

Vinnsla um borð

Góð nýting á hráefni er veigamikil skref í átt að umhverfisvænni iðnaði og á því sviði stendur íslenskur sjávarútvegur flestum framur. Fjöldmörg íslensk tæknifyrirtæki hafa mikla reynslu í þróun vinnslutækni og má þar helst nefna Marel, en íslensk kælifyrirtæki hafa einnig náð góðum árangri.

Togspil

Til að draga úr orkunotkun vegna togspila vinnur Naust Marine að þróun togspila sem knúin eru rafmagn en ekki með glussakerfi, sem er algengara en orku-frekara. Glussakerfi eru almennt orkufrek og mikla orku má einnig spara með því að nota búnað sem kveikir á glussadælum þegar þær eru í notkun í stað þess að hafa þær gangandi allan sólarhringinn óháð notkun.

Vistarverur sjómanna

Káeturnar eru hitaðar með varma frá útblæstri.

Skrokkurinn


Skipsskrokkurinn þarf að vera hannaður með það að sjónarmiði að hámarka flæði sjávar að skráfunni og hlutfall lengdar og breiddar þarf að vera þannig að það henti notkun. Skip sem þurfa að ganga hratt, til dæmis uppsjárskip og freigátur, eru byggð löng og mjög, en þau sem þurfa á stöðugleika og stefnufestu að halda, til dæmis togarar, eru höfð styttri og breiðari.

Aðalvélar

Lykilatriðið í bættari orkunýtingu á fiskiskipum er að tryggja að aðalvélin sé eins sparneytin og kostur er, þar sem hún tekur 75% af heildarorkunotkun skipsins. Það má meðal annars vinna með því að setja minni vélar í skipin, en á móti hafa skráfurnar stærri (upp að vissu marki).

Veiðarfæri

Fyrirtækið Pólar togbúnaður vinnur að því að hanna nýjan toghlara sem hægt er að fjarstýra með bördum til að halda trollinu opnu og tryggja þannig að skipið geti dregið veiðarfærin með sem minnstu afli. Þessi aðferð verndar líka lífríki hafsbotnsins.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BANGKOK VINSÆL BORG

Samkvæmt bandarískri könnun sem birtist á vefmiðli USA Today stefnir í að Bangkok í Tailandi fái flesta ferðamenn þetta árið. Búist er við að tæplega sextán milljónir ferðamanna heimsæki borgina á þessu ári en Lundúnir koma næst á eftir.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.



<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

Ertu búinn að fá þér
Veidikortið!

Elliðavatr
komið á
kortinu!



Veidítímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Það er bannað að krismuna
börnum eftir liat hetti



FRÁBÆRT VERÐ Úrvalið er fjölbreytt, maturinn góður og verðið er frábært á Texasborgurum.

MYND/GVA

HAMBORGARAR VIÐ HÖFNINA

TEXASBORGARAR KYNNA Fjölbreytt úrval, gæðahráefni og gott verð ein-
kenna Texasborgara við Grandagarð sem nýlega áttu eins árs afmæli.

Við opnuðum Texasborgara fyrir rúmu ári og hann varð fljótlega einn vinsælasti hamborgara-
staður borgarinnar,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. Hann segir lykिलinn felast í þremur þáttum; hágæðahráefni, stórum borgurum með ríkulegu meðlæti og lágu verði. „Við höfum verið óhrædd við að bjóða nýjungar. Undanfarið ár höfum við boðið upp á ljúffengan lambaborgara úr læri með bernaïse, hreindýraborgara, hvalaborgara, kalkúnaborgara og indverskan Bombay-borgara. Viðskiptavinir hafa tekið mjög vel í þessar nýjungar okkar.“

Langvinsælasti rétturinn frá opnun að sögn Magnúsar Inga er þó klassískur Texas-ostborgari sem er ekta amerískur ostborgari sem öllum þykir góður. „Hann er alltaf á tilboði á 1.390 kr. með frönskum og gosi og verður örugglega vinsæll áfram. Úrvalið er

þó mikið og margir gera vel við sig og bæta við beikoni, spældu egg, gráðosti, bernaïse-sósu eða öðru sem hugurinn gírnist fyrir klink.“ Magnús leggur áherslu á að allir hamborgararnir séu stórir, 140 g og unnir frá grunni á staðnum úr úrvalshráefni.

Auk ljúffengra hamborgara bjóða Texasborgarar upp á þrjá kjúklingarétti og djúpsteiktan fisk með frönskum. Kjúklingaréttirnar þrjár samanstanda af Kjúklingabyssu og Texas-kjúklingasamlöku en báðir réttir eru bornir fram með frönskum og hrásalati. Svo er boðið upp á matarmikið salat með baunum, nachos og rist-
uðum kjúklingi í Texas-sósu.

Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, texasborgarar.is, og á Facebook þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn.

**2
FYRIR
1**

af lúxus-
borgara með
beikoni, osti,
bernaïse-sósu
og frönskum
gegn framvísun
þessa miða.

takeaway -
pöntunarsími
517 3130

Heitir pottar frá Lay-Z-Spa

- loksins fáanlegir aftur



Tilvaldir við
sumarbústaðinn eða
í garðinn heima.
Pottarnir koma með
loki og öllu sem til þarf.

Borgartún 36
105 Reykjavík
(bakvið Cabin Hotel)
588 9747
www.vdo.is



ÚTSALA HAFIN!
WEEKEND
MaxMara
MARINA RINALDI
B/A/S/L/E/R Parisar TIZKAN
Skiptiholti 29b • S. 551 0770



BJÓRNÖRDAR HITTUST Á HÓLUM

SMAKK Bjórhátíð var haldin á Hólum í Hjaltadal í byrjun mánaðarins. Þetta er í þriðja skipti sem hátíðin er haldin og þykir hún hafa tekist með eindæmum vel. Vatnajökull þótti bestur.

20% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Vattjakkar í fallegum litum og sportlegar kápur. Vandaðar vörur á góðu verði!

Stærðir 36-52

Vertu vinur okkar á Facebook 

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



Öll bjórhús á landinu tóku þátt í hátíðinni en gestir fengu að bragða á 50 tegundum af bjór. Einn innflytjandi var á meðal þeirra Íslensku og kynnti hann bjór frá Belgíu og Þýskalandi. Að sögn Guðmundar Björns Eypórssonar mættu ríflega 100 gestir á hátíðina sem fór vel fram að öllu leyti.

„Hugmyndin að hátíðinni er gömul en félagar mínir höfðu gengið með hana í maganum lengi. Bjarni Kristófer Kristjánsson er guðfaðir hátíðarinnar en ég kom sjálfur seinna inn í þetta. Ég sé hins vegar um alla stjórnsýslu,“ segir Guðmundur. „Hátíðin var fyrst haldin árið 2011 en það var nokkurs konar general-prufa þess sem síðar varð. Í fyrra mættu um hundrað manns og hátíðin var til fyrirmyndar í alla staði. Við komumst jafnframt að því að það er heppilegur fjöldi fyrir hátíð sem þessa. Við ákváðum þess vegna að setja takmark á miðasöluna,“ segir Guðmundur enn fremur.



BJÓRHÁTÍÐ Á HÓLUM Bás Ölgerðarinnar/Borg Brugghús á hátíðinni laðaði marga að. MYND ÚR EINKASAFNI



BJÓRINN SMAKKAÐUR Baldur Kárasón, bruggari Vífilfells, fylgist með smakkararum íbygginn á svip.

Geymslu- og dekkjahillur

kr.16.990.-
viðbótareining kr. 11.886.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufritt og smellt saman

Ísöld ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



Hátíðin er haldin á Hólum þar sem þeir félagar starfa. Þar er rekið lítið brugghús sem nefnist Bjórsetur. Áhugi á vönduðum bjór er aðalsmerki gesta á bjórhátíðinni en þeir smakka tegundirnar eins og um vínsmakk sé að ræða. Flestir gestirnir voru karlkyns, að sögn Guðmundar.

„Þessi hátíð er komin til að vera og hún mun alltaf verða á Hólum. Við höfum engan áhuga á að halda hana annars staðar. Íslenskir framleiðendur eru að átta sig á því að þetta er eini vettvangur þeirra til að hittast, kynna sig og bera saman bækur sínar. Að öðru leyti er þetta mikill bjórnördahópur sem mætir til leiks. Hátíðin er lítið sem ekkert auglýst vegna þess að við getum ekki tekið á móti stærri hópum. Gestir völdu síðan Vatnajökul frá Ölvisholti sem besta bjórin en þeir fá atkvæðaseðil þegar þeir mæta,“ útskýrir Guðmundur. Í öðru sæti var Arctic Berry Ale frá Viking Brugghús og í þriðja sæti Tumi Humall IPA frá Gæðingi Brugghús.

„Á hátíðinni var boðið upp á þýskar grillpylsur og hægeldað svínakjöt og að auki saltkringlur frá Bakaríinu við brúna á Akureyri en þaðan koma bestu „bretzl“ á Íslandi,“ segir Guðmundur og



FJÓLMENNI Margir höfðu áhuga á bjórhátíðinni sem haldin var í þriðja sinn.

bætir því við að allir gestir komi á hátíðina með það að markmiði að bragða á góðum bjór en ekki detta í það. „Það hafa aldrei komið upp nein vandamál og það er yndislegt að sjá hvað gestir eru áhugasamir um bjórin og ræða um hann með þekkingu. Menn skiptast á skoðunum og ræða við framleiðendur.“ Hátíðin verður haldin í júní á næsta ári og hægt er að fylgjast með á Facebook-síðunni Bjórsetur Íslands. ■ elin@365.is



VEL HEPPNAÐ Guðmundur Björn Eypórsson segir að hátíðin hafi verið einstaklega vel heppnuð.

Við skutlum Júlíu heim



Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnajökull 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

AUKNING HJÁ NORWEGIAN

Flugfélagið Norwegian sem meðal annars flýgur til Íslands jók farþegafjölda um 22% í maí. Alls flugu 1.885.648 farþegar með félaginu í síðasta mánuði sem er met.

Norwegian hóf flug til New York fyrir stuttu. Allt bendir til þess að flugumferð í heiminum sé að aukast á ný eftir kreppuár. Sérstaklega er tekið eftir að fleiri fara í lengri flugferðir.

Forstjóri Norwegian, Björn Kjos, segir í samtali við travelnews.se að þessi fjölgun sé mikið gleðiefni. „Við verðum varir við að margir nýir nýta sér félagið og við erum að festa okkur í sessi á Evrópumarkaði,“ segir Kjos. Hann segir enn fremur að verðið skipti máli en það sé mikilvægt að fólk sé ánægt með ferðina því þá komi það aftur.

Norwegian er stærsta lággjaldaflugfélag í Skandinavíu og þriðja stærsta



í Evrópu. Félagið flýgur til 121 staðar í Evrópu, Norður-Afríku, Mið-Austurlöndum, Tailandi og Bandaríkjunum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ósló.

FER VÍÐA Norwegian er þriðja stærsta lággjaldaflugfélag í Evrópu.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



MIÐVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2013
5. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



BESTA SVARIÐ

Selma Björnsdóttir velur
bestu svörin í nýjum
skemmtipætti Sveppa.



HEIMSÓKN

Sindri Sindrason býður
í heimsókn.



OZ-APPIÐ

Tímamót í íslenskri
sjónvarpssögu.



BIÐIN ER Á ENDA

GLÆNÝ ÞÁTTARÖÐ AF
ARRESTED DEVELOPMENT
HEFST Á STÖÐ 2 Á FÖSTUDAG

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD

VELKOMIN TIL FRAMTÍÐARINNAR MEÐ STÖÐ 2 OG OZ-APPINU

Áskrifendur Stöðvar 2 geta nú hlaðið niður OZ-appinu sem gerir þeim kleift að streyma sjónvarpsútsendingum í spjaldtölvur og snjallsíma. Einnig verður hægt að taka upp uppáhaldssjónvarpsefnið og seinka útsendingum. OZ-appið virkar í iPad, iPod touch, iPhone IOS 6 eða nýrri útgáfum.

Nýja OZ-appið er sannkölluð bylting fyrir sjónvarpsáhorfendur en með því gefst þeim kostur á að horfa á valdar sjónvarpstöðvar Stöðvar 2, hvar og hvenær sem er, í spjaldtölvunni eða símanum. OZ-appið býður upp á einfalda aðgerð þar sem hægt er að velja hvaða uppáhaldspátt eða kvikmynd á að taka upp og horfa á

síðar þegar betur hentar. Þetta er frábær kostur til að safna saman bestu kvikmyndunum frá Stöð 2 Bíó á einn stað, eftirlæstisteikni-myndunum frá Stöð 2 Krakkar og bestu sjónvarpsþáttunum á Stöð 2 og Stöð 2 Gull.

Einnig er hægt að seinka útsendingum um allt að klukkutíma sem er einstaklega heppi-

legt ef til dæmis komið er inn í miðja bíómynd eða íþróttaleik. Þá er minnsta mál að spóla til baka að byrjun bíómyndar eða íþróttaleiks og áskrifendur missa ekki af neinu.

Þá er hægt að streyma

útsendingunni áfram á hefðbundinn sjónvarpsskjá í gegnum Apple TV. Áskrifendur geta því horft á útsendingu í tækjum sínum frá Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar, Gull, Stöð 2

Sport, Popptívi og Stöð 2 Sport 2. Auðvelt er að sækja OZ-appið. Áskrifendur fara einfaldlega inn á www.stod2.is og skrá sig.

Þessi frábæra nýjung verður bylting fyrir sjónvarpsáhorfendur. Nú þarf ekki lengur að horfa á sjónvarp eftir fyrir fram ákveðinni dagskrá, heldur stýra áskrifendur tímasetningunni sjálfir. Sannkallað framfaraskref og stórukið frelsi fyrir viðskiptavinum Stöðvar 2.



Guðjón Már Guðjónsson, forstjóri OZ, og Ari Edwald, forstjóri 365.

OZ-APPIÐ ER BYLTING FYRIR ÁSKRIFENDUR

„Það má svo sannarlega segja að áskrifendum okkar bjóðist að stíga inn í framtíðina,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365, um nýja OZ-appið. Hann segir fyrirtekið afar stolt af þessari nýju þjónustu sem sé viðbót við aðrar dreifileiðir sjónvarpsefnis, sem þegar eru í boði.

„Þetta er algjör bylting fyrir áskrifendur okkar. Nú geta þeir streymt öllum stöðvum Stöðvar 2 beint í snjallsímann og spjaldtölvuna og um leið seinkað útsendingum og safnað uppáhaldsefninu sínu. Þessi frábæra þjónusta nýtist öllum, börnum sem fullorðnum, og á vafalaust eftir að slá í gegn. Í gegnum þessa græju upplifir fólk fyrir alvöru gæðin á dagskrá Stöðvar 2 og fylgistöðvanna. Að geta skoðað dagskrána viku fram í tímann í frábæru viðmóti og safnað því sem hugurinn gírnist með einni snertingu.“



Nú þarf ekki lengur að horfa á sjónvarp eftir fyrir fram ákveðinni dagskrá, heldur stýra áskrifendur tímasetningunni sjálfir. OZ-appið er sótt inn á www.stod2.is.

OZ

ÓMISSANDI Í VIKUNNI

HÍÐ BLÓMLEGA BÚ
Miðvikudag
Kl. 20.00



GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL
Fimmtudag
Kl. 20.00

MOULIN ROUGE
Föstudag
Kl. 20.30




HEIMSÓKN
Laugardag
Kl. 18.55

THE KILLING
Sunnudag
Kl. 21.35



KINGDOM OF PLANTS
Mánudag
Kl. 22.15

MIKE & MOLLY
Þriðjudag
Kl. 20.25





SELMA VELUR BESTU SVÖRIN

BESTA SVARIÐ
Kl. 20.00 föstudaga Hefst 14. maí

Spurninga- og skemmtipátturinn Besta svarið hefur göngu sína á Stöð 2 á föstudagskvöldið kemur. Um er að ræða glænýjan þátt sem Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stýrir með ekkert sérstaklega harðri hendi. Í hverjum þætti mætir til leiks þjóðkunnur einstaklingur með þrjú vini sína sem eiga að keppast við að svara spurningum um aðalgest þáttarins. Selma Björnsdóttir er gestur fyrsta þáttarins og fá áhorfendur að vita ýmislegt sem þeir ekki vissu áður um Selmu. Til dæmis hvað Selmu finnst

mest pirrandi við börn, hvaða íslenska hljómsveit fer mest í taugarnar á henni og með hvaða Hollywood-leikara hún myndi helst vilja eiga börn, svo fátt eitt sé nefnt.

Vinkonur Selmu, þær Unnur Ösp Stefánsdóttir, Björk Eiðsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir, keppast við að finna bestu svörin fyrir Selmu, sem sjálf þarf að velja hver þeirra þekkir hana best.

Það er til mikils að vinna því sú vinkona sem á flest bestu svörin fær að launum helgarferð til Evrópu með Selmu.



SÁLFRÆÐINGUR VERÐUR BORGARSTJÓRI

BOSS
Mánudaga kl. 22.05

Bandaríski leikarinn Kelsey Grammer, sem er kannski best þekktur sem Frasier Crane, hefur fimm sinnum fengið Emmy-verðlaun. Persóna Frasers Crane varð fyrst til í hinum vinsælu Cheers-þáttum sem leiddu síðan til þess að gerðir voru þættir um útvarpssálfræðinginn sjálfan. Nú gerir Kelsey Grammer garðinn frægan í þáttunum Boss, þar sem hann fer með hlutverk borgarstjórans Toms Kane sem glímur við erfið veikindi. Sögu sviðið er Chicago. Önnur þáttasería um Boss fer í loftið á Stöð 2 á þjóðhátíðardaginn, 17. júní.

Kelsey Grammer er 58 ára, á fjögur hjónabönd að baki, fimm börn og eitt barnabarn. Yngsta barn hans er tíu mánaða stúlka, Faith, sem hann á með núverandi eiginkonu, Kayte, sem er 32 ára. Frasier-þættirnir gengu í ellefu ár og eru stöðugt í endursýningu, þar á meðal á Stöð 2 á sunnudagskvöldum.





HEIMSÓKN TIL SINDRA

HEIMSÓKN
Kl. 18.55 laugardag

„Stofur í húsum eru oft lítið notaðar en ég nota mína mikið. Ætli hún sé ekki minn uppáhaldsstaður enda miðja hússins,“ segir Sindri Sindrason þegar hann er spurður um uppáhaldsstaðinn á heimilinu.

Heimili Sindra er á fimm pöllum og er inngangurinn á hæðinni fyrir ofan stofuna. „Þegar inn er komið blasa stofan og borðstofan við og því liggur beinast við að bjóða gestum beint til stofu,“ segir hann.

„Ég er mjög duglegur að bjóða fólki heim og held oft matarboð. Ég er hins vegar hræðilegur kokkur og verð alltaf að panta mat,“ segir hann hlæjandi en bætir við að gestirnir huggi sig við að hann geri í staðinn bestu kokteila í heimi sem hann leggur mikinn metnað í. „Maður er líka að komast á þann aldur að bæjarferðum fækkar sífellt, frekar er setið fram eftir í matarboðum og spjallað.“ Sindri hefur, ásamt því að ritstýra Íslandi í dag, bankað upp á á íslenskum heimilum í vetur í þætti sínum Heimsókn. Hann lýsir þættinum sem blöndu af Innliti útliti og Sjálfstæðu fólki.

„Að mínu mati segir heimilið mjög mikið um persónuleika fólks. Við Jón Grétar klippari erum búnir að gera fjörutíu þætti og eru heimilin jafn ólík og þau eru mörg.“ En segir heimili hans eitthvað um hann sjálfan? „Já, það gerir það eflaust. Ég safna til dæmis myndlist og hef gert alveg frá því ég var unglingur. Ég fór að stunda uppboð og myndlistarsýningar í menntaskóla, sem er auðvitað mjög norðalegt. Ég blanda mikið saman klassískri hönnun sem ég veit að eldist vel, við ódýrari smáhluti sem ég skipti oftar út. En það sem mér finnst gera heimili heimilisleg eru myndir af fjölskyldunni, fallegar bækur og mottur og er ég til að mynda með mynd af dóttur minni í stærð 80 x 80 uppi á vegg, kannski aðeins of mikið, en hún er bara svo dásamlega falleg,“ segir hann hlæjandi. „Spurður hvort hann sé heimakær segir hann bæði og. „Mér finnst nauðsynlegt að ferðast og skemmta mér en kósýkvöldum hefur fjölgað mikið eftir að stelpa kom til sögunnar.“

Fertugasti þátturinn af Heimsókn fer í loftið á laugardaginn klukkan 18.55.

Síðasti þáttur fyrir sumarfrí verður sýndur 22. júní. Þáttaröðin hefst aftur 7. september.



Lindsay Bluth Fünke

Leikin af: Portia de Rossi
Lindsay hefur aldrei dýft hendi í kalt vatn, hvað þá meir, og er þar af leiðandi einstaklega ófær um að vera sinnar eigin gæfu smiður. Hún fær reglulega dellur fyrir mönnum og málefnum sem hún telur sér brýnt að berjast fyrir, en missir áhugann jafnharðan.

Tobias Fünke

Leikinn af David Cross
Tengdasonurinn sem er eftirlæti margra áhorfenda en engra í Bluth-fjölskyldunni. Sérlega misheppnaður í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur, hvort sem það er á sviði leiklistar eða sem sérfræðingur með afar vafasamt og heimatilbúið starfsheiti („anal-rapist“). Tobias verður þó seint sakaður um að vera ekki úrræðagóður og hefur meðal annars dulbúið sig sem breska barnfóstru í þeirri von að rækta sambandið við dóttur sína. Það mistókst að sjálfsgöðu.

Maeby Fünke

Leikin af Alia Shawkat
Einhver snjallasti liðsmaður Bluth-fjölskyldunnar, sem þurft hefur að læra að standa á eigin fótum þar sem foreldrar hennar (Tobias og Lindsay) geta ekki með nokkru móti hugsað um aðra en sig sjálf. Hefur náð að skapa sér nafn í kvikmyndaframleiðslu í draumaborginni Hollywood með því að villa á sér heimildir.

Stöð 2 hefur á föstudag sýningar á glænýrri röð af gamanþáttunum Arrested Development. Þessa fjórðu þáttaröð má með sannri segja að sé tilkomin vegna fjölda áskorana, en rúm sjö ár eru síðan þriðja þáttaröðin rann sitt skeið á enda. Þrátt fyrir að geta státað af Emmy- og Grammy-verðlaunum mældist áhorf þáttanna ekki sem skyldi á sínum tíma og hætt var að sýna þá. Síðan þá hafa myndiskar með þáttunum selst sem heitar lummur og þættirnir öðlast sess sem einhverjir best heppnuðu sjónvarpsþættir síðustu ára. Á endanum var því ákveðið að ráðast í gerð fjórðu þáttaraðarinnar með alla leikarana innanborðs. Afraksturinn geta áskrifendur Stöðvar 2 séð frá og með næsta föstudagskvöldi.

ARRESTED DEVELOPMENT
Kl. 19.35 föstudaga
Hefst 14. maí.



DAVID ATTENBOROUGH
Kl. 19.45 mánudag

ATTENBOROUGH KOMINN Á STÖÐ 2

Nýr og afar fróðlegur þáttur úr smiðju Davids Attenborough verður sýndur á Stöð 2 mánudaginn 17. júní. Þátturinn heitir Kingdom of Plants og fjallar um þróun plantna hér á jörðu til dagsins í dag. Nýjasta upptökutækni var notuð við tökum en þær stóðu yfir í eitt ár. Myndatakan fór öll fram í Konunglega grasagarðinum í Kew í Englandi. Konunglegi grasagarðurinn er safn grasagarða og gróðurhúsa í suðvesturhluta London og geymir um 90% af öllum plöntum jarðar. Fjöldi ferðamanna heimsækir garðinn ár hvert en hann var opnaður árið 1759. Þátturinn er klukkutími að lengd og hefst 19.45.

STERK

Peggy Olson:

Byrjaði sem ritari en vann sig upp í starf auglýsingatextahöfundar.

Varð ófrísk eftir Pete Campbell og gaf barnið til ættleiðingar.

Náði frama innan auglýsingastofunnar með mikilli vinnu og undir handleiðslu Dons Draper.

Yfirgaf stofuna til að vinna hjá Cutler, Gleason, and Chaough.

Er nú farin að vinna á ný með Draper eftir sameiningu auglýsingastofanna.

Elisabeth Moss:

Fæddist í Kaliforníu 1982.

Sást fyrst á skjánum aðeins átta ára í þáttunum Lucky/Chances.

Hefur leikið minniháttar hlutverk í ýmsum þáttum og kvikmyndum.

Á árunum 1999 til 2006 lék hún Zoey Bartlet, dóttur forsetans, í þáttunum The West Wing.

Hefur leikið Peggy Olson frá 2007.

Hefur hlotið þrjár Emmy-tilnefningar fyrir hlutverkið.

Moss tilheyrir Vísindakirkjunni.

Michael Bluth

Leikinn af Jason Bateman

Í upphafi virkar Michael sem eini maðurinn með viti í fjölskyldunni, en eftir smá stund komast áhorfendur að því að hann er alveg jafn misheppnaður. Hann telur sig þó talsvert yfir fjölskylduna hafinn og reynir að ráðskast með liðið, ekki síst son sinn George Michael.

George Bluth eldri

Leikinn af Jeffrey Tambor

Fjárglæfamaðurinn og föðurlands-svikarinn George eldri hefur setið í fangelsi meirihluta síðastliðinna ára ef frá eru taldar flóttatilraunir. Gengur alltaf eitthvað til með gjörðum sínum og ákvörðunum og er sama hvort börnin hans eða eiginkonan þurfa að súpa seyðið af því.

Buster Bluth

Leikinn af Tony Hale

Örverpið sem losnar seint undan ofríki móðurinnar og kærir sig ef til vill ekkert um það. Taugaveiklaður mömmustrákur sem má ekki undir neinum kringumstæðum komast í sykraðan ávaxtasafa en þá verður allt vitlaust. Á hann vantar aðra höndina, en sæljón beit hana af þegar Buster fór eitt sinn að synda í sjónum þrátt fyrir andstöðu móður sinnar.

Lucille Bluth

Leikin af Jessica Walter

Ættmóðirin drykkfellða sem átti í ástarsambandi við tvíburabróður eiginmanns síns. Stjórnar Buster með harðri hendi og reynir að hafa áhrif á líf barna sinna með misgóðum árangri.

George Michael Bluth

Leikinn af Michael Cera

Yndislega vandræðalegi unglingurinn með skemmtilega nafnið sem elskar frænku sína, Maeby, miklu meira en eðlilegt getur talist. Hann átti einnig kærustuna Ann, sem þótti einstaklega óeftirminnleg. George Michael hefur staðið vaktina í bananasölu fjölskyldunnar enda setur hann hagsmuni sína aldrei í forgang og gerir allt sem faðir hans segir.

(George Oscar) GOB Bluth

Leikinn af Will Arnett

Elsti Bluth-bróðirinn yrði seint skilgreindur sem ættarsóminn. Töfra- maður að mennt en sérlega hörnu- legur sem slíkur og eiginlega bara misheppnaður í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann lætur þó aldrei deigan síga og ferðast um allt á Segway-hjól sínu.

VISSIR ÞÚ AÐ...

- Sögumaður þáttanna er bandaríski leikstjórinn Ron Howard (A Beautiful Mind, The Da Vinci Code). Upphaflega ætlaði hann þó bara að tala inn á prufuþáttinn en þótti smellpassa í hlutverkið svo hann hélt verkinu áfram.
- Rainn Wilson (The Office) og Will Arnett komu báðir til álíta í hlutverk GOB, hlutverkið sem Arnett síðan hreppti.
- Tobias og George eldri áttu upphaflega ekki að koma mikið við sögu í þáttunum. Vægi þeirra var þó aukið til muna eftir að persónurnar eignuðust marga aðdáendur.
- Litlu mátti muna að Michael Cera hefði ekki fengið atvinnuleyfi í tæka tíð til að taka að sér hlutverk Georges Michaels, en hann er kanadískur.
- Nærri allar heimasíður sem minnst er á í þáttunum voru virkar á meðan þættirnir voru í sýningu, t.d. www.imoscar.com og www.never-nude.com.

Arrested Development AFTUR Á SKJÁNN

Fjórða þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta Arrested Development hefst næsta föstudag á Stöð 2. Rúm sjö ár eru síðan síðustu þáttaröð lauk og hafa aðdáendur þáttanna beðið lengi eftir endurkomu þeirra.

AR KONUR MAD MEN

Joan Harris (áður Holloway):

Byrjaði sem skrifstofustjóri hjá Sterling Cooper.

Átti í löngu ástarsambandi við Roger Sterling.

Giftist læknum Greg Harris.

Varð ófrísk eftir Roger Sterling án vitundar eiginmannsins.

Skildi við lækinn.

Varð hluthafi í auglýsingastofnunni en til þess þurfti hún að sinna ógeðfelli viðviki með kúnna.

Christina Hendricks:

Var fyrirsæta frá 18 ára aldri en hætti 27 ára.

Hún er 38 ára í dag.

Hún hefur leikið aukahlutverk í fjölda sjónvarpsþátta, til að mynda Las Vegas, ER og Firefly.

Hefur komið fram í nokkrum kvikmyndum, til að mynda Drive.

Nýtur aðáunar fyrir íturvaxinn líkama og hefur breytt ímynd fólks um það hvernig sjónvarpsstjarna skuli líta út.

Umræðan um líkama hennar fer sérlega í taugarnar á leikkonunni.

Hin rauðhærða leikkona er í raun og veru ljóshærð en hefur litað hárið frá tíu ára aldri eftir að hún las Önnu í Grænuhlíð.

Hendricks spilar á harmóníku.

Betty Francis (áður Draper):

Fyrirverandi eiginkona Dons Draper og móðir þriggja barna þeirra.

Útskrifaðist frá Bryn Mawr og starfaði sem fyrirsæta þegar hún hitti Don.

Skilur við Don þegar hún kemst að öllu framhjáaldinu.

Giftist Henry Francis.

Samband hennar við börnin er fremur þvingað.

January Jones:

Hefur leikið í þáttum og myndum á borð við Anger Management, Love Actually, Dirty Dancing: Havana Nights, We Are Marshall, Law & Order, The Boat That Rocked, Love's Enduring Promise og American Wedding.

Árið 2002 var hún nr. 82 á lista Maxim yfir hundrað eftirsóttustu konur heims.

Lék í Saturday Night Live árið 2009 en fékk heldur lélega dóma.

Árið 2011 lék hún í kvikmyndinni Unknown og lék Emmu Frost í X-Men: First Class.

Hefur unnið að náttúruvernd og er í mun að bjarga hákörnum í útrýmingarhættu.

Megan Draper (áður Calvet):

Kom fyrst fram í fjórðu seríu sem textahöfundur.

Er frá Montreal og frönskumælandi.

Gerist ritari Dons Draper.

Giftist Don Draper.

Starfar nú sem leikkona í sápuóperu.

Jessica Paré:

Er 33 ára, fædd og uppalin í Montreal í Kanada.

Hefur leikið í kvikmyndunum Stardom, Lost and Delirious, Wicker Park og Hot Tub Time Machine.

Talar bæði ensku og frönsku.

Í upphafi fimmtu seríu Mad Men söng Paré hið fræga lag Zou Bisou Bisou, og var það gefið út á netinu og á vinyllplötu.

MYND HELGARINNAR



DARK SHADOWS
Kl. 22.30 laugardag

Johnny Depp og Helena Bonham Carter í mynd eftir Tim Burton um vampíruna Barnabas Collins, sem snýr aftur til fjölskyldu sinnar eftir útleigð.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR
Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur

Flypaper

Rómantísk gamanmynd frá höfundum Hangover um bankarán sem fer gjör-samlega úr böndunum. Með aðalhlutverk fara Patrick Dempsey og Ashley Judd.



Fimmtudagur

The 41-Year Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall and Felt Superbad About It

Eins og nafnið gefur til kynna er hér á ferðinni gamanmynd sem gerir stólpagrín að vinsælustu gamanmyndum síðastliðinna ára.

Föstudagur

The Grey

Liam Neeson fer með aðalhlutverkið í þessari spennu- mynd sem segir frá eftirlifendum flugslyss sem reyna að halda lífi úti í skógi, þar sem óvættir feta í hvert fótspor þeirra.



Laugardagur

Normal Adolescent Behaviour

Á tímum skyndikynna ákveða þeir vinir að halda hópinn og taka ekki þátt í því að sofa hjá hverjum sem er. Málin flækjast þó þegar ein í vínahópnum verður ástfangin af strák sem ekki er í hópnum.



Sunnudagur

J. Edgar

Áhrifamikil og sannsöguleg mynd um J. Edgar Hoover, sem var hæstráðandi hjá bandarísku alríkislögreglunni um áratuga skeið og þar með einn valdamesti maður Bandaríkjanna. Með aðalhlutverk fara Leonardo DiCaprio, Judi Dench og Naomi Watts.



Mánudagur

Sumarlandið

Frábær íslensk gamanmynd í leikstjórn Gríms Hákonarsonar með Kjartani Guðjónssyni og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur í aðalhlutverkum. Hvað gerist þegar fjölskylduafarir selur álfastein úr garðinum til að bjarga fjárhag fjölskyldunnar?



Þriðjudagur

Paul

Gegguð gamanmynd um myndasögunörda sem fá óvæntan ferðafélaga á leið sinni um Bandaríkinn. Frá sömu aðilum og gerðu Hot Fuzz og Shaun of the Dead.

VÖNDUÐ FÖT Á BÖRNIN

Nú býðst áskrifendum í Stöð 2 Vild 25% afsláttur af öllum fatnaði hjá barnafataversluninni Rokký Reykjavík á Smáratorgi (gengið inn um sama inngang og þegar farið er á Læknavaktina).

Rokký selur vandaðan barnafatnað frá þekktum framleiðendum. Meðal vörumerkja eru Hummel, Nova Star, Me too, Maxomorra og 4funkyflavours. Þá er verslunin þekkt fyrir mikið úrval fallegra tjullpílsa. Vörurnar eru fyrir börn á aldrinum 0-12 ára og er verslunin opin alla daga frá 11 til 18.



VILD
er snilld

ROKKÝ REYKJAVÍK

LIFANDI
MARKAÐUR

VÆNTANLEGT

Vildaráskrifendum Stöðvar 2 býðst heill heimur af fríðindum, frístöðvum og tilboðum sem samstarfsaðilar bjóða upp á. Lifandi markaður og Skemmtigarðurinn í Grafarvogi eru meðal fyrirtækja sem væntanleg eru í vildarkerfi Stöðvar 2.



SPORT 2 **MANSTU**
enski boltinn Kl. 20.00 föstudag

HVAÐ MUNA PÚLLARAR?

Spurningabátturinn Manstu er helgaður sögu Liverpool á Stöð 2 Sport 2 á föstudagskvöld. Guðmundur Benediktsson stýrir þessum bráðskemmtilega þætti þar sem tvö lið, skipuð annál-uðum stuðningsmönnum Liverpool, eigast við. Þátturinn markar endapunkt í Liverpool-viku á Stöð 2 Sport 2 en öll dagskráin hefur verið helguð Rauða hernum.

Næsta vika verður tileinkuð Chelsea og Guðmundur Benediktsson stýrir nýjum þáttum sem tengjast því frábæra liði með einum eða öðrum hætti alla virka daga klukkan 20.00. Á mánudagskvöldið verður hann með skemmtilegt viðtal við Eið Smára Guðjohnsen sem lék með Chelsea um árabíl og varð enskur meistari með liðinu 2005 og 2006.

DALLAS
Kl. 20.50 miðvikudaga


JR EWING KVEÐUR

Einn frægasti sjónvarpsleikari í heimi, Larry Hagman, lést 23. nóvember 2012 þegar tókur stóðu yfir á annarri þáttaröð í nýrri seríu af Dallas-þáttunum. Það var um miðja þáttaröðina sem JR varð allur. Handritshöfundar brugðust við með því að fella loks JR Ewing með viðeigandi hætti. Áhorfendur Stöðvar 2 munu fylgjast með því fljótlega.

Árið 1977 tók Larry Hagman við hlutverki JR Ewing, olíubaránsins á Southfork-búgarðinum, sem gerði hann heimsfrægan. Dallas gekk í þrettán þáttaröðum en í nóvember 1980 biðu 350 milljónir áhorfenda eftir að vita hver skaut JR. Enginn þáttur hefur hlotið jafnmikið áhorf. Hagman var fæddur í Fort



Worth í Texas í september 1931 og var því 81 árs þegar hann lést. Linda Grey, sem lék eiginkonu JR, Sue Ellen, og var náinn vinur í 35 ár, var viðstödd þegar hann andaðist ásamt fjölskyldu leikarans. Banamein hans var krabbamein. Hagman var kvæntur sænskum hönnuði, Maj Axelson, í tæplega sextíu ár og




JR Ewing eða Larry Hagman hress og kátur í nýjum Dallas-þáttum. Eftir eina og hálfu þáttaröð var hann allur.

eignuðust þau tvö börn. Larry Hagman varð fyrst frægur árið 1965 þegar hann lék í gamanmyndabáttunum I Dream of Jeannie. Þrátt fyrir að JR sé ekki lengur við völd í þáttunum hefur verið ákveðið að gera þriðju þáttaröðina af Dallas, alls fimmtán þætti, sem verða sýndir á næsta ári.


Til hamingju

með sjónvarp framtíðarinnar


OZ



iPad 4
Verð frá: **89.990.-**



iPad mini
Verð frá: **59.990.-**



iPhone
Verð frá: **79.990.-**



iPod touch
Verð frá: **43.990.-**

Tilboð:

iPad mini WiFi 16GB + Apple TV
76.990.-*

Listaverð: 83.980.-



Með Apple TV er hægt að senda beint úr OZ appinu í sjónvarpið**

epli.is

Smáralind

Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

Laugavegi 182

Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

Þitt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir til 30. júní 2013.
** Sjónvarp þarf að vera með HDMI tengi til að tengjast Apple TV.

SUMARGLAÐNINGUR

FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON



HD
TV
1080p

3D
intense

200Hz
CMi
ClearMotionIndex

Smart TV

Share & See
Home Network Devices

LEDedge

DVB-T DVB-C DVB-S DVB-S2 CI+

Ótrúlega vel búið 46" SmartTV LED sjónvarp með ótal tengimöguleikum, háskerpu upplausn og þrívídd. Eitt með öllu.

Thomson 46FU7765

169.990

Myndgæði

Tækið er með háskerpu upplausn 1920x1080, 200Hz clear motion index, Mega Contrast og öflugum Pure Image Ultra Intelligent örgjörva sem gefur framúrskarandi myndgæði og liti.

Þrívídd

Tækið er með innbyggðri þrívídd og notar active tækni sem er öflugasta tæknin sem í boði er í dag. Tækið getur breytt venjulegri mynd í þrívídd (2D to 3D conversion). 2 Active þrívíddargleraugu fylgja.

SmartTV og Margmiðlun

Tækið er með hefðbundinn DVB-T móttakara og DVB-S móttakara fyrir þá sem nota gervihnattadisk. Ennfremur er tækið með innbyggðum margmiðlunarspilara, hægt að taka upp á flakkara af tækinu og innbyggður þráðlaus móttakari (dongle). Tækið er með Smart TV viðmóti og hægt að tengjast fjölda forrita, fara á netið og fleira.

Tengimöguleikar

Tækið er vel tengjum búið með 4 HDMI, CI kortarauf, 2 USB, nettengi, VGA, Scart, Optical og heyrnartólstengi.

ULTRA
Pure
image

COLOR
extender

MEGA
contrast

DIGITAL
pure sound

x4
HDMI

PVR
READY

USB
multimedia
browser

2USB
UNIVERSAL SERIAL BUS

eco
mode

Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur
fasteignasali
Sími: 661 2100

Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Ragna S. Óskarsdóttir
MBA og löggiltur
fasteignasali
Sími: 892 3342

Halldór Ingi Andrésson
löggiltur
fasteignasali
Sími: 897 4210

Þröstur Þórhallsson
löggiltur
fasteignasali
Sími: 897 0634

Guðrún Pétursdóttir
skjalagerð

Ólafur Finnbogason
sölufulltrúi
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
sölufulltrúi
Sími: 899 1178

David Jónsson
sölufulltrúi
Sími: 697 3080

Hilmar Jónasson
sölufulltrúi
Sími: 695 9500

Heimir H. Eðvarðsson
sölufulltrúi
Sími: 893 1485

Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
Sími: 845 8958

Svan G. Guðlaugsson
sölufulltrúi
Sími: 697 9300

Helga J. Úlfarsdóttir
löggiltur
fasteignasali
Sími: 899 2907



801 Selfoss

Prastahólar

Glæsilegt 73,3 fm sumarhús auk millilofts
Stór útigeymsla
6.900 fm eignarlóð
Sólpallur ca. 285 fm, hitaveita
Heitur pottur
Lokað svæði

Verð **26,3 millj.**

801 Selfoss

Kiðhólsbraut Öndverðarnesi

Gestahús 20 fm
Byggingaréttur f. stórt sumarhús
Golfvöllur 18 holu
Sundlaug / tveir heitir pottar

Verð **7,5 millj.**

311 Borgarnes

Álfheimar við Hafnarskóg

Sumarhús stærð 64 fm
Stór verönd með heitum potti
5.000 fm leigulóð
Kjarri vaxin lóð
Glæsilegt útsýni

Verð **12,5 millj.**

301 Akranes

Eyrarskógur

50 fm sumarhús auk millilofts
3.700 fm leigulóð kjarri vaxin
Glæsilegt útsýni
Skipti möguleg

Verð **9,9 millj.**

301 Akranes

Eyrarskógur

37,5 fm sumarhús auk millilofts
3.900 fm leigulóð
Glæsilegt útsýni
Lokað svæði (rafmagnshlið)

Verð **7,3 millj.**

301 Akranes

Eyrarskógur

Mjög fallett 42 fm sumarhús í Svínadal
4.200 fm leigulóð, glæsilegt útsýni
Mikið endurnýjað hús
Lokað svæði (rafmagnshlið)
Skipti möguleg

Verð **7,8 millj.**

801 Selfoss

Prastahólar við Búrfell

Fallett 58 fm sumarhús
Eignarlóð 5.300 fm
Stór sólpallur, heitur pottur
Hitaveita
Gott áhvílandi lán

Verð **14,9 millj.**

320 Reykholt

Hrísmóar

Sumarhús að Hrísmóum í landi Signýjarstaða
53,0 fm ásamt millilofti
8.600 fm eignarlóð
Ca 170 fm sólpallur
Hitaveita, heitur pottur

Verð **17,7 millj.**

801 Selfoss

Selmýrarvegur við Álftavatn

Glæsilegt heilsárshús
85 fm hús m/ ca 100 fm sólpalli
5.000 fm eignarlóð
Kjarri vaxin lóð
Hitaveita, heitur pottur

Verð **27,9 millj.**

801 Selfoss

Holtsgata

Fallett 94 fm sumarhús
Steyptur kjallari, óskráð milliloft
Stór sólpallur, heitur pottur, hitaveita
Glæsilegt útsýni
Skipti á minna sumarhúsi koma til greina

Verð **19,5 millj.**

801 Selfoss

Hrauntröð

Heilsárshús við Hrauntröð í landi Vaðness
Húsið er um 70 fm
6.500 fm eignarlóð, kjarri vaxin
Útsýni, lokað svæði
Stór sólpallur, hitaveita

Verð **18,6 millj.**

311 Borgarnes

Indriðastaðir

Indriðastaðir, Skorradalshreppi
Sumarhús 55 fm ásamt millilofti
Tvær eignarlóðir samtals tæplega 6.500 fm
Kjarri vaxnar lóðir
Sólpallur, hitaveita, heitur pottur

Verð **23,9 millj.**

801 Selfoss

Oddsholt

Oddsholt, Grímsnes- og Grafningshreppi
Húsið er 55 fm ásamt millilofti
Gestahúsið er 25 fm auk ca 5 fm geymslu
7.700 fm eignarlóð
Stór sólpallur, heitur pottur

Verð **20,9 millj.**

801 Selfoss

Bjarkarbraut

Bjarkarborgir, Grímsnes- og Grafningshreppi
Húsið er 52 fm, lítill verkfærageymsla
5.200 fm eignarlóð á skipulögðu sumarhúsasvæði
Hitaveita á svæðinu
Lokað svæði

Verð **9,5 millj.**

801 Selfoss

Kiðhólsbraut Öndverðarnesi

Sumarhús 46 fm að stærð
Svefnloft
Heitt vatn og pottur
Golfaðstaða
Mikil afþreying á svæðinu

Verð **12,5 millj.**

801 Selfoss

Asparlundur

Asparlundur, (Miðfell við Pingvallavatn)
Húsið er 63 fm ásamt ca. 20 fm millilofti
1.600 fm eignarlóð, útsýni
Mikið endurnýjað
Stór sólpallur, heitur pottur

Verð **16,3 millj.**

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Skoda Octavia Ambiente Diesel 7/2010 ek.64þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeiðni. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.285728



Suzuki Grand Vitara Limited 10/2005 ek.134þús. Leður. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.310314



VORTEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bilaryðvörn sími 587-1390.



Suzuki Grand Vitara Lux 6/2010 ek.44þús. Sjálfskiptur. Leður. Toppluga. Ökutæki er á staðnum. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 3.980.000.- Rnr.285869



Honda Crv Elegance 4/2007 ek.80þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeiðni. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.285794

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

SUZUKI



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorkjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

NETBÍLAR

www.netbilar.is



M.BENZ CLK 230. Árgærd 2000, ekinn 149 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. uppl 5885300 Netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 120 lx. Árgærd 2007, ekinn 103 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.290.000. Rnr.990443.




KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgærd 2012, ekinn 7 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.990.000. Rnr.210007.



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgærd 2011, ekinn 50 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990371.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



PORSCHE BOXSTER S nýskr. 04/2003, ekinn 25 P.km, sjálfskiptur, blæja og toppur, umboðsbíll. Verð 3.990.000. Rnr.134169 - Töffarinn er í salnum!



M.BENZ ADRIATIK 4X4 SILVERDREAM S700 06/2006, ekinn 27 P.KM, DIESEL, SJÁLFSKIPTUR, 4X4! Geysilega flottur bíll, kostar nýr ca. 30mkr. Verð 13.900.000. Rnr.283461 - Billinn er í salnum!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Bílar til sölu



LEGACY TILBOÐ 245ÞÚS!
Subaru Legacy árg.'99 ek. 240þús. sjálfssk. sk., 14 Góður bíll á 245þús. S. 891 9847.



Einstakt tækifæri. Til sölu fullbúið BMW R1200GSA með öllu! Touratech pakki, ný dekk og annar gangur fylgir ásamt 6 töskum. Eitt best búa BMW á landinu. Ásett verð 2.990.000 uppl. í síma 863-3675.



DIESEL 4X4
skoda scout árg.'07 ekinn 178þús. Ásett verð 2,5m Staðgreitt 2m vegna útlitsgalla. S: 8677704.



Til sölu Pajero 3,2 dísel 08/2003. Upphækkaður á 33" Topp eintak , 2 eigendur frá upphafi. Verðhugmynd 2.290.000,- Skoða uppþöku ca 5 til 600.000,- Upplýsingar í síma 692 2970.



Til sölu M Benz 200komp. árg. '07, ek 107þ. sjálfssk. bensín, hiti í sætum, toppur. V. 2,8milj. Uppl. 899 2755

Toyota Yaris, árg. 2002, ek. 110 þús. Bensín, sjálfssk. vetrardekk fylgja. Mjög góðu ástandi. Verð 570 þús. Uppl. í s: 565 7206.

250-499 þús.



KEYRÐUR AÐEINS 96 ÞÚS KM.
VW GOLF COMFORTLINE 1,4 árg'99 ek.96 þús, beinskíptur, 5 dyra, ný skoðaður 14, cd rafmagn í ruðum ofi, góður bíll sem á nóg eftir! verð 480 þús. Möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar



Fiat Hobby 690, '08 árg. ek. 29þús. einn með öllu. V. 13890000. S: 892 0216.

Hjólhýsi

Til sölu glænýtt Hobby 560CFE. Geymir og loftnet. V. aðeins 4,380þús. Uppl: 824 0694.

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is




VÍKUR
V E R K
Vikurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

Coleman Santa Fe 10 feta 2008 til sölu. Rafgeymir, sólarsetla, gaskútur. Skoðaður 2014, 220 volt, útvarp, dvd spilarí, vel með farið. V. 1.400þús. Uppl. í S. 896 5613 Jóhannes

Lyftarar



KÖRFUBÍLALEIGA
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.



Bátar



Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-140 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurriffs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyota Yaris til viðgerðar eða niðurriffs. S. 892 7852

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.VW Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Viðgerðir

AB BIFREIDAVEKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal þústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

PÍPULAGNIR

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

FLAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípalagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

til sölu



Club Car Precedent Golfbílur

Nýir eða notaðir

Bensín eða rafbílur
4ra ára ábyrgð á rafgeymum

ORIGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílunum
Club Car umboðsaðili á Íslandi

Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp. Sími 5641864

til sölu

VW Crafter 20 sæta • Nýr bíll



- Leður á slitflötum á sætum
- Stíllanleg sæti
- Rafmagnshurð
- Hátalar-/hljóðkerfi
- Ljós og hitastillingar í hallahillu fyrir hvert sæti
- Fararstjóraseti
- Miðstöðvarkerfi
- Stækkuð farangursgeymsla
- Dráttarkrókur
- Verksmiðjuábyrgð

Verð kr. 9.900.000 • Til afhendingar strax.
Sími 842-5886 eða á runar@exm.is

Verð hefur lækkað milli ára og salan aukist um leið:

Sala á farsímum tvöfaldast

Landsmenn kaupa farsíma sem aldrei fyrr, samkvæmt upplýsingum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Í maí voru farsímar keyptir fyrir 69,1 prósentis hærrí upphæð en í sama mánuði ári fyrr.

„Á sama tíma lækkaði verð á farsímum samkvæmt verðmælingum Hagstofunnar um sextán prósent, sem felur í sér að raunvelta í sölu farsíma tvöfaldaðist á milli ára,“ segir í nýrri umfjöllun frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Ástæðan fyrir aukinni farsímasölu er sögð sú að snjallsímar séu í auknum mæli að taka við af eldri gerðum síma.



Þannig hafi í mánuðinum komið á markað nýjar gerðir af snjallsímum sem haft hafi í för með sér mikla endurnýjun.

Samhliða hraðri tæknipróun á farsímamarkaði, sem felur meðal annars í sér að netnotkun fer í auknum mæli í gegnum símtækin, lækkar verð á eldri gerðum farsíma mjög hratt, eða þær falla úr sölu. „Ætla má að þessi mikla endurnýjun, þar sem eldri gerðir hverfa af markaði, torveldi nokkuð verðsamanburð á sambærilegum tækjum á milli ára,“ segir í umfjöllun Rannsóknasetursins.

- óká

Baráttusöngvum og ljósmyndum beitt í baráttunni við fátækt:


Reyna að þrýsta á leiðtoga G8-ríkjanna

Fjarskiptarisinn Nokia hefur lagst á árar með ONE Campaign í baráttunni gegn fátækt í heiminum með birtingu ljósmynda, sem teknar eru á Lumia 920 snjallsíma fyrirtækisins. Frá og með gærdeginum og þar til á morgun er myndunum varpað upp á vegg Tate-nýlistasafnsins í London.

Myndbirtingin helst svo í hendur við tónlistaráttak One, agit8, sem hleypt var af stokkunum í gær. Með því að taka upp og gefa út á ný sígilda baráttusöngva vonast tónlistarmenn á borð við Sting, Green Day, Ed Sheeran og Mumford & Sons til þess að hafa áhrif á þjóðarleiðtoga sem sækja heim G-8 fundinn á Norður-Írlandi í næstu viku.

Átakið nýtur stuðnings Bonos, söngvara U2, en hann er einn stofnenda One. Markmiðið er sagt að þrýsta á leiðtoga stærstu ríkja heims um að ýta undir matvælaframleiðslu í Afríku og auka gagnsæi í alþjóðlegu hjálparstarfi.

Tónlistin á að vera fánleg frá



SKJÁSKOT Á vefnum www.one.org/protestsongs er að finna upplýsingar um baráttuna gegn fátækt og hægt að skoða myndir héðan og þaðan úr heiminum.

og með deginum í dag á vef áttaksins, one.org/protestsongs, ásamt ljósmyndunum sem ljósmynda blaðamenn, blogggarar, áhuga-ljósmyndarar og frægðarfólk um heim allan hefur tekið á snjallsíma Nokia.

Myndirnar eiga að endurspeglar baráttusöngvana á einhvern hátt. Þær er líka hægt að sjá á samskiptavefjum Twitter, undir merkinu #nokiaONECampaign, og á opinberri Facebook-síðu Nokia (facebook.com/Nokia).

- óká



STOFNENDUR TRANSMIT Geir Freysson framkvæmdastjóri og Agnar Sigmarsson, sölu- og markaðsstjóri. MYND/Transmit

Five Hundred Plus er með notendur í yfir 100 löndum:

Forrit sem minnir þig á að vera í sambandi

Íslenska sprotafyrirtækið Transmit bjó nýlega til forritið Five Hundred Plus sem á að hjálpa fólki og fyrirtækjum að halda markvissu sambandi við viðskiptavinum og tengslanet.

„Upprunalega hönnuðum við þetta forrit til að leysa vandamál sem við sjálfir vorum að glíma við í okkar daglega starfi,“ segir Agnar Sigmarsson, annar stofnenda Transmit, og bætir við að það skipti öllu máli hverja maður þekkir þegar kemur að því að reka starfsferil eða fyrirtæki.

„Nú á dögum er orðið mun auðveldara að byggja upp tengslanet með tilkomu forrita eins og LinkedIn og Facebook en Five Hundred Plus á að hjálpa notendum að viðhalda þessu tengslaneti.“

Five Hundred Plus er með notendur í yfir hundrað löndum en er þó enn þá í beta-pröfun. „Í næsta mánuði stefnum við á að rukka mánaðargjald fyrir áskrift að forritinu en öllum verður þó heimilt að notfæra sér kerfið án endurgjalds upp að vissu marki,“ segir Agnar.

- le



FÓLK Á FERÐ Ferðamenn hafa ekki látið rigningu undanfarinna daga stöðva sig í kynnisferðum, líkt og glögglega mátti sjá á Skólavörðustíg fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erlendir ferðamenn á bak við hagvöxtinn

Samdráttur hefði orðið í efnahagslífinu á fyrsta fjórðungi ársins ef ekki hefði verið fyrir erlenda ferðamenn. Fyrstu fimm mánuði ársins voru þeir 51 þúsundi fleiri en á sama tíma í fyrra. Aukning þjónustuútflutnings rímar við fjölgun ferðamanna.

FRÉTTASKÝRING Hvað drífur efnahagslífið áfram?

Leiða má að því líkum að fjölgun erlendra ferðamanna á fyrstu þremur mánuðum ársins í ár hafi verið stærsti einstaki þátturinn sem olli því að hagvöxtur mældist jákvæður um 0,8 prósent. Raunar má reikna með að hagvöxturinn hefði orðið neikvæður ef aukning ferðamanna hefði ekki komið til.

Eins og komið hefur fram í fréttum hefur orðið gífurleg aukning á komu ferðamanna til landsins yfir vetrarmánuðina. Í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka, sem byggir á tölum frá Ferðamálastofu, var bent á að ferðamönnum hafi fjölgað um 51 þúsund á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Í tölum Seðlabankans um greiðslumiðlun kemur fram að á fyrstu þremur mánuðum ársins

hafi kortavelta erlendra ferðamann aukist um rúma 4,3 milljarða króna miðað við sama tíma í fyrra. Þannig nam veltan samtals 14,3 milljörðum í ár miðað við 10 milljarða í fyrra.

Hægt er að sjá með því að bera fjölda ferðamanna saman við þessar tölur að gróflega eyddi hver ferðamaður ríflega 100 þúsund krónum að meðaltali eftir að hann var kominn til landsins.

Hvað hagvöxt varðar var heildarlandsframleiðsla á fyrsta ársfjórðungi rúmlega 431 milljarður króna. Á sama tímabili var kortavelta ferðamanna um 4,3 milljörðum króna meiri en í fyrra. Ef þessi aukning hefði ekki komið til hefði mælst um 0,2 prósent neikvæður hagvöxtur í upphafi ársins.

Þetta rímar við það sem bæði greining Arion banka og hagfræðideild Landsbankans bentu á í umfjöllunum sínum um síðustu

hagvaxtarmælingu, að þjónustuútflutningur (það er ferðamenn og samgöngur) hefði staðið að baki hagvextinum. Þannig segir í Markaðspunktum Arion banka um hagvaxtarmælinguna að útflutningur hafi aukist um 2,3 prósent milli ára, en það er nánast eingöngu myndarlegur vöxtur þjónustuútflutnings um 8,5 prósent sem skýrir þann vöxt.

Í Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans var tekið fram að frá árinu 1990 væri þetta í fyrsta sinn sem þjónustujöfnuður væri jákvæður á fyrsta fjórðungi, en ársfjórðungslegar tölur um þjónustujöfnuð ná einungis aftur til þess tíma.

„Aukinn þjónustuútflutningur á fyrstu þremur mánuðum ársins nú rímar við mikla aukningu í komum erlendra ferðamanna um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á tímabilinu,“ segir í Hagsjóni.

- fri

Ný rannsóknarmiðstöð í samstarfi við Viðskiptafræðistofnun Háskólans:

Vilja stuðla að aukinni umræðu um viðskiptasiðfræði



ELMAR HALLGRÍMS HALLGRÍMSSON

Siðvís er ný rannsóknarmiðstöð um viðskiptasiðfræði sem stofnuð var á dögum.

Starfsemi rannsóknarmiðstöðvarinnar fellur undir ábyrgð stjórnar og er Elmar Hallgríms, lektor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, stjórnarformaður hennar.

Elmar segir að mikilvægt sé að auka vægi siðferðilegrar nálgunar í viðskiptum og stuðla að frekari rannsóknarvirkni á sviði viðskiptasiðfræði.

Miðstöðin er starfrækt í samstarfi við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands og segir Elmar miðstöðina vera afar mikilvæga fyrir skólann vegna þess að með henni er verið að skapa vettvang fyrir rannsóknir



STJÓRN SIÐVÍS F.v. Vilhjálmur Jens Árnason ráðgjafi, Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður hjá Íslandsbanka, Ásthildur Otharsdóttir ráðgjafi, Röbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við HÍ, Elmar Hallgrímsson, lektor í viðskiptafræðideild HÍ, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. MYND/SIÐVÍS

á sviði viðskiptasiðfræði á ólíkum fræðisviðum.

Rannsóknarmiðstöðin leggur einnig áherslu á að tengjast atvinnulífinu, bæði með aðkomu stjórnar af mismunandi sviðum atvinnulífsins og með því að koma með hagnýtar afurðir sem

hægt er að nýta með beinum hætti í atvinnulífinu.

Elmar telur að traust og trúverðugleiki sé lykilatriði í rekstri fyrirtækja og að aukin vitund stjórnenda um mikilvægi siðferðilegrar hugsunar í ákvarðanatöku stuðli að slíku.

- le

Biskupsþsonur með stangveiðidellu

Sigurður Hannesson hefur látið nokkuð að sér kveða í þjóðmálaumræðunni síðustu ár. Sigurður starfar sem framkvæmdastjóri eignastýringar MP banka en hann er doktor í stærðfræði með próf frá Oxford-háskóla.

SVIPMYND

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Stærðfræðingurinn Sigurður Hannesson hefur verið áberandi í þjóðmálaumræðu síðustu misseri. Hann var einn af stofnendum InDefence-hópsins og hefur þar að auki verið einn helsti ráðgjafi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra. Sigurður starfar sem framkvæmdastjóri eignastýringar MP banka en utan vinnu stundar hann stangveiði.

„Ég er stærðfræðingur að mennt, kláraði grunnám hér heima en fór að því loknu beint til Oxford í Bretlandi þar sem ég stundaði doktorsnám. Framan af hafði ég áhuga á að gerast fræðimaður en áttaði mig síðar á því að það átti kannski ekki við mig. Þegar ég kláraði doktorsnámið árið 2007 var ég því farinn að líta í kringum mig og hafði myndað með mér áhuga á fjármálagæiranum,“ segir Sigurður sem var ráðinn til Straums vorið 2007.

Sigurður segir að hann hafi náð góðum tveimur mánuðum af góðærinu en síðan hafi farið að síga á ógæfuhliðina. „Þetta var þó mjög forvitnilegur tími og þarna á einu ári ólaðist maður margra ára reynslu eins og einhver sagði.“

Um mitt ár 2010 var Sigurður ráðinn framkvæmdastjóri

Júpíters, rekstrarfélags verðbréfasjóða í eigu MP banka, og stóð í uppbyggingu þess félags þar til honum var boðið að gerast framkvæmdastjóri eignastýringar MP banka. Við því starfi tók hann í janúar.

Spurður um sín helstu áhugamál svarar Sigurður: „Stangveiði er aðaláhugamálið. Ég veiddi maríulaxinn á tvítugsafmælinu og hef síðan reynt að komast í veiði nokkrum sinnum á sumri. Þar fyrir utan hef ég verið leiðsögumaður í Haffjarðará sem hefur veitt mér nýja sýn á þetta sport.“

Þá segist Sigurður einnig njóta þess að taka þátt í félagsmálum en hann er varamaður í sóknarnefnd Dómkirkjunnar. Þá var hann einn af stofnendum InDefence-hópsins og hefur tekið þátt í starfi Framsóknarflokksins eftir að Sigmundur Davíð, vinur Sigurðar, varð formaður flokksins. „Við Sigmundur höfum verið vinir síðan við kynntumst úti í Oxford. Við erum báðir hugsjónamenn og því lágu leiðir okkar saman aftur í InDefence og svo í pólitíkinni,“ segir Sigurður sem segist ánægður í sínu starfi þegar hann er spurður hvort frekari þátttaka í þjóðmálum heilli.

Sigurður er giftur Gunnhildi Ástu Guðmundsdóttur og eru þau búsett í vesturbæ Reykja-



SIGURÐUR HANNESSON
Sigurður stefndi lengi að því að verða fræðimaður og fór því í doktorsnám en endaði í fjármálagæiranum. FRETATABLADID/VALLI

STRANGHEIÐARLEGUR MAÐUR OG HAMHLEYPA TIL VERKA

„Ég kynntist Sigurði fyrir sex árum hjá Straumi fjárfestinga-banka. Mér varð strax ljóst að hann myndi ná langt enda strangheiðarlegur og framkvæmir aldrei að vanhugsuðu máli. Hann er mjög fylginn sér og gagnrýnninn en hins vegar alltaf tilbúinn til að setjast niður og hlusta á mótrök.“

RAGNAR PÁLL DYER
framkvæmdastjóri Júpíters

„Siggi er bráðgreindur og ansi fljótur að sjá kjarnann í þeim málum sem hann kemur nálægt. Hann er skiljanlega talnagleggi er flestir en hefur einnig einstakt lag á að setja tölur í samhengi við hluti og draga af þeim ályktanir sem reynast oftar en ekki réttar. Fylginn sér og hreinskiptinn. Hann er hamhleypta til verka og vinnur jafnan hraðar en samstarfsmenn og hefur af þeim ástæðum stundum takmarkaðan skilning á hægagangi sem sumir hafa kosið að túlka sem neikvæðan þátt í fari hans. Það er alltaf stutt í húmorinn hjá honum,

hann hefur einstakt lag á að segja góðar sögur og leggur sig fram við að þefa uppi nýjar sögur og leggja á minnið sem hann setur svo fram á hárréttu augnabliki í góðra vina hópi. Mikil fluguveiðimaður og með þroskaðan tónlistarsmekk þrátt fyrir ungan aldur.“

BENEDIKT GÍSLASON
framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka

víkur. Sigurður bjó þar einnig sín fyrstu ár en fluttist nokkuð um landið á æskuárunum og

bjó meðal annars á Hvanneyri og í Bolungarvík. Ástæðan er sú að móðir Sigurðar, Agnes M.

Sigurðardóttir, sem nú er orðinn biskup þjóðkirkjunnar, starfaði þar sem prestur.

Starfar hjá stærsta banka í heimi

Elísabet Guðrún Bjarnadóttir gerir það gott í London. Aðeins 25 ára gömul fékk hún starf hjá JP Morgan Chase, sem er einn stærsti banki í heimi. Elísabet segir gott að vera Íslendingur í útlöndum en stefnir þó heim að lokum.

FRÉTTAVIÐTAL

Lovisa Eiríksdóttir | lovisa@frettabladid.is

Elísabet Guðrún Bjarnadóttir var aðeins 25 ára gömul þegar hún fékk starf hjá JP Morgan Chase, sem er einn stærsti banki í heimi ef litið er til eigna. Síðastliðin sex ár hafa verið einkar viðburðarík hjá Elísabetu en hún fluttist til Bandaríkjanna árið 2007 þar sem hún hóf meistaranám í fjármála-verkfræði í Cornell-Háskóla í New York. Ári seinna fékk hún sumarstarf hjá JP Morgan í New York og eftir útskrift var hún svo ráðin í fullt starf hjá bankanum. Árið 2010 fluttist hún til London þar sem hún byrjaði að starfa hjá bankanum þar í borg.

„Ég vinn í deild sem er blanda af áhættu-stýringu og markaðsviðskiptum. Markmið deildarinnar er að lágmarka skuldaáhættu bankans eða þá áhættu sem hlýst af útlánum bankans og afleiðuviðskiptum. Þannig er deildin mín eins konar tryggingarfélag innan bankans, þar sem aðrar deildir bankans borga minni deild lítið tryggingargjald og í staðinn tryggjum við viðskipti þeirra,“ segir Elísabet.

JP Morgan er einn af stærstu bönkum í heimi en þar vinna yfir 200 þúsund manns. Bankinn var jafnframt einna fyrstur til að halda uppi heilu sviði sem miðstýrir mótaðilaáhættu á

ELÍSABET GUÐRÚN BJARNADÓTTIR
Elísabet gerir það gott í London.



einum stað og skyldar allar deildir innan bankans til þess að tryggja viðskipti sín með þeim hætti sem Elísabet vinnur að. „Á ensku heitir þetta fyrirkomulag Credit Valuation Adjustment og er sífellt að verða vinsælla hjá öðrum fjármálastofnunum, þá aðallega eftir hrunið.“

HJÁLPAR AÐ VERA ÍSLENDINGUR

Aðspurð hvernig sé að vera Íslendingur í London eftir að breska stjórnin setti hryðju-verkalög á landið segir Elísabet að hún finni ekki mikið fyrir því. „Einstaka sinnum er skotið á mig og gert grín að þessu en annars hefur mér bara fundist ég ávallt græða á því að vera Íslendingur, bæði í Bandaríkjunum og hér í London.“

Elísabet segir að Bretum þyki Ísland mjög áhugavert land og að fólk sé yfirleitt mjög forvitnið að heyra um landið. Einnig telur hún að það hafi hjálpað sér töluvert að vera Íslendingur þegar hún fékk inngöngu inn í Cornell-háskóla í New York. „Cornell hefur góða reynslu af íslenskum námsmönnum en einnig er skemmtilegt að segja frá því að skólinn er með stærsta safn íslenskra bókmennta í heiminum utan Íslands,“ segir Elísabet sem telur að innganga inn í Cornell hafi verið stærsta skrefið að framanum.

FÉKK STARFIÐ RÉTT EFTIR HRUN

„Það var í raun mjög mikil heppni að ég fékk fullt starf hjá JP Morgan í London. Hrúnið var þá nýskolið á og allt á öðrum endanum, ég var hins vegar að vinna í áhættustýringu sem er hugsanlega eitt af fáum sviðum sem ekki voru að draga saman seglin á þeim tíma,“ segir Elísabet og hlær. Einnig segir hún að Cornell hafi lagt mikla áherslu á að búa til góða ferilskrá og að koma nemendum sínum í góðar stöður, strax frá fyrsta degi.

Elísabet var í Verslunarskóla Íslands og útskrifaðist árið 2003. Eftir stúdentspróf ákvað hún að fara í byggingarverkfræði í Háskóla Íslands og



JP MORGAN BANKI Höfuðstöðvar bankans þar sem Elísabet starfar. JP Morgan er stærsti banki í heimi með tilliti til eigna og þar vinna yfir 200 þúsund manns. NORDICPHOTOS/AFF

kláraði það nám árið 2006. „Ég fann það strax í Verzló að fjármál heilluðu mig en ákvað engu að síður að velja byggingarverkfræðina þar sem ég vildi fá góðan grunn í stærðfræði og öðrum raunvísindum.“ Um leið og hún heyrði af því að það var eitthvað til sem heitir fjármálaverkfræði ákvað hún að sækja um í Cornell, sem varð til þess að hún fékk draumastarfið. „Fjármál hafa alltaf heillað mig og ég er mjög ánægð að hafa breytt um stefnu,“ segir Elísabet.

EINA KONAN Í DEILDINN

Elísabet er eina konan í sinni deild í London, en segist þó finna fyrir ákveðnum meðbyr vegna þess að hún er kona og það ríkir jákvæð mismunum í atvinnulífinu. „Það er nefnilega algengt í fjármálagæiranum hér úti að konur staðni í starfi, taki síður að sér krefjandi verkefni og sækji minna í stjórn-

unarstöður þegar líður á. Ég hef fundið fyrir því að stjórnendur meta það því mikils þegar kona er tilbúin að leggja allt í sölnar,“ segir Elísabet en telur þó að konur eigi ekki að vera að velta sér of mikið upp úr því af hvaða kyni þær eru. „Mér finnst konur oft búa til vandamál sjálfar þegar þær fara að hugsa of mikið um að þær séu konur,“ segir Elísabet sem er þó hlynnt því að til séu hópar sem berjast fyrir aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

STEFNIR HEIM

Þrátt fyrir mjög góða velgengni í útlöndum stefnir Elísabet að því að koma heim að lokum, hvort sem það verður eftir eitt ár eða tíu. „Ég hef í raun ekki ákveðið hvað ég vil starfa við í framtíðinni en á meðan vinnan er krefjandi og borgar reikningana þá er ég ánægð.“

NÝR FORD **KUGA** TITANIUM

Jeppi sem þú getur talað við? Sem svarar símtölum og spilar tónlist fyrir þig? Sem hringir sjálfkrafa eftir aðstoð í neyð? Sem opnar fyrir þig skottið þegar þú ert með báðar hendur fullar? Nýi Ford Kuga gerir þetta fyrir þig. Hann er svo snjall að í raun er hann snjalljeppi. Kynntu þér hvernig Ford gerir líf þitt þægilegra. Komdu og prófaðu.

**KRAFTMIKILL
UNDRAYERÐUR
GLÆSILEGUR
AFAR SNJALL**



FORD **KUGA** TITANIUM

BEINSKIPTUR FRÁ
5.790.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR FRÁ
6.190.000 KR.

FORD KUGA ER ÖRUGGASTI BÍLLINN
Í SÍNUM FLOKKI SKV. EURO NCAP



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýje og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17



Hin hliðin

Lítu upp frá þessum pistli um stund og horfðu í kringum þig. Allt sem fyrir augu ber er á einn eða annan máta hannað; umhverfið, húsgögn, lýsing, merkingar, tækni- og hugbúnaður sem og kaffibollinn sem þú drekkur úr. Fyrir utan glugga má sjá götur, gangstéttir og landslag sem einnig er hannað og uppsett á fyrir fram ákveðinn máta. Hvort sem við gefum því sérstakan gaum eður ei þá er meira og minna allt í okkar daglega lífi afkastur hönnunar og erum við öll í sífelldri hönnunarsönnu, bæði í lífi okkar og starfi.

Víðtæk áhrif hönnunar

Án hönnunar væri heimur okkar ekki eins og hann er. Hönnunarsönnun yfir undir nýsköpun, ögrar norminu, horfir til framtíðar og bætir tækni og ferla. Hönnunarsönnun skoðar hluti í stóru samhengi, vegur og metur óteljandi möguleika og brýtur aðgerðir niður í skipulegar einingar svo hægt sé að láta bjartari framtíðarsýn verða að veruleika.

Flestir meðvitaðir stjórnendur gera sér vel grein fyrir þessu og nýta sér hönnunarsönnun í sínum rekstri. Þeir skilja að viðskiptaumshverfi samtímans væri einfaldlega ekki það sem það er nú án tilkomu hönnunar.

Víðskiptavinir vænta hönnunar

Góð og vel útfærð hönnun er ekki lengur forréttindi sem aðeins útvaldir hafa aðgang að heldur er úthugsuð hönnun nokkuð sem viðskiptavinir eru farnir að vænta. Með því að nýta sér færni góðra hönnuða má gera lítil sem stór fyrirtæki eftirsóknarverðari og enn meira áberandi. Einnig skapar góð og vel útfærð hönnun traust til fyrirtækja og til þeirrar vöru og þjónustu sem þau hafa upp á að bjóða. Þau fyrirtæki sem skara fram úr á markaði eru einmitt þau fyrirtæki sem sjá hönnun sem lykilhluta af sínum rekstri. Apple væri ekki það alþjóðlega sterka auðkenni sem það nú er án sterkrar og óhaggandi áherslu á hönnun og hönnunarsönnun, enda er hönnunarsönnun víðriðin alla snertifleti, hvort sem það varðar vörumerkið, umhverfi rekstursins, vörurnar sjálfar, umbúðir, vefviðmót, ferla, þjónustu eða viðmót starfsfólks.

Öld hönnunarinnar

Á síðustu áratugum hefur vegur hönnunar aukist til muna og mun án efa halda áfram út þessa öld enda fara væntingar viðskiptavina ekki minnkandi. Hefur hönnun og hönnunarsönnun því aldrei skipt fyrirtæki meira máli en nú og ætti enginn sem vill starfa í framsæknum rekstri að horfa fram hjá mikilvægi þess að starfa með fólki sem hefur færni til þess að hugsa frá þessu skapandi og lausnamiðaða sjónarmiði. Þegar kemur að hönnun og viðskiptum þá eru þetta ekki tveir aðskildir pólar heldur tvær hliðar á sama peningi.

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

App sem þú þarft

Nýtt í spjalddölvuna og snjallsímann



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjalddölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn Fréttablaðið á Google Play eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ

SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL XE-A147B

8 Vöruflokkar
200 Plu númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í notkun

Kr. 49.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL XE-A307

99 vöruflokkar.
Allt að 10.000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 89.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
E Ð A L V É L

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



hreinirgardar@hreinirgardar.is
S: 571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

Sælugarðar.is

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólþallasmiði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmiðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

ÓDÝR GARÐSLÁTTUR

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarpjónusta. S. 778 0100.

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér alla almenna málningavinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFVIRKJAR S. 618 2610

Tökum að okkur alla almenna rafagnavinnu, nýlagnir og töflusmiðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

Húsaviðhald

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dükum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

Byggingameistari með mikla reynslu í faginu getur bætt við sig verkefnum.
Nýsmiði • Viðhald
Flisalagnir • Endurbætur
Er í samstarfi við pipara og rafvirkjameistara.
Er meðlimur í M.F.H
Upplýsingar í s. 862 1546

VIÐHÖLD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningavinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- pipulagnir
- raflagnir
- flisalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- glerskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

Nudd fyrir heilsuna. Síðumúla 25. Uppl. í S. 698 2260

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Önnur þjónusta



PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

- Götusópun
- Gangstéttarsópun
- Pvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
- Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
- Umhverfishreinsun

Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is
S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100


Packard Bell LJ71, lítið notuð, 17,3 skjár, 350 diskur, 4gb v. minni. S. 773 7655

Til sölu ca. 1000m 2x4 einnota og 20ft gámur. Uppl. s. 867 7753.



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hryndlok á Unaðskel og Blámskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.



GASHITARAR MED GLERTÚPU
VERÐ 74.600
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

LITLA bilasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land Cruiser 200 METAN 5.7 37" Árgærd 2008, ekinn 88 Þ.KM, Sjálfskiptur. ofl. Verð 8.890þ Rnr.132745. Einnig á staðnum 2009 dísel ek 58þ Verð 11.9m.



TOYOTA Land Cruiser 100 VX diesel. Árgærd 2005, ekinn 139 Þ.KM, sjálfskiptur. ofl Verð 5.980þ rnr 132791 Einnig 2006 bensín rnr 111517 Verð 4.980þ

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



M.BENZ 320 clk. Árgærd 2004, ekinn aðeins 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590. Einn með öllu og tilbúinn í sumarið Rnr.219004.



DODGE Viper rt/10. Árgærd 1995, ekinn 16 Þ.KM, bensín, 6 girar. Tilboð 5.900. Ásett verð 6.900. Mjög fallegur bíll Rnr.113137.



MAZDA MPV Minivan 7 manna. Árgærd 2006, ekinn 134þ.km, sjálfskiptur. Dráttarkrókur, ofl Ath öll skipti ! Verð 2.300þ Rnr.132795. Rúmgóður fjölskyldubíll !



M.BENZ GL450 4matic. Árgærd 2007, ekinn 59 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 7.700þ Rnr.147560. Glæsilegt eintak !



KIA Sorento EX Classic Diesel 2,2 197hó. Árgærd 2012, ekinn 22 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 6.490þ Rnr.111500.



BMW X5 3.0i, 3.0i. Árgærd 2006, ekinn aðeins 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890. Mjög gott eintak og vel með farinn Rnr.113065.



SUBARU Legacy. Árgærd 2008, ekinn aðeins 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290. Gullfallegur og gott eintak Rnr.113394.



HONDA Civic sport 1,8 5d. Árgærd 2007, ekinn aðeins 33 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.950. Gullmoli Rnr.218994.



KAWASAKI Mean Streak 1500cc, Stórglæsilegt ! ekið 12 Þ.MÍLUR, Verð 1.290þ. Rnr.110230. Ath öll skipti ! Mikill aukabúnaður.



FORD Mustang GT Bullitt 4,6 v8 supercharger 520 hó. Árgærd 2008, ekinn 7 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 6.490þ Rnr.118741. Einstakur bíll !



CHEVROLET Captiva diesel 7 manna. Árgærd 2010, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490þ Rnr.111540.



PEUGEOT 508 Diesel. Árgærd 2012, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490. Skoðar skipti Rnr.113368.



JEEP Wrangler rubicon. Árgærd 2007, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.590. EINN SEM ER TILBÚINN Í FRÍÐ Í ÁR Rnr.219021.



PALOMINO I-colt. Árgærd 2008, Verð 1.490. markisa sólarsetla og meira. Rnr.218297.

Bílafjármögnun Landsbankans

Til sölu



Mikð úrval af billyktum á frábæru verði

Neyðarþjónustan
Skútvogur 11 • s: 510-8888

FLÓAMARKAÐURINN NÝBYLAVEGI 8 GAMLA TOYOTAHÚSINU,

Dvd myndir, húsgögn, pelsar, vínplötur, silfurmunir, plötuspilarar, frímerki og ýmislegt fleira fyrir lítið sem ekkert. Heitt á könnunni og heimabakaðar kleinur á vægu verði.

Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00
Borðapantanir floi@markadir.is

Óskast keypt

HLUTABRÉF Í HVAL HF.

Óska eftir að kaupa hlutabréf í Hval hf. fyrir allt að 30 milljónum króna.

Peir sem hafa áhuga vinsamlegast sendið póst á netfangið hvalur2013@gmail.com

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STADGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Óska eftir að kaupa vínplötur og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

Vélar og verkfæri



Laser mælitæki í úrvali.
ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100
www.ismar.is

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarölfa. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Byð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímabantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

Flug

Leigum út Cessna 152 og 172 gott verð, ekkert klúbbgjald sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a-19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is

Til leigu 2 herbergja íbúð á Grandavegi fyrir 55 ára+ með aðgang að mótuneyti, heitum potti, gufubaði o.fl. Leigist rólegum og reglusömum einstakling. Uppl. í s. 661-7000.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900.1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Sumarbústaðir



Bjálkahús tilbúið til flutnings til sölu rúm 100 fm, 2 herbergi, stofa og manngengt milliloft. Óska eftir tilboðum. Upplýsingar í sínum 822-3000 og 577-1111.

Atvinnuhúsnæði

VERSLUNARHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nýbýlagegi 6 og 8 (gamla Toyotahúsinu) Til leigu 150 - 2000 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00

Borðapantanir floi@markadir.is

51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU

Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

76 fm snyrtilegt iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi til leigu. Uppl. í s. 897 6673 e. kl. 17

ATVINNA

Atvinna í boði

VÉLAVÖRÐUR

IP útgerð ehf óskar eftir að ráða vélavörð til afleysinga á Hrafnreyður KÓ-100

Hrafnreyður er hrefnuveiðiskip. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 690 3408

Óskum eftir vélstjóra út júní á Sæfara AR 170er á rækjuveiðum. Vélstærð 465 kw. Uppl. í s. 852 3233 & 852 0113 einnig á: saefari170@gmail.com

BAKARI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða bakara til okkar í þróunarvinnu. Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurn á yoyo@yoyo.is

Málari eða maður vanur málningarvinnu óskast. Upplýsingar í 896 6148.

Atvinna óskast

Handlaginn maður, vanur smíðum, sölustörfum og fl. uppl. 6661407.

BÓLSTURVERKSTÆÐI

Laghentur, sjálfstæður og harðduglegur maður óskast til starfa á bólsturverkstæði. Umsóknir óskast sendar á patti@patti.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vinsamlegast hafa áhrif á börn.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynsögur

905-2002 • 535-9930

Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

21 árs kona vill segja þér hvernig hún leikur sér. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8823.

Nýjar heitar upptökur: Leikfangaleikur #8484, Fingraleikfimi #8967. Sögurnar, 905-2002, 535-9930.

KONA, LEITAR PÚ ÁSTAR?

Tilbreytingar? Afþreyingar? Ertu nuddari? Auglýstu frítt. Rauða Torgið, s. 555-4321

90s þátturinn

Algjört möst

Með Þórunni Clausen

Á fimmtudagskvöldum kl 19:20 – 23



BYLGJAN
989

fasteignir



Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Óskum eftir 2ja – 4ra herbergja íbúð í Laugarneshverfi fyrir ákveðinn kaupanda.



Bogi Pétursson,
Lögg. fasteignasali
S: 699 3444
bogi@heimili.is



Finnboji Hilmarsson,
Lögg. fasteignasali
S: 895 1098
finnbogi@heimili.is

TIL SÖLU



Hörðukór Penthouse

Glæsileg 200 ferm. Penthouse þakgarður með potti Tvöfaldur bílskúr Laus við Kaupsamning

Tilboð óskast



Nánari upplýsingar veitir
Þróstur Þórhallsson
löggitur fasteignasali

sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

atvinna



Sveitarfélagið Ölfus



Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Grunnskólakennari óskast

Grunnskólinn í Þorlákshöfn óskar eftir að ráða grunnskólakennara vegna barnsburðarleyfis fyrir næsta skólaár. Um er að ræða kennslu yngri barna í 100% stöðu.

Allar nánari upplýsingar veita Halldór Sigurðsson, skólastjóri halldor@olfus.is og Jón H. Sigurmundsson, aðstoðarskólastjóri, jon@olfus.is. Síminn er 480-3850

Upplýsingar um skólastarfið eru einnig á heimasíðu skólans: <http://skolinn.olfus.is>

Umsóknum skal skilað fyrir **19.júní nk.** í Grunnskólann í Þorlákshöfn.

Skólastjóri

til sölu

Hannyrðaverslun til sölu

Til sölu gamalgróin Hannyrðaverslun í Kópavogi
Velta +/- 20mkr án vsk, verðmæti birgða ca. 5 milljónir.
Auðveld kaup

Sérverslun á Skólavörðustíg til sölu

Til sölu gamalgróin sérverslun á Skólavörðustíg.
Velta +/- 25 mkr án vsk, verðmæti birgða ca. 5mkr
Auðveld kaup

Áhugasamir hafi samband við **valdis@studiov.is**

SMIÐIR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF


S. 777 2 333

VERKAMENN

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

tilkynningar



Auglýsing um skipulag - Akureyrarkaupstaður

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. maí og 4. júní 2013 samþykkt að auglýsa eftirfarandi skipulagstillögur:

Tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Breyting er gerð á legu reiðleiða og tengingu þeirra við aðliggjandi sveitarfélög, breytt afmörkun hafnarvæða og einnig er afmarkað íbúðarsvæði í landi Hesjuvalla.
- Breytinging er gerð á íbúðarsvæði 3.21.1 íb sem er stækkað vestur fyrir Kjarnagötu og að golfvelli. Ópið svæði til sérstakra nota minnkar að sama skapi.

Tillögu að nýju deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr 123/2010.

- Austursíða athafnarvæði. Svæðið afmarkast af Hlíðarbraut, Austursíðu, Síðubraut og nær norður fyrir Hörgárbraut. Í skipulaginu eru m.a. skilgreindir byggingarreitur, nýtingahlutfall og svæði fyrir gáma á lóðum hverfisins.


Tillögu að breyttu deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr 123/2010.

- Naustahverfi, svæði norðan Tjarnarhóls. Svæðið sem breytingu tekur afmarkast af Kjarnagötu, golfvelli og verslunarsvæði Bónus. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðargötu og 12 nýjum lóðum alls 36 íbúðum í stað íþróttasvæðis. Innan svæðisins og austan Kjarnagötu er lóð nr. 8-10 við Hamratún þar sem gert ráð fyrir 2 fjölbýlishúsum á 2 hæðum, alls 8 íbúðum í stað tveggja hæða raðhúss með 7 íbúðum áður.


Tillöguupprættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi í þjónustuanndyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 12. júní til 24. júlí 2013 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 24. júlí 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan þessa frests telst vera þeim samþykktur.

12. júní 2013
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Frakkastígsreitur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Frakkastígsreits, reitur 1.172.1. Reitur afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarlínunum, hækkun húsa og að göngukvöð verði felld niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Álfheimar 49

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 49 við Álfheima. Í breytingunni felst að koma fyrir aðstöðu fyrir metanafgreiðslu á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.


Húsahverfi, svæði C

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags "Húsahverfi Grafarvogur III svæði C" ,vegna húsagerðarinnar E8, E9 og útbyggingum. Breytingin felst í því að heimilt hámarks byggingarmagn er hækkað og heimildum til útbyggingar breytt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **12. júní 2013 til og með 24. júlí 2013**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, www.skipbygg.is. Er þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 24. júlí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 12. júní 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071



Frakkastígsreitur

breyting á deiliskipulagi - hagsmunaaðilafundur*

Þriðjudaginn 18. júní kl. 16-17 í Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Fundurinn verður haldinn í fundarsalnum Vindheimum á 7. hæð, fundargestir fá aðgangspassa á þjónustuborði. Húsið lokar kl. 16:15.

Kynnt verður auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Frakkastígsreit sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu.

Veittur verður frestur til athugasemda til 24. júlí. Athugasemdir skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is.

Fundurinn er öllum opin og við vonumst til að sjá sem flesta.

*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

FRÁBÆRT MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



20:00

HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Glæsileg íslensk þáttaröð sem fjallar um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskrí sveitasælu.



20:50

DALLAS

Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpssögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.



21:35

LÆRKEVEJ

Frábær dönsk þáttaröð með skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru. Allir íbúar við Lærkevej hafa eitthvað að fela.



7:00-20:00

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00

FLYPAPER

Rómantísk gamanmynd með Patrick Dempsey og Ashley Judd í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



SUDOKU

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | 7 | | | | 5 |
| | 6 | | | | 7 | 4 | | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | | 2 |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

LÉTT

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 | |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 3 | 9 | | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | | |
| | | | | | 2 | | 5 | | |

MIDLUNGS

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | | |
| 3 | | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | | | 7 |

PUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur


PONDUS



HANDAN VIÐ HORNID



BARNALÁN



SPAKMÆLI DAGSINS

Það er ekki skortur á ást heldur skortur á vináttu sem veldur því að hjónabönd eru óhamingjusöm.

Friedrich Nietzsche

| | | | | | | | | |
|----|----|---|----|----|---|----|--|----|
| 1 | | | 2 | 3 | 4 | 5 | | |
| 6 | | 7 | | | 8 | | | |
| 9 | | | 10 | | | 11 | | |
| 12 | | | | 13 | | | | |
| | 14 | | | | | | | 15 |
| 16 | | | | 17 | | | | |
| 18 | | | 19 | | | 20 | | |
| 21 | | | | | | | | |

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. svei 6. holskrúfa 8. mánuður 9. upphrópun 11. tveir eins 12. máttur 14. pabbi 16. berist til 17. kvk nafn 18. eyrir 20. tveir eins 21. malargrýfja.

LÓÐRÉTT

1. íþróttafélag 3. kringum 4. magafylli 5. löng 7. lausbeislaður 10. síða 13. svelg 15. réttur 16. hryggur 19. ullarfloki.

LAUSN

16. bak, 19. rú. síð, 7. óheftur, 10. aga, 13. íðu, 15. ragn, LÓÐRÉTT: 1. fram, 3. um, 4. sæðing, 5. 18. aur, 20. gg, 21. krús. LÁRÉTT: 2. fúss, 6. rú, 8. maí, 9. aha, 11.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson náði stórmeistaraáfangi á Opna Íslandsmóttinu í skák. Í lokaumferðinni, þegar hann mætti bróður sínum Braga, þurfti hann nauðsynlega á sigri að halda.



Hvítur á leik 32. Rxd5! Bráðsniðugur leikur því eftir 32...cxd5 33. Bxd5+ og 34. Bxa8 verður hvítur manni yfir. Bragi reyndi 32...Hab8 en gafst upp eftir 33. Rc7 He7 34. Hf5 Rc4 35. Rd5! Með sigrinum tryggði Björn sér stórmeistaraáfangi og 1.-2. sæti á mótinu. www.skak.is Tal Memorial hefst á morgun. Carlsen, Kramnik og Anand taka þátt.

INTEL HASWELL

NÝR ÖRGJÖRVI FRÁ INTEL

Haswell er ný og endurhönnuð örgjörvalína frá Intel. Nýtt skipulag örgjörvans og stærri flaga skilar meiri vinnslugetu, bættri grafík og stórbættri orkunýtingu.

i5 Quad Core 4570

39.990

6 NÝJIR HASWELL ÖRGJÖRVAR Á LAGER



Intel Core i5-4570 Quad-Core

Haswell er stórt stökk frá Ivy Bridge. Stærri flaga, meiri vinnslugeta, sterkari grafíkvinnsla og minni spennuþörf. Eigum nú á lager breiða línu af nýju Haswell örgjörvunum, móðurborðum og aflugjöfum sem styðja nýjan 1150 sökkul fyrir þá sem vilja fullnýta möguleika þessara nýju örgjörvatækni frá Intel.

22nm arkitektúr

Haswell hefur verið endurhannaður á sama 22nm grunni og Ivy Bridge var byggður á, en með grundvallarbreytingum á spennujöfnun og grafískri stýringu örgjörvans.

Nýr 1150 sökkull

Til þess að fullnýta möguleika nýja örgjörvans kynnir Intel til sögunnar nýjan 1150 sökkul. Ný lína af móðurborðum frá MSI og ASUS er þegar komin á lager hjá okkur sem styður þennan nýja sökkul.

Öruggari og kröftugri yfirkluðun

Ein stærsta breytingin í Haswell er að spennujöfnunin (VRM) er nú á flögunni sjálfri. Það þýðir kröftugri yfirkluðun og öruggari vegna þess að VRM er kæld af örgjörvanum í stað móðurborðsins.

Aukinn USB 3.0 gagnaflutningshraði

Stýring Haswell getur náð allt að 10Gb á sekúndu sem USB 3.0 staðallinn býður upp á sem aðrir örgjörvar hafa ekki náð að fullnýta fyrir.

Ný grafíkstýring á örgjörva

Það eru fjórar nýjar grafíkstýringar á Haswell örgjörvunum - GT1, GT2, GT3 í stað HD2500 og HD4000. GT3 skilar tvöfalt hraðari grafíkvinnsla en HD4000.

Aukin vinnslugeta og minnisstuðningur

Haswell styður áfram DDR3 minni. Með Haswell-E örgjörvanum munu DDR4 minnin koma á markað þar sem Haswell hefur minnisstuðning við allt að 3200MHz á yfirkluðaðan minnishraða.

Bylting í spennujöfnun

Stærsta fréttin í Haswell er að þrátt fyrir alla þá aukningu sem hann er að skila í vinnslu og grafík er hann að nota mun minni spennu en Ivy Bridge. Ný spennustýring skilar skjótari svartíma örgjörvans og skilar því að í ákveðnum ham fer örgjörvinn með 20 sinnum minni orku en forveri hans.

Stuðningur við 4K myndbönd

Í Haswell er kynntur til sögunnar mun öflugri stuðningur myndbandsafspilun sem byggir á QuickSync. Haswell hefur nú þegar 4K stuðning fyrir komandi kynslóðir af grafíkjöfnum.

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS



OPIÐ
10-18
ALLA VIRKA DAGA

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR

KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK

HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS

AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR

REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



KRISTIAN KROGSØE Organisti við Dómkirkjuna í Árósum leikur í Hallgrímskirkju um helgina.

Danskur dómorganisti á Orgelsumri

Daninn Kristian Krogsøe, organisti við Dómkirkjuna í Árósum, heldur tvenna tónleika í Hallgrímskirkju á laugardag. Tónleikarnir eru liður í sumartónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar, sem hófst fyrstu helgina í júní.

Krogsøe er fyrsti erlendi organistinn sem leikur á Alþjóðlega orgelsumrinu í ár. Efnisskrá hans er undir áhrifum danskrar, franskrar og þýskrar orgelhefðar og inniheldur verk eftir J. Alain, M. Duruflé, I. Nørholm, N.W. Gade, F. Mendelssohn og F. Schmitt.

Fleira er á dagskrá tónleikaradarrinnar í vikunni. Kammerkórinn Schola Cantorum flytur íslenska og erlenda kórtónlist á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju klukkan 12 í dag og á fimmtudag leikur Hilmar Örn Agnarsson, organisti Grafarvogskirkju, ásamt Björgu Þórhallsdóttur sópransöngkonu.

Anarkísk grasrót í Hamraborg

Anarkía listasalar nefnist nýtt sýningarrými sem hópur ellefu listamanna hefur komið á fót í Hamraborg í Kópavogi. Bjarni Sigurbjörnsson vígir listasalin með opnun tveggja sýninga á laugardaginn.

„Það var aðallega skortur á sýningarrými fyrir grasrót frekar en bizzness sem rak okkur út í þetta,“ segir Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður, sem ásamt tíu öðrum myndlistarmönnum hefur stofnað sýningarrýmið Anarkíu í Hamraborg 3 í Kópavogi.

Bjarni segir hópinn sem stendur að Anarkíu vera listamenn sem láti mælistikur og stofnanir „listheimsins“ sér í léttu rúmi liggja, en kjósi að taka málin í eigin hendur og koma verkum sínum á framfæri á eigin forsendum.

„Við teljum að fastmótaðar stofnanir og kerfi þjóni ekki markmiðum okkar um frjálsa tjáningu, en viljum að allir fái að rækta sérkenni sín og finna hugsun sinni og kenndum farveg í lífi og list,“ segir Bjarni en flestir úr hópnum þekkjast vel. „Þetta er mestmegnis fólk úr mínum ranni, listamenn sem ég hef kennt í gegnum tíðina.“

Sýningarrýmið er tvískipt og segir Bjarni að markmiðið sé að leigja utanaðkomandi listamönnum annað þeirra og geti þeir því sýnt samhlíða sýningum félagsmanna í Anarkíu.

„Svo stefnum við líka á að vera með málþing og ráðstefnur,“ segir Bjarni en helmingi sýningarrýmisins hefur verið ráðstafað út næsta árið.

Listasalurinn verður tekinn í notkun á laugardag en þá opnar Bjarni tvær sýningar í báðum sýningarrýmum Anarkíu: Að flá fiðrildi og Svífa svartir skurðir.

„Í Að flá fiðrildi er ég að vinna með nekt málverksins, ef svo má segja, innviði þess og grunnforsendur. Fiðrildið er tákmynd umbreytingar þar sem fegurðin brýst út úr ljótaleikanum, það bókstaflega flær sig sjálf, brýst út úr eigin skinni.“



BJARNI SIGURBJÖRNSSON „Fiðrildið er tákmynd umbreytingar þar sem fegurðin brýst út úr ljótaleikanum, það bókstaflega flær sig sjálf, brýst út úr eigin skinni.“
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðstandendur Anarkíu listasalar

- Aðalsteinn Eypórsson ■ Anna Hansson ■ Ásta R. Ólafsdóttir ■ Bjarni Sigurbjörnsson
- Finnbogi Helgason ■ Guðlaug Friðriksdóttir ■ Hanna Pálsdóttir ■ Helga Ástvaldsdóttir
- Kristín Tryggvadóttir ■ Ragnheiður Guðmundsdóttir ■ Þorgeir Helgason

Svífa svartir skurðir samanstendur aftur á móti af málverkum sem kennd eru við látæði – gesture – og eru skráning á líkamlegum hreyfingum listamannsins. „Ég er að grafast fyrir um innri gerð mál-

verks og frumþætti þess, virkni flatarins og svífandi sveiflunnar sem sker hann.“

